



Ljóst er að Íslendingar taka öllum hugmyndum um skemmtilega afþreyingu fagnandi á tímum kórónaveirunnar. Talsverður fjöldi fólks lagði leið sína í Smáralind seinnipartinn í gær til þess að horfa á hina klassísku kvikmynd um Jón Odd og Jón Bjarna. Síðar um kvöldið troðfylltist sama bílapan þegar útgáfuhóf Emmsjé Gauta fór þar fram. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þrýst á stærstu leigusalana

Stærstu fataverslunarfyrirtækin segja að frestir á leigugreiðslum séu ekki nóg. Leigusalar þurfi að veita afslátt til að verslanir hafi burði til að anna eftirspurn á ný. Mikill samdráttur og skertur opnunartími.

VIÐSKIPTI Þrjú af stærstu fataverslunarfyrirtækjum landsins telja að fasteignafélögin þurfi að veita verslunum afslátt af leigugreiðslum. Greiðslufrestur sé ekki nóg þegar tekjur verslana eru brot af því sem áður var.

„Tekjuleysið er algjör forsendubrestur. Þegar allt fer aftur af stað er mjög slæmt að vera með tvo eða þrjú uppsafnaða mánuði af leigugreiðslum á herðunum,“ segir Hermann Helgason, framkvæmdastjóri S4S, sem rekur fjölda skóverslana í bæði Smáralind og Kringlunni.

Aðspurður segir Hermann að S4S

Auðvitað væri sanngjarnt að fá niðurfellingu að hluta til þegar opnunartímar verslana eru skertir um allt að 45 prósent.

Svava Johansen, einn eigenda NTC



hafi átt í samskiptum við leigusala sína um að gengið verði lengra til að koma til móts við fyrirtækið. „Við höfum þrýst á að menn vinni saman og sýni því skilning að fyrirtæki eru tekjulaus. Það er forsenda fyrir því að halda lífi í þessu verslunarhúsnæði,“ segir Hermann.

Svava Johansen, einn af eigendum NTC, sem rekur meðal annars Gallerí Sautján og GS Skó, segir að sýna þurfi skilning þegar samdráttur er mikill. „Þetta þarf að dreifast yfir marga mánuði og auðvitað væri sanngjarnt að fá niðurfellingu að hluta til þegar opnunartímar

verslana eru skertir um allt að 45 prósent. Ég veit að leigusalarnir eru skynsamir og munu koma með lausnir um lengri dreifingu“.

Grimur Garðarsson, framkvæmdastjóri Bestseller á Íslandi, sem rekur Vero Moda og Selected ásamt fleiri verslunum, segist ekki sjá annan kost en að gefa afslátt af leigu á meðan ástandið varir.

„Ég hef fundið fyrir því að menn skilja að ef þú ert að selja 20-30 prósent af því sem þú varst að selja áður þá er ekki hægt að ætlast til þess að maður borgi allt upp í topp,“ segir Grímur. – þfh / Markaðurinn

Bach-hátíðin hans Benedikts

MENNING Um hverja páska fer fram stærsta Bach-hátíð heims í borginni Leipzig í Þýskalandi, dánarstað meistarans. Fjölmargir viðburðir voru á dagskrá hátíðarinnar og var þeim öllum frestað nema einum, tónleikum Benedikts Kristjánssonar tenórs á föstudaginn langa.



Benedikt Kristjánsson

Um er að ræða frumraun söngvarans á þessari heimsfrægu hátíð sem núna hvílir óvænt á herðum hans. Benedikt kveðst hlakka mikið til en pressan sé mikil. – bp / Sjá síðu 2


Opið alla páskana!

sjá afgreiðslutíma á kronan.is

Gleðilega páska!

KRÓNAN

Veður



Hæg breytileg átt og víða létt-skýjað í dag, en norðvestan 8-13 m/s og dálítill el norðaustanlands framán af degi. Frost 0 til 6 stig, en hiti 0 til 7 stig syðst. **SJÁ SIÐU 18**



Samkomulag var gert í júlí 2019.

Össur fær leyfi fyrir kaupum

VIÐSKIPTI Bandarísk yfirvöld hafa gefið Össuri leyfi til að kaupa stöð-tækjafyrirtækið College Park Industries en samkomulag um kaup var gert í júlí á síðasta ári. Til að standast skilyrði samkeppnisyfirlalda þurfti að selja framleiðslu af tegund rafolnboga út úr College Park.

Höfuðstöðvar College Park eru í Detroit borg í Bandaríkjunum og þar starfa 140 manns. Árið 2018 seldi fyrirtækið vörur fyrir 22 milljónir dollara, eða rúma þrjú milljarða króna.

» 140 manns starfa hjá College Park sem hefur höfuðstöðvar í Detroit.

Samkvæmt tilkynningu frá Össuri á þeim tíma var tilgangurinn með kaupnum að styrkja fyrirtækið á sviði handastöðtækja og hjá hópum sem eru lítt líkamlega virkir. En einnig að vörumerki College Park yrði áfram haldið og það styrkt bæði á bandarískum og alþjóðlegum mörkuðum.

Nú eru hins vegar aðstæður aðrar en þegar samkomulagið var gert og hefur því verið ákveðið að setja ekki ákveðna dagsetningu á hvenær kaupin ganga endanlega í gegn. Í yfirlýsingu frá Össuri segir að aðilar samningsins hafi ákveðið að vera sveigjanlegir en þetta myndi klárast á næstu þremur mánuðum.

Kaupverðið hefur ekki verið gefið upp en greint var frá því á síðasta ári að kaupin hefðu ekki áhrif á afkomuspá þess árs. – khg

Allir geta á sig blómum bætt



Það var kuldlegt um að litast þegar Danil, starfsmaður Blómatorgsins við hringbraut dundaði sér við að koma fyrir fallægum páskaliljum í forgrunni búðarinnar. Páskarnir eru handan við hornið og búast má við því að Íslendingar haldi sig heima yfir hátíðarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fimm prósent farið í sóttkví

COVID-19 24 einstaklingar greindust með COVID-19 í gær og er það töluvert lægri tala en hefur greint að undanförunu. Skýrist það að einhverju leyti af færri sýnum sem tekin voru, um 1.100 talsins, en hlutfall jákvæðra sýna var einnig lægra en undanfarna daga.

» 24 greindust með COVID-19 í gær sem er lægra en undanfarið.

Samkvæmt Þórólfi Guðnasyni sóttvarnalækni munu tölur næstu daga skera úr um það hvort landið sé að ná toppi faraldursins en miðað við þessar tölur er fleirum að batna en að smitast. Hafa alls fimm prósent þjóðarinnar farið á einhverjum tímupunkti í sóttkví.

Innliggjandi á Landspítalanum eru 35 og 11 þeirra á gjörgæsludeild. Á Akureyri eru fjórir innliggjandi og tveir á gjörgæslu. – khg

Stærsta Bach-hátíðin á herðum Benedikts

Öllum viðburðum á stærstu Bach-hátíð heims í Leipzig hefur verið frestað að undanskildum tónleikum Benedikts Kristjánssonar tenórs. Hann mun syngja Jóhannesarpassíu Bachs í beinni útsendingu sem streymt verður um heiminn.

MENNING Um páskana ár hvert fer fram í Leipzig stærsta Bach-hátíð heims. Unnendur tónsmíða Bachs flykkjast á hátíðina frá öllum heimshornum en eins og með svo margt annað hefur kórónaveirufaraldurinn sett strik í reikninginn.

Öllum viðburðum hátíðarinnar hefur verið frestað nema einum, flutningi tenórsins Benedikts Kristjánssonar á Jóhannesarpassíu Bachs á föstudaginn langa í Tómasarkirkju. Verður tónleikunum streymt um netið auk þess sem þeir verða í beinni útsendingu á þýskum sjónvarps- og útvarpsstöðvum.

Benedikt leggur höfuðáherslu á Bach í list sinni en flutningur verksins átti að vera frumraun hans á þessari risastóru hátíð. Aðstæður eru nú orðnar þannig að Benedikt er í raun hátíðin og mikið er undir. „Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei fundið fyrir jafnmikilli pressu á ferlinum. Það er smá stress í manni,“ segir Benedikt í símaviðtali frá Berlín þar sem hann er búsettur.

Verkið sem Benedikt flytur ásamt samstarfsfólki sínu er vanalega flutt af mun stærri hópi, allt frá tuttugu og upp í eitt hundrað listamönnum. Hann hefur þó útsett verkið þannig að aðeins hann og tveir undirspilarar geta flutt þetta tilkomumikla verk. Hann segist vera vel undirbúinn.

„Við höfum flutt verkið með þessum hætti í tíu skipti, nú síðast í Hallgrímskirkju í byrjun mars,“ segir Benedikt.

Hefur verkið hlotið mikið lof en nýlega hlaut það hin virtu Opus Klassik-verðlaun í flokknum Framsæknir tónleikar.

„Það voru um tuttugu tónleikar á dagskrá hjá mér áður en faraldurinn



Benedikt Kristjánsson, tenór.

» Ég verð að viðurkenna að ég hef aldrei fundið fyrir jafnmikilli pressu á ferlinum.

Benedikt Kristjánsson

höfst en núna standa þessir einir eftir. Þetta er í raun risastór áheyrnarprufa enda má búast við að unnenndur Bachs leggi við hlustir,“ segir Benedikt.

Upphaflega var ráðgert að kórar frá öllum heimshornum, til dæmis Malasíu, Paragvæ og Kanada, myndu taka þátt í hátíðinni. Þegar það reyndist ógjörningur

var brugðið á það ráð að fá kórana til þess að taka þátt í flutningi Benedikts í gegnum netið. „Það er flókin tæknileg útfærsla sem verður spennandi að sjá hvernig tekst til. Það er þó í höndum annarra. Ég kann varla almennilega á tölvuna mína þannig að ég mun einbeita mér að söngnum,“ segir Benedikt.

Það sem gerir tónleikana ekki síður merkilega er að Johann Sebastian sjálfur verður tæknilega viðstaddur þá. Tónskáldið fræga lést í Leipzig árið 1750 og var grafinn í Tómasarkirkju sem einmitt verður vettvangur tónleikanna. „Hann verður í raun eini áheyrandinn í salnum þannig að vonandi veldur maður ekki vonbrigðum,“ segir Benedikt og hlær. – bp

TILBOÐ Í APRÍL ÖLL BRAUÐ Á 500 KR.

- Austurströnd 14
- Hringbraut 35



mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

www.bjornsbakari.is



HÚSASMÍÐJAN

blómaval

Nýtt Húsasmiðjublað er komið út
Skoðaðu blaðið á husa.is



60 blaðsíður
Frábær tilboð

PÁSKATILBOÐ

í Húsasmiðjunni og Blómavali

Sendum samdægurs á höfuðborgarsvæðinu husa.is

Parket og flísar
25% afsláttur

Öll LADY málning
25% afsláttur

Hjólin eru komin



29.990 kr

Reiðhjól 16" King Kong 16".
3901787

Páskaliljur
799 kr í potti



Samsetning á grillum ef verslað er í vefverslun á aðeins 5.000 kr.

25% afsláttur

Broil King
46.490 kr

61.990 kr

Gasgrill Crown 310

9,3kW brennarakerfi úr ryðfriú stáli, grillflötur: 44x44,58 cm, grillgrindur úr steypujárni með postulínshúðaðri efri grind, þrjú brennarar úr ryðfriú stáli, lok úr postulínshúðuðu stáli með hliðum úr steypu áli, hliðarborð og opinn vagn. Yfirbreiðsla seld sér.
3000317

Páskaliljur
10 stk.

999 kr
1.490 kr

33% afsláttur

25% afsláttur

Broil King

52.490 kr

69.990 kr

Gasgrill Crown 320

Þrjú brennara gasgrill, brennarakerfi úr ryðfriú stáli, yfirbreiðsla seld sér
3000315

25% afsláttur

OUTBACK

19.490 kr

25.990 kr

Gasgrill Omega 200

Outback gasgrill, grillflötur: 50x36 cm, yfirbreiðsla seld sér.
3000225

25% afsláttur

GROHE

17.990 kr

23.990 kr

Handlaugartæki

Essence, króm, StarLight áferð auðveldar þrif.
7911061

22% afsláttur

HIKOKI

HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

24.995 kr

31.995 kr

Höggborvél 18V

2 stk., 2,5Ah rafhlöður, hersla 70Nm, 13 mm patróna, hleðslutími 40 mín.
5247084

Minnum á pallareiknirinn á husa.is. Fáðu tilboð hjá sölumanni í síma 525 3000

Pallefnið er komið



Allar pottaplöntur

25% afsláttur

Páskatúlipanar

1.490 kr

Sýpris

1.990 kr

80-100 cm.

Fjöldi Airbnb-íbúða fer mögulega í langtímaleigu eða á söluskrá

VIÐSKIPTI „Staðan er mjög erfið. Það má segja að búíð sé að kippa rekstrargrundvellingnum undan hótélum sem og öðrum ferðþjónustufyrirtækjum meðan ferðatakmörkanir verða í gildi,“ segir Gústaf Steingrímsson, hagfræðingur hjá Landsbankanum.

Alls óvíst er hvenær COVID-19 faraldrinum lýkur og hjólin fara að snúast. „Það er mikil

óvissa og enginn veit neitt,“ segir Gústaf. Aðgerðir stjórnvalda að hvetja landsmenn til að ferðast innanlands í sumar gæti mildað áhrifin. „Íslendingar voru um tíu prósent allra sem gistu á hótélum í fyrra, ef þeir taka við sér mun það milda höggið en samdrátturinn verður alltaf mikill.“

Fjöldi erlendra ferðamanna hér á landi hefur margfaldast síðasta



Gústaf Steingrímsson,
hagfræðingur í
Landsbankanum

áratuginn. Gústaf segir ekkert því til fyrirstöðu að ná þeim fjölda aftur en það gæti tekið tíma. Hreinsun á markaði er óhjákvæmileg.

„Mörg fyrirtæki sem hafa átt í rekstrarerfiðleikum síðustu ár munu hverfa úr rekstri,“ segir Gústaf. Þjónustustigið mun minnka tímabundið. „Það mun leiða til þess að það mun taka tíma fyrir okkur að ná aftur þeim tekjum sem við höfðum af erlendum ferðamönnum fyrir áfallið að öðru óbreyttu.“

Staðan á Airbnb markaðnum er jafnvel verri en hjá hótélum og gisti-

húsum. „Það var miklu meiri fækkun gistinátta erlendra ferðamanna í Airbnb núna í janúar og febrúar en á hótélum. Hlutdeild Airbnb hefur því dregist verulega saman,“ segir Gústaf. „Gera má ráð fyrir að þróunin þrýsti fjölda Airbnb-íbúða í langtímaleigu eða einfaldlega á söluskrá. Það gæti þrýst eitthvað á leigu- og húsnæðisverð til lækkunar. Áhrifin verða þó líklega minniháttar.“ – ab



Ungir hlaupagarpar á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Mega enn þá hlaupa og æfa á Vilhjálmsvelli

EGILSSTADIR Þrátt fyrir samkomubann og hlé á skipulögðum íþróttæfingum geta Héraðsbúar enn liðkað sig og æft á hlaupabrautinni á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum.

» Héraðsbúar geta liðkað sig og æft á hlaupabrautinni.

Að því er fram kemur á vefsíðu Fljótsdalshéraðs hafa verið sett upp skilti við Vilhjálmsvöllinn þar sem fólk er minnt á að fara í einu og öllu eftir þeim tilmælum sem almanna- varnir gefa út. „Sýnum hvert öðru tillitsemi og virðingu, virðum tveggja metra regluna og söfnumst ekki saman í hópum á vellinum,“ segir í tilkynningu. Völlurinn ber nafn Vilhjálms Einarssonar heitins þrístökkvara, silfurverðlaunahafa frá Ólympíuleikum og eins fremsta íþróttamanns þjóðarinnar.

Þá hefur Skógræktin rutt fleiri slóðir um Hallormsstaðarskóg til þess að fólk geti valið um fleiri gönguleiðir. – gar

Fylgja tilmælum yfirvalda og versla snemma fyrir páskana

Verslunarmenn eru sammála um að almenningur virðist fylgja vel tilmælum yfirvalda og versla snemma inn fyrir páskahátíðina. Mikilvægt sé að dreifa álaginu og mikil áhersla er lögð á að létta undir með viðskiptavinum. Viðskiptavinir séu flestir afar jákvæðir og þolinmóðir á þessum einkennilegu tímum.

COVID-19 „Við höfum klárlega séð það að fólk er að fylgja tilmælum yfirvalda um að dreifa álaginu á verslanir um páskana,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, framkvæmdastjóri verslunarsviðs Samkaupa, en Viðir Reynisson, yfirlögregluþjónn hjá Embætti ríkislögreglustjóra, beindi þeim tilmælum til almennings að versla snemma fyrir páskana til að ekki myndist örtröð í verslunum þar sem samkomubann stendur yfir.

Gunnar segir að vel hafi tekist til við að dreifa álaginu þrátt fyrir að veðrið um helgina hafi sett strik í reikninginn. „Það skiptir miklu máli að fólk fari eftir þessum tilmælum því það er mikið álag á verslunum. Við sjáum ekki fram á neina toppa líkt og vanalega er um páska heldur stefnir í að það verði góð og dreifð páskasala.“

Guðmundur Marteinson, framkvæmdastjóri Bónuss, tekur undir orð Gunnars og segir Íslendinga fylgja tilmælum yfirvalda. Þá segir hann ýmsar ráðstafanir hafa verið gerðar í versluninni til að létta undir með fólki. „Við höfum í gegnum tíðina verið sparsöm á opnunartíma miðað við aðra en nú höfum við lengt opnunartímann til þess að mæta álaginu og dreifa því,“ segir Guðmundur.

„Við förum svo sjálf eftir tilmælum yfirvalda og teljum alls staðar inn og svo snýst þetta að miklu leyti um að það myndist ekki flöskuhals á kössunum,“ segir Guðmundur og bætir við að allt sé gert til að hægt sé að afgreiða viðskiptavini á öllum kössum.

„Við förum í það að verja starfsfólki okkar sérstaklega svo það væri hægt og höfum sett upp skil-



Skilrúm hafa verið sett upp milli starfsfólks og viðskiptavina á afgreiðslukössum Bónusverslunarinnar í Skeifunni

rúm á milli afgreiðslufólks og viðskiptavina, það er mikilvægt að halda góðu flæði.“

Guðmundur segir álagið í verslunum Bónuss hafa verið jafnt síðustu daga og að hann sjái ekki fram á örtröð í dag eða um páskana. „Í venjulegu árferði er miðvikudagurinn alltaf stærsti dagurinn fyrir páska en ég held að þetta verði aðeins öðruvísi núna, það er meira að gera alla dagana og fólk virðist vera að nýta sér rýmri opnunartíma,“ segir hann.

Í Krónunni hefur salan einnig dreifst vel á síðastliðna daga og segir Gréta María Grétarsdóttir framkvæmdastjóri segir viðskiptavini vera orðna vel meðvitaða um

Við búumst við því að salan muni halda áfram að dreifast vel.

Gréta María Grétarsdóttir,



framkvæmdastjóri Krónunnar

tveggja metra regluna. „Við verðum með opið alla páskana í stóru búðunum okkar. Við búumst við því að salan muni halda áfram að dreifast vel en það geta komið einhverjir tímar sem það verður smá röð en allir eru svo jákvæðir og þolinmóðir

að við höfum ekki áhyggjur,“ segir Gréta.

Sigurður Reynaldsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir verslunina hafa komið skilaboðum til viðskiptavina að byrja að versla snemma og að nota rúman opnunartíma. „Við reiknum með meiri umferð og erum reiðubúin að grípa inn í og stýra flæði inn í búðirnar okkar,“ segir hann.

„Þetta hefur gengið ótrúlega vel og flæðið hefur verið gott. Þá höfum við líka verið að benda á búðirnar okkar í Kringlu og Smáralind, það er rólegt í verslunarmiðstöðvunum þannig að þá er nóg af bílastæðum og rúmt um alla,“ segir Sigurður. birnadrofn@frettabladid.is

Kortavelta dregst saman um milljarða

VIÐSKIPTI Heildar kortavelta erlenda greiðslukorta í mars dróst saman um 60 prósent á milli árunna 2019 og 2020. Erlend kortavelta í mars á þessu ári nam 6,9 milljörðum á móti 16,5 milljörðum í fyrra. Þetta kemur fram í uppfærðum tölum um erlenda kortaveltu frá Rannsóknasetri verslunarinnar.

Mestur samdráttur í krónum talið var í gistiþjónustu, 58,5 prósent. Í mars í fyrra nam erlend kortavelta í gistiþjónustu 4,33 milljörðum en í ár 799 milljónum. Þá dróst erlend velta í veitingaþjónustu saman um 57,8 prósent og nam í mars á þessu ári 931 milljón króna en á sama tíma í fyrra 2,2 milljörðum.

Erlend kortavelta í verslun dróst saman um 45,3 prósent eða um 1,2 milljarða og nam í mars á þessu ári 1,3 milljörðum. Mestu munar á dagvöruslun sem nam í mars í fyrra 760 milljónum en í sama mánuði á



Færri ferðamannasjálfur eru teknar á Íslandi á tímum kórónaveirunnar.

þessu ári nam hún 449 milljónum króna.

Sé erlend kortavelta hér á landi skoðuð eftir þjóðerni má sjá að mestur samdráttur í krónum talið var í veltu bandarískra ferðamanna sem nam í mars síðastliðnum 1,7 milljörðum króna eða 71,1 pró-

senti þess sem hún nam í mars á síðasta ári. Mest velta var á breskum kortum, 1,8 milljarður, og dróst hún þó saman um 44,3 prósent milli ára.

Velta kínverskra korta var 760 milljónir í mars árið 2019 en í ár 46 milljónir, sem er samdráttur upp á 88 prósent. – bdj



BLÖÐIN

» Á frettabladid.is finnur þú Fréttablaðið í dag og safn eldri blaða undir flípanum Blöðin.

Lestu Fréttablaðið þegar þér hentar á frettabladid.is

[FRÉTTABLAÐIÐ IS](http://frettabladid.is)

Cocoa Puffs

**Algjört
súkkulæði!**





Vara við COVID-svikum í Kentucky.

Svindlarar þykjast skima fyrir COVID-19

BANDARÍKIN Yfirvöld í Kentucky-ríki í Bandaríkjunum vara við svindlurum sem þykjast skima fyrir COVID-19. Um er að ræða tjöld þar sem fólki er boðin sýnataka á 240 dollara, eða rúmar 34 þúsund krónur.

Svindlararnir eru klæddir í hlífðarbúnað og gefa sig út fyrir að vera heilbrigðisstarfsmenn. Auk peninga nota þeir svindlið til að komast yfir persónuupplýsingar.

Það er engin ástæða til að borga 240 dollara fyrir COVID-próf.

David James, forseti borgastjórnar Louieville

„Það er engin ástæða til að borga 240 dollara fyrir COVID-próf,“ sagði David James, forseti borgarstjórnar Louieville, við sjónvarpsstöðina ABC. „Fyrir utan að þeir skipta ekki um hanska milli þess sem þeir taka sýni.“

Í gær voru meira en 378 þúsund staðfest tilfelli COVID-19 samkvæmt tölum Johns Hopkins-háskóla. Þá höfðu 11.830 manns látið lífið. Flest tilfelli eru í New York, um 138 þúsund talsins. Fer tilfellum fjölgandi í öllum ríkjum Bandaríkjanna. – ab



Vardakar er lækni menntaður.

Leo Vardakar í sloppinn á ný

ÍRLAND Leo Vardakar, forsætisráðherra Írlands, tekur sér hlé einn dag í viku frá daglegum störfum til þess að starfa sem læknir. Rúmlega 5 þúsund tilfelli COVID-19 hafa fundist og dauðsföll eru 174.

» Forsætisráðherrann verður ekki sendur í návigi við COVID-19 smitaða sjúklinga.

Vardakar er menntaður læknir og vann um tíma á tveimur spítölum í Dyflinni. En lækni ferillinn þurfti að víkja fyrir stjórnámalunum og lét hann skrá sig af læknafráttum árið 2013, ári áður en hann varð heilbrigðisráðherra fyrir flokk sinn Fine Gael. Nýlega var kallað eftir því að fyrrverandi heilbrigðisstarfsfólk gæfi kost á sér á ný til að takast á við faraldurinn.

Forsætisráðherrann verður ekki sendur í návigi við COVID-19 smitaða sjúklinga heldur mun hann taka þátt í símsvörun heilbrigðisþjónustunnar til að meta hvort innhringjendur geti hugsanlega verið smitaðir. – khg

Skúra tárin í burtu



Fulltrúar heilbrigðisvirkvalda í Ísrael voru vígalegir þegar þeir sóttthreinsuðu Grátmúrinn í Jerúsalem á dögnum. Ekki er vanþörf á enda heim-sækja milljónir gyðinga og ferðamanna vegginn á hverju ári. Um 9.300 smit eru staðfest í Ísrael og skráð dauðsföll eru 65. FRÉTTABLAÐID/EPA-EFE

Ráðgjafi Trump varaði hann við kórónaveirunni í janúar

Donald Trump var varaður við af ráðgjöfum sínum um alvarleika veirunnar strax í janúar. Yfir hundrað þúsund Bandaríkjamenn gætu látið lífið og efnahagsleg áhrif yrðu skelfileg. Forsetinn bregst nú illa við gagnrýni blaðamanna og opinberra starfsmanna á birgðaskort og seinleg vinnubrögð stjórnvalda.

BANDARÍKIN Peter Navarro, einn af helstu ráðgjöfum Donalds Trump Bandaríkjaforseta, varaði hann við strax í janúar að hundruð þúsunda Bandaríkjamanna gætu fallið í valinn vegna veirufaraldursins, sem síðar fékk heitið COVID-19, ef ekkert yrði að gert. Einnig að efnahagur landsins gæti farið verulega úr skorðum. Þetta sýna minnisblöð sem New York Times og Axios hafa undir höndum.

Bandaríkin eru nú miðpunktur faraldursins og hefur Trump verið harðlega gagnrýndur fyrir sein vinnubrögð, að gera lítið úr hættunni og notfæra sér faraldurinn í pólitískum tilgangi gegn Kína, Evrópusambandinu og Demókrataflokknum.

Tæplega 380 þúsund tilfelli hafa greinst í landinu og dauðsföllin orðin hátt í 12 þúsund. Eru Bandaríkin það land þar sem flestir greinast og flestir deyja um þessar myndir. Prófanir voru afar fáar í upphafi og er grunur um að útbreiðslan sé langtum meiri en opinberar tölur segja til um.

Í fyrra minnisblaðinu, frá 29. janúar, kom fram að hálf milljón Bandaríkjamanna gæti dáði. Hið seinna, frá 23. febrúar, sagði að dauðsföllin gætu orðið 1,2 milljónir og að allt að 100 milljónir gætu smitast. Þrátt fyrir þessar sterku aðvaranir tók Trump faraldurinn fælega og bar hann meðal annars saman árstíðabundna influensu. Það var ekki fyrr en á seinni stigum sem púður var sett í prófanir og aðgerðir voru hertar. En þá voru smit komin upp í öllum ríkjum.

Eftir að gagnrýnin á stefnu Trumps, óskhyggju hans og sein vinnubrögð hefur harðnað hefur forsetinn brugðist æ verr við. Á blaðamannafundi á mánudag gerði



Bandaríkjaforseti er úfinn í skapi þessa dagana og bregst illa við allri gagnrýni á störf sín. MYND/EPA

hann lítið úr skýrslu sem unnin var af heilbrigðisráðuneytinu, sem sýndi alvarlegan birgðaskort spítala víðs vegar um Bandaríkin, og sagði hana pólitískt plagg. Á sama fundi færðist hann undan spurningum um vinnubrögð alríkisstjórnarinnar við faraldurinn og brást illa við. „Þið eru óhæf um að spyrja spurninga á jákvæðan hátt,“ sagði hann.

Stjórnmálaskýrandinn Stephen Collinson hjá CNN telur vandann þann að Trump treystir ekki sérfræðingum eða vísindamönnum í neinum málum. Hvort sem um sé að ræða loftslagsbreytingar, alþjóðastjórnmál eða núverandi veiru-

Þið eru óhæf um að spyrja spurninga á jákvæðan hátt.

Donald Trump, Bandaríkjaforseti

faraldur. „Tortryggni á vísindum og sérfræðipokkingu innan stjórnsýslunnar er kjarninn í erfðamengi Trump teymisins,“ segir Collinson. Hafi Steve Bannon, fyrrverandi ráðgjafi Trumps, lýst því sem svo að takmark Trumps væri að leysa upp

stjórnsýslu ríkisins. En einmitt á þessum tímum þurfi bandarískur almenningur, meira en nokkru sinni fyrr, á sérþekkingu vísindamanna að halda.

Á blaðamannafundinum á mánudag bauðst Trump til að hjálpa vini sínum Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, með lyfjagjöf. En Johnson dvelur nú á gjörgæsludeild, alvarlega veikur af COVID-19. Var Trump líklega að vísa til hýdroxíklórókin blöndu sem er nú til prófunar í Bandaríkjunum. Var aðstoðinni hins vegar hafnað af talsmanni forsætisráðherrans.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Meira sælkera

3 spennandi fyllingar



Hagkaups fyllt hátíðalæri

Úrbeinað lambalæri fyllt með góðgæti. 3 tegundir:
Döðlur og gráðaostur - Fíkjur, engifer og kanill - Camembert



Ferskur kalkúnn

Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukefna.



KALKÚNABRINGA MEÐ FYLLINGU

Vá viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við sérframaðla kalkúnabringu með luffengri fyllingu samkvæmt gæðastöðlum Hagkaups. Kalkúnabringan er unnin úr fyrsta flokks hráefni sem tryggir hámarks gæði.

HAGKAUP
MÆLIR
MEÐ

Fylltar íslenskar kalkúnabringur

4 gómsætar fyllingar:

Osta, beikon & trönuberja, döðlu og amerísk.



Vegetarian plus Turkey roll 825 g
3.999 kr/stk



Oumph! Wellington
1.599 kr/stk



Hátíðarrúlla með graskers-,
epla- og sveppafyllingu 454 g
1.699 kr/stk



Hagkaup.is
heim að dyrum

HAGKAUP

Annað tækifæri



Adalheiður
Ámundadóttir

adalheidur@frettabladid.is

Komið er að skuldadögum unga fólksins sem missti vinnuna í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og sá þann kost vænstan að hefja nám og flytja á stúdentagarða. Lánin sem tekin voru til að forða þessari kynslóð frá langtímaatvinnuleysi eru komin á eindaga og rukkanir frá LÍN teknar að hrannast upp í netbönkum.

Það er komið að næstu kynslóð, yngri systur hrunkynslóðarinnar, að flykkjast í háskólana á lánum frá LÍN. Ekkert að því í sjálfu sér. Menntun er besta vörnin gegn langtímaatvinnuleysi.

Það eru vel þekkt kreppuvísindi að ungt fólk er viðkvæmt fyrir hagsveiflum. Atvinnuleysi var mest meðal ungs fólks á eftirhrunsárunum og því var hættara við langtímaatvinnuleysi en öðrum aldurshópum. Þær atvinnugreinar sem nú verða fyrstar til að falla fyrir samkomubanni og röskun á samgöngum til landsins hafa í ofanálag að miklu leyti byggst á vinnuframlagi ungs fólks; skemmtistaðir, veitingahús, hótél og önnur þjónusta. Aðrar atvinnugreinar munu falla í kjölfarið.

Við þurfum að búa okkur undir að atvinnuleysi meðal yngsta aldurshópsins á vinnumarkaði rjúki nú upp úr öllu valdi. Námsmenn munu ekki fá sumarstörf og menntaskólanemar sem setið hafa heima síðan um miðjan síðasta mánuð munu mæla göturnar í sumar, verði ekkert að gert. Fáir þekkja áhrif þess betur en Finnar sem misstu heila kynslóð í örorku eftir kreppu sem þeir gengu í gegnum undir lok síðustu aldar.

Ljóst er að það þarf annað og meira en innspýtingu í vegna- og byggingaframkvæmdir til að koma til móts við ungu konurnar sem hafa borið uppi ferðaþjónustuna. Nema með fylgi hvatning til þeirra um að skella sér í grófuþróf og flytjast á landsbyggðina þar sem umrædd atvinnubótastarfsemi mun að miklu leyti fara fram.

Ólíklegt er einnig að heimild til úttekta á séreignarsparnaði muni nýtast ungu kynslóðinni. Þar er slíkum sparnaði einfaldlega ekki til að dreifa.

Ráðherrar mennta- og félagsmála eru nú þegar farnir að impra á aðkomu LÍN að opinberum aðgerðum í yfirvofandi þrengingum. Menntun er vissulega verðmæt, ekki síst sjálfrar menntunarinnar vegna, bæði fyrir einstaklingana sem hana hafa fengið og fyrir samfélagið allt. Á Íslandi er staðreyndin hins vegar sú að ávinningur einstaklinga af háskólanámi er minni en annars staðar í Evrópu. Þótt laun fari að meðaltali hækkaði með aukinni menntun, verja háskólamenntaðir Íslendingar um það bil heilum mánaðarlaunum á ári í afborganir af námslánum. Þeir njóta því einungis launa ellefu mánuði á ári eins og formaður BHM benti á grein í Fréttablaðinu í september 2018.

Þeim ráðuneytum sem munda nú lúðrana til sóknar og varnar fyrir ungu kynslóðina er þaðum stýrt af þeim stjórnmalaflokki sem leiddi skuldaleiðréttinguna sællar minningar. Þau fá nú annað tækifæri til að meta í verki þær byrðar sem ungu fólk tók á sig eftir hrún og forða Íslendingum frá sambærilegum ógöngum og Finnar lentu í við lok síðustu aldar. Menntum fólk þó okkar, hættum strax að senda námslán í innheimtu og breytum stórum hluta þeirra í styrki. Við græðum öll á því á endanum.



Hættum strax að senda námslán í innheimtu og breytum stórum hluta þeirra í styrki.

FRÍ HEIMSENDING opticalstudio.is




Breyting sem verður við sólarljós eða mikla birtu

ACUVUE
FOR BIRYTH
CONTACT LENSES
OASYS
TRANSIGNS

Optical Studio
Sími 511 5800

Halldór



Frá degi til dags

Illu lesið lið
Að mati Mörtu Guðjónsdóttur borgarfulltrúa er það illa lesinn, fámennur og veruleikafirrtur hópur með ofsóknarbrjálæði sem er ekki sammála henni um að eftirlitsmynda vélar séu allra meina bót. Í Grafarvogsblaðinu dregur hún upp dökka mynd af þessum apaköttum sem hafa augljóslega ekki lesið John Lökk, Jóhannes frá Patmos og J.K. Rowling. Allir heiðvirðir góðborgarar þurfa ekki að hafa áhyggjur af neinu, nema auðvitað ef skilgreiningunni um hvað sé heiðvirður góðborgari sé örlítið breytt og þeir falla undir þá sem þarf að vakta.

Ísköld fjörmjólk
Fólkinu sem hefur áhyggjur af einhverju sem skiptir það engu máli hefur svo sannarlega tekist að sjá til sólar í þessu ástandi. Frumvarp sem heimilar fólki í sóttkvi að fá einn iskaldan sendan heim að dyrum er ekki að slá í gegn hjá þeim sem fá sér bara iskaldan fjörmjólk. Virðist einhvern veginn alltaf gleymast að frumvarpið er ekki ætlað þeim, heldur ekki þeim sem kunna ekki með afengi að fara, heldur þeim sem vilja versla við innlenda aðila og eru til í að bíða í nokkra daga til að sleppa því að fara út í búð.
arib@frettabladid.is

Tímabær túlkun



Kolbrún
Baldursdóttir
borgarfulltrúi
Flokks fólksins

Hinn 3. september 2019 lagði Flokkur fólksins til borgarstjórn að fundir borgarstjórnar yrðu táknmalstúlkaðir. Eins og sjá má á síðustu dögum hefur færst í vöxt að fréttir og ýmsir fundir séu táknmalstúlkaðir enda tíðindi válynd um þessar mundir og margt að gerast sem allir verða að fá upplýsingar um.

Ég vil yta við þessu máli núna þannig að hægt sé að hefja undirbúning. Hér er um mannréttindamál að ræða og með því að táknmalstúlka fundi borgarstjórnar er borgarstjórn að framfylgja lögum. Tillagan er liður í að rjúfa enn frekar einangrun heyrnarskertra og heyrnarlaustra einstaklinga. Íslenska og táknmal heyrnarlaustra eru jafn rétthá.

Í 5. grein laganna um íslenska táknmal sem fyrsta mál heyrnarlaustra, heyrnarskertra og daufblindra segir að notendur íslenska táknmalssins eiga rétt á að upplýsingar sem birtar eru opinberlega og fræðslu- og afþreyingarefni sem ætlað er almennungi verði gert þeim aðgengilegt með textun á íslensku eða túlkun á íslenskt táknmal eftir því sem við á.

Í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmal frá 7. júní 2011, 3 gr., segir að íslenskt táknmal er fyrsta mál þeirra sem þurfa að reida sig á það til tjáningar og samskipta. Íslensk stjórnvöld undirrituðu samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) 2007, fullgiltu hann 2016 en hann mun verða lögfestur eigi síðar en 13. desember 2020. Lögfesting samningsins mun tryggja að fatlað fólk á Íslandi geti byggt rétt sinn á samningnum með beinum hætti. Með því erum við sem þjóð að skuldbinda okkur til að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar. Okkur ber að hlúa að táknmalinu og styðja við það í hvívetna.

Tillögu Flokks fólksins um að táknmalstúlka fundi borgarstjórnar var vísað til forsætisnefndar og þaðan til aðgengis- og samráðsnefndar. Hinn 5. desember var bókað í nefndinni að tillagan verði send hagsmunaaðilum til umsagnar. Ekkert hefur frést frekar af málinu.



Íslenska og táknmal heyrnarlaustra eru jafn rétthá.

Sérfræðingur grípur í tómt



Auður Önnu Magnúsdóttir framkvæmdastjóri Landverndar

Þórður Gunnarsson, sjálfstætt starfandi sérfræðingur á sviði hrávörumarkaða, steig í furðu algengan pytt í grein sem birtist nýlega í Markaðinum, vikulegu viðskiptablaði Fréttablaðsins. Þar fullyrta hann að „ef álverin við Grundartanga og Reyðarfjörð hefðu ekki orðið að raunveruleika, hefðu þau verið byggð annars staðar þar sem rafmagnsframleiðsla til að knýja þau hefði að öllum líkindum mengað miklu meira.“

Nákvæmlega engin gögn styðja þessa fullyrðingu Þórðar. Þvert á móti benda tölur yfir þróun álverós og álframleiðslu í heiminum undanfarin ár eindregið til þess að helsta framlag álvera á Íslandi sé að auka við offramboð áls á heimsvísu og að engin ástæða sé til að ætla að bygging þeirra hér komi í veg fyrir byggingu álvera annars staðar. Þar leikur framlag Kína síðastliðinn áratug stærsta hlutverkið en sá ríkisstyrkti áætlanabúskapur sem þar er stundaður hefur orðið til þess að álverum hefur verið lokað unnvörpum í öðrum löndum.

Bara vöxtur í Kína og á Íslandi
Skodum tölurnar aðeins. Fjarðaál við Reyðarfjörð er langstærsta



álver Íslands með framleiðslugetu upp á allt að 360 þúsund tonnum á ári. Þegar Fjarðaál var opnað 2007 var heildarframleiðsla áls í heiminum 38.132 milljón tonn. Þar af var hlutur álvera í Vestur-Evrópu 4.305 milljón tonn og í Norður Ameríku 4.139 milljón tonn. Hvað hefur gerst síðan? Í fyrra nam álframleiðslan bara í Kína 38.875 milljónum tonna, eða meira en samanlögð heimsframleiðslan 2007.

Frá því ári hefur álframleiðsla dregist saman í Norður-Ameríku, Vestur-Evrópu, Austur- og Mið-Evrópu, Afríku, Suður-Ameríku, Asíu utan Kína og Eyjaálfu. Sem sagt, nánast alls staðar nema á Íslandi og í Kína.

Ál hefur hrunið í verði

Skodum nú verðþróunina á sama tíma, frá 2007 til 2020. Í mars 2007, árið sem Fjarðaál var gangsett, kostaði eitt tonn af áli 2.777 dollara. Nú

er verðið komið niður í 1.697 dollarar. Það er 39 prósent lækkun.

Lágt verð á áli birtist síðan því miður í kæruleysi þegar kemur að endurvinnslu þess, en ál er nánast 100 prósent endurnýtanlegt. Í Bandaríkjunum er til dæmis á hverju þriggja mánaða tímabili urðað svo mikið magn af áli að það myndi duga til þess að endurnýja allan flugflota landsins. Með öðrum orðum, þá væri hægt að endurnýja



Frá því ári hefur álframleiðsla dregist saman í Norður-Ameríku, Vestur-Evrópu, Austur- og Mið-Evrópu, Afríku, Suður-Ameríku, Asíu utan Kína og Eyjaálfu. Sem sagt, nánast alls staðar nema á Íslandi og í Kína.

allan flugflota Bandaríkjanna fjórum sinnum á ári bara með því magni sem er hent þar í landi.

Þetta er bæði grafalvarlegt og dapurlegt eins og sést best á því að það þarf 95 prósent minni orku til að framleiða gosdósir úr endurunnu áli en úr nýju áli.

Stuðlar að meiri losun

Þó að hér séu byggð álver þá hafa margfalt fleiri verið byggð í Kína. Það er því ekkert orsakasambandi á milli þess að bygging álvera hér komi í veg fyrir byggingu þeirra annars staðar. Hvorki Þórður né aðrir sem hafa haldið sama sjónarmiði fram, geta vísað í neitt sem styður slíkan málflutning.

Hinar köldu tölur um framleiðslumagn og verð á áli segja okkur hins vegar afar skýrt að með því að selja álverum ódýra orku er beinlínis verið að stuðla að offramboði og lágu verði á áli og þar með meiri losun gróðurhúsalofttegunda.

Ný upplýsingasiða fyrir börn



Salvör Nordal umboðsmaður barna

inga sem kórónaveirufaraldurinn hefur haft á daglegt líf barna, í skólum, tómstundum og á heimilinu.

Fjölbreyttar upplýsingar

Í þessari viku verður opnuð ný heimasíða umboðsmanns barna. Henni er ætlað að bæta aðgengi barna að embættinu með einfaldari leiðum til að senda fyrirspurnir og nálgast svör við algengum spurningum frá börnum.

Samhliða nýjum vef hefur embættið sett upp sérstaka upplýsingasiðu fyrir börn um kórónaveirufaraldurinn. Á tímum mikillar óvissu og ótta hjá börnum er mikilvægt að tryggja að þau hafi ávallt aðgang að vönduðum upplýsingum. Nú þegar hafa ýmsir sett fram aðgengilegt efni fyrir börn og er mikilvægt að hægt sé að nálgast það allt á einum stað. Hægt er að senda ábendingar



Umboðsmaður barna hefur sett upp sérstaka upplýsingasiðu fyrir börn þar sem finna má svör við algengum spurningum barna um faraldurinn sem nú gengur yfir og hvernig brugðist er við honum.

um efni á vefsíðu embættisins.

Á síðunni er að finna fjölbreytt efni eins og hugmyndir að því hvernig börn og fjölskyldur geta tekist á við þær sérstöku aðstæður sem nú hafa skapast. Hér má nefna upplýsingar tengdar heimanámi, leikjum og því hvað börn og full-

orðnir geta gert saman. Á síðunni er einnig að finna leiðbeiningar til fullorðinna um hvernig eigi að ræða við börn um þessi mál sem og leiðbeiningar til barna um rétt þeirra til stuðnings og upplýsinga.

Frásagnir barna

Í öllu starfi embættis umboðsmanns barna er skýr áhersla lögð á 12. gr. Barnasáttmálans, og unnið að því markmiði að við mótun stefnu og tóku ákvarðana sem varða börn verði ávallt leitað eftir og tekið tillit til sjónarmiða þeirra, enda búa börn yfir einstakri reynslu og þekkingu sem og innsýn í málefni og reynsluheim barna.

Veturinn 2009-2010 stóð umboðsmaður barna fyrir skólaverkefninu „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“. Markmið verkefnisins var að búa til vettvang fyrir börn þar sem þeim

gefst tækifæri til að tjá sig með þeim hætti sem þeim hentar best, um eigin reynslu og skoðanir. Nú blæs embættið öðru sinni til verkefnis þar sem lýst er eftir frásögnum barna af öllu tagi um það hvernig sé að vera barn á tímum kórónaveirunnar hér á landi. Hvaða áhrif hún hefur haft á líf þeirra og hvernig þeim tekst að takast á við þær breytingar sem orðið hafa á öllum þáttum daglegs lífs.

Umboðsmaður barna hefur því í samvinnu við KrakkaRÚV ákveðið að standa fyrir verkefninu „Áhrif kórónaveirunnar á líf barna“ og safna saman alls kyns frásögnum frá börnum um reynslu og líðan á þessum tíma. Þannig verður til mikilvæg samtímaheimild um leiðir barna til að takast á við samfélagsleg áhrif heimsfaraldurs og áður óþekktar aðstæður.

Rubín kaffi - gersemi í amstri dagsins



Bónusegg

ódyrustu eggin í Bónus



598 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 3
170 g



998 kr./stk.

Bónus Páskaegg nr. 4
315 g

1 kg



2.598 kr./stk.

Bónus Risa Páskaegg
1 kg



298 kr./stk.

Kubbakerti
18x7 cm

Tilbúin í ofninn



5.998 kr./kg

ÍN Wellington Nautalund
Innbökuð, frosin



1.398 kr./kg

Bónus Hamborgarhryggur
Nýreyktur, með beini



1.398 kr./kg

KF Lambalæri
Kryddað, uppþitt



1.498 kr./kg

ÍL Lambalæri
Ókryddað, uppþitt



1.598 kr./kg

Holda Kalkúnn
Íslenskur, frosinn

**SAMA
VERÐ
UM LAND ALIÐ**

ÍSLENSKUR

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Lengri opnunartími fyrir páska



Opið í dag
10:00 - 20:00

Miðvikudagur 8. apríl
Skírdagur 9. apríl
Föstudagurinn langi

10:00-20:00
10:00-20:00
LOKAÐ

Laugardagur 11. apríl
Páskadagur
Annar í páskum

10:00-20:00
LOKAÐ
11:00-18:00

Ódýrara að krydda sjálfur



1.398 kr./kg

KS Lambalæri í sneiðum
Ísland, frosið



2.598 kr./kg

KS Lambahryggur 1/2
Lundapartur, frosinn



ÍSLENSKT
Lambakjöt



3.998 kr./kg

KS Lambafillet
Ísland, frosið



2.798 kr./kg

KS Lambaprime
Ísland, frosið

1.198 kr./kg

KS Lambalæri
Ísland, frosið

BÓNUS

**EKKERT
BRUÐL**

Syndir í skúrnum heima í Kópavogi

Þríprautarkonan Guðlaug Edda Hannesdóttir er komin með sundaðstöðu inni í bílskúr. Móðir hennar saknar þess þó að fara inn í heitan bílinn enda tekur laugin allan bílskúrinn. Guðlaug þakkar fyrir að vera á Íslandi á þessum undarlegu tímum.

ÞRÍPRAUT „Það var meira áfall fyrir mömmu því hún elskar að fara inn í heitan bíl á morgnana og nú er billinn geymdur úti. Þeim finnst ég alveg léttklikkuð,“ segir Guðlaug Edda Hannesdóttir ein fremsta þríprautarkona landsins, en hún hefur komið sér upp sundaðstöðu í bílskúrnum heima hjá sér með átta þúsund króna uppblásinni sundlaug úr Costco.


Guðlaug Edda er nú komin í faðm fjölskyldu sinnar eftir að hafa verið erlendis mest megnis undanfarin fjögur ár. Hún fékk engin laun fyrir marsmánuð og fer sparlega með peningana. Hún getur ekki keypt hlaupaúr í staðinn fyrir það gamla sem eyðilagðist. „Það er mikil óvissa hjá mér. Ég persónulega er ekki búin að fá upplýsingar um afreksstyrkinn eða hvort Ólympíuleikastyrkjunum verði haldið áfram. Það hefur ekki verið mikið af tækifærum til að fá styrktaraðila á Íslandi, þannig að ég hef ekki verið mikið styrkt þannig. Mínar helstu tekjur hafa komið úr keppnum þar sem ég næ góðum árangri þar sem eru peningaverðlaun í boði. Núna eru engar keppnir þannig það er enginn möguleiki á að fá þá peninga.

Ég er bara að spara eins mikið og ég mögulega get. Þannig að á næsta ári geti ég pottþétt komist í keppnir og tryggi mér sæti á leikunum. Sem dæmi eyðilagðist hlaupaúrið mitt og að kaupa nýtt er mjög dýrt. Ég tók þá ákvörðun að vera ekki að kaupa nýtt heldur hlaupa án þess því ég er að reyna að spara fyrir næsta ár. Það hefur ekki verið létt.“


Í þrípraut er keppt í sundi, hlaupi og hjólræðum. Guðlaug hefur verið búsett erlendis undanfarin fjögur ár þar sem hún hefur getað komist út að hlaupa og hjóla nánast alla daga ársins. Frá því hún kom til Íslands hefur veðrið ekki verið upp á marga fiska svo hún nýtir tæknina til hins ítrasta. Hjólar á svokölluðum trainer og hleypur úti þegar veður leyfir. „Ég er von að gera styrktaræfingar í ræktinni sem ég get ekki gert núna en ég geri mitt besta í að reyna. Þá nota ég alls konar tæki og tól hér heima til að líkja eftir æfingum í ræktinni. Það er rauði þráðurinn að vera hugmyndaríkur og finna einhverjar leiðir til að gera það besta í þessum aðstæðum. Við getum ekki breytt en við getum aðlagast.“

Hún segir að þegar ferðabanni og öðrum tálum vegna COVID-19 verði aflétt þurfi hún að vera tilbúin til að fara og keppa en það er ekkert grín að synda nokkra kílómetra, hjóla til Selfoss og til baka og hlaupa svo maraþon án þess að stoppa. „Ég er ekkert að gefast upp. Þetta er vinnan mín. Ég geri þá kröfu á sjálfa mig að finna leiðir því það getur verið keppt á ný kannski mánuði eftir að ferðabanninu er aflétt. Ég verð að vera undirbúin undir þann veruleika, allavega eins tilbúin og ég get verið þegar allt fer í gang aftur.“

Hún viðurkennir að það sé gott að vera heima í faðmi fjölskyldu og vina þó það sé í þessum aðstæðum. „Það var ekkert annað sem kom til greina en að koma aftur heim. Hér er ég með mitt stuðningsnet og er í heilbrigðiskerfinu. Það hjálpar alveg. Margir íþróttamenn þurftu að fara frá þessu keppnishugarfari, þar sem hver æfing er byggð upp þannig að maður nái sem mestu út



Sundlaugin góða kostaði átta þúsund krónur í Costco og er um 75 sentimetra djúp og um þriggja metra löng. Guðlaug bindur sig svo með venjulegu beltum um sig miðja og setur teygjur í bílskúrshurðina. „Þannig get ég synt á staðnum – eins ótrúlega og það hljómar,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



„Þetta er ekki að koma í staðinn fyrir sundlaug en þetta er leið til að halda sundvöðvum í hreyfingu og hafa tilfinningu fyrir vatninu,“ segir Guðlaug.

●● Það var meira áfall fyrir mömmu því hún elskar að fara inn í heitan bíl á morgnana og nú er billinn geymdur úti. Þeim finnst ég alveg léttklikkuð.

úr henni, yfir í sveigjanlegt hugarfar. Að hugsa um að aðlagast. Í heiminum í dag eru stærra vandamál sem þarf að glíma við en afreksíþróttir.“

Það þarf ekki að tala lengi við Guðlaugu til að átta sig á því að hún er gríðarlega sterk andlega enda segist hún vinna vel í hausnum á sér. „Þegar leikunum var frestað tók ég einn dag þar sem ég þurfti að taka þetta allt inn og fara yfir breyttingarnar því árið var í raun farið. Þannig að ég tók dag og settist niður og fékk að vera súr yfir þessu en skrúfaði svo hausinn aftur á og sætti mig við það sem er og reyndi að finna þessar lausnir.

Ég fékk heilahristing fyrir tveimur árum og lenti í eftirköstum og gat litíð æft og þurfti að setja mér



Guðlaug gat eðlilega ekkert synt í samkomubanninu þannig að hún gerði svokallaðar dry land æfingar. Henni hugkvæmdist þá betri lausn.

●● Ég er ekkert að gefast upp. Þetta er vinnan mín. Ég geri þá kröfu á sjálfa mig að finna leiðir því það getur verið keppt á ný kannski mánuði eftir að ferðabanninu er aflétt.

ný markmið. Ég hef alltaf verið sterk líkamlega en mig vantaði að bæta andlegan styrk. Þegar maður er kominn svona nálægt toppnum

þar sem sæti á Ólympíuleikunum og verðlaunasæti á stórum mótum eru í boði þá eru allir í sambærilega góðu formi. Það sem oft skiptir mestu máli þá er andlegi styrkurinn. Að trúa á sjálfan sig og kunna að vera í núinu og hvað maður eigi að gera og hvenær. Það getur skipt meira máli en líkamlegt form. Ætli þetta sé ekki bara hluti af því að vilja vera betri íþróttakona. Ég hef verið að vinna að sjálfsögðu með þjálfara en líka íþróttasálfræðingi og ég mæli með því fyrir alla sem vilja ná langt í íþróttum.“ benediktboas@frettabladid.is



MJÁ SAMLEGT PÁSKAEGG



TATTÚLIMMIÐI
FYLGIÐ

JAFNVEL BETRA
EN LASAGNA!



ALLT FYRIR PÁSKANA Í NÆSTU NETTÓ!

Nautalund
Danish Crown

2.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG

-40%



Hamborgarhryggur
Kjötsel

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.598 KR/KG



Bayonne skinka
Kjötsel

1.199 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG



Fyllt kalkúnabringa
Ísfugl

3.149 KR/KG
ÁÐUR: 4.499 KR/KG



Þykkar lambakótleitur
Kjötsel - marineraðar

1.679 KR/KG
ÁÐUR: 2.799 KR/KG



Wellington
Nautalund

5.999 KR/KG
ÁÐUR: 9.998 KR/KG



Marineraðar
kjúklingabringur
Ísfugl

1.938 KR/KG
ÁÐUR: 2.769 KR/KG



Andabringur
Erlendar - á beini

2.399 KR/KG
ÁÐUR: 2.999 KR/KG




Heill kalkúnn

1.199 KR/KG



Humar
1 kg - skelbrot


2.859 KR/KG
ÁÐUR: 4.399 KR/KG



VERSLAÐU Á NETINU
www.netto.is

Tilboðin gilda 8. - 13. apríl

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



Páskablað Nettó

Gerðu góð kaup fyrir páskana

- Páskasteikin
- Úrval af páskaeggjum
- Frábær tilboð



TILBOÐIN GILDA: 2. - 13. APRÍL 2020
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndvæðing. Vörurval getur verið breytilegt á milli verslana.
nettó
Lagga vörð - lítill innkaup

PÁSKABLAÐ NETTÓ ER KOMIÐ ÚT!

SKOÐAÐU TILBOÐIN Á NETTO.IS OG GERÐU INNKAUPIN Á NETINU!

Frábært úrval af páskaeggjum



TÍMAMÓT

Merkisatburðir

1571 Guðbrandur Þorláksson er vígður biskup á Hólum, 29 ára gamall.

1703 Manntal er tekið á Íslandi um þetta leyti. Það er fyrsta manntal heims sem nær til heillar þjóðar.

1838 Áætlunarsiglingar með gufuskipum hefjast milli Bristol og New York.

1898 Kristján konungur IX. er áttæður og er af því tilefni haldin stórveisla í Reykjavík.

1957 49 punda stórlax veiðist í þorskanet við Grimsey.

1989 Bónus opnar fyrstu verslun sína við Skútuvog í Reykjavík. Eigandi er Jóhannes Jónsson.

1999 Bill Gates verður ríkasti einstaklingur heims vegna mikilla hækkana á hlutabréfum í Microsoft.

Ætlar að kenna þjóðinni að ferðast innanlands

Leikarinn góðkunnir, Guðjón Davíð Karlsson, fagnar fertugasfæmi í dag í faðmi sinnar litlu fjölskyldu og fær örugglega köku. Hann er í fæðingarorlofi og milli þess sem hann skiptir um bleiur dundar hann við að koma ferðafagmanninum Antoni út á alnetið.

Maður getur víst ekki sagt. „Heyrðu, ég er svolítið upptekinn.“ Það mundi enginn trúna því, segir leikarinn Guðjón Davíð Karlsson - vel þekktur sem Gói. Hann er fertugur í dag og getur sem sagt ekki borið fyrir sig annriki í vinnunni þegar hann er beðinn um afmælisviðtal, því leikisýningar liggja niðri.

„Það sem gerir þetta sérstakt er að ég ákvað að nýta mér rétt til fæðingarorlofs í fyrsta skipti. Ég á fimm mánaða strákur, Ara, sem er fæddur í lok október. Ég valdi að taka fæðingarorlof í mars, apríl og maí – og þá var bara ákveðið að loka öllum leikhúsum á landinu. Fyrst hugsaði ég náttúrlega: vá, er ég svona mikilvægur og ómissandi?! Þannig að ég hefði ekki verið að gera neitt annað en vera heima, þó þessi hræðilegi faraldur hefði ekki gengið yfir. Sýningar sem ég hafði tekið þátt í á þessu leikári höfðu runnið sitt skeið og ég kláraði að leikstýra Útsendingu rétt áður en ég fór í orlofið, sú sýning átti að halda áfram en þá kom þetta samkomubann.“

Var ungur og vitlaus

Börn Góa og konu hans, Ingibjargar Ýrar Óskarsdóttur, eru þrjú, tveir drengir og ein stúlka. „Eldri krakkarnir taka þátt í fæðingarorlofinu líka og eru heima, við fáum að fylgjast með öllum framförum Ara litla í sameiningu, það er bara dásamlegt. Ég ákvað að gefa frá mér hin tvö fæðingarorlofin en nú get ég ekki mælt nógu mikið með því að nýta þennan rétt. Maður var bara ungur og vitlaus,“ segir hann og tekur vel gríni blaðamanns um að hann muni ávallt taka fæðingarorlof héðan í frá. „Já, þetta verður örugglega bara árlegt hjá mér,“ segir hann hlæjandi.

Þótt Gói sé í fæðingarorlofi og einangrun er hann ekki alveg laus við menningarstúss. Auk þess að sinna uppeldi býr hann til ævintýri í tölvunni um vin sinn Anton. „Það er karakter sem ég bjó til í fyrra í algeru gríni,“ útskýrir hann. „Vinur minn Anton er ferðamaður og ég var með hann í lokudum Snapchat-hópi í fyrra. Nú er hann aðeins búinn að sækja í sig veðrið og er kominn bæði á youtube og facebook síðu - Ferðast með Antoni. Ég er að dæla inn myndböndum af honum því hann vill kenna þjóðinni að ferðast innanlands í sumar. Það er algerlega í takt við það sem stjórnmöld eru að boða, þau hafa ábyggilega ráð-



Gói er að hugsa um að taka fæðingarorlof árlega! FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Er feginn að hafa ekki látið verða af neinum undirbúningi, þá væri ég örugglega þínu svekktur.

fært sig við Anton því hann er ferðafag- maður. - Þetta er svona það sem ég er að dunda mér við milli þess sem ég skipti um bleiur.“

Aldrei haldið upp á afmælið

Gói á fastlega von á að bökuð verði kaka handa honum í dag, ef hveitið er

ekki uppselt í landinu. „Annars geri ég það bara sjálfur, ég er svo sem ekkert of góður til þess,“ segir hann léttur og kveðst feginn að hafa ekki verið búinn að skipuleggja stórt teiti. Það hafi þó verið á teikniborðinu á tímabili. „Ég hef aldrei haldið upp á afmælið mitt en hugsaði alltaf: Ég held gott party þegar ég verð fertugur. Svo ýtti ég því á undan mér og er feginn að hafa ekki látið verða af neinum undirbúningi, þá væri ég örugglega þínu svekktur. Foreldrar okkar og aðrir sem eru utan heimilis halda sig í hæfilegri fjarlægð, enda hlítum við að sjálfsögðu öll fyrir mælum almannavarna. Þetta verður bara fimm manna afmæli og það er sko ekkert til að kvarta undan. Heilsan er númer eitt.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðríður Jónsdóttir

Garðatorgi 17, Garðabæ,

lést á pálmásunnudag, 5. apríl sl. á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði.

Erling Ásgeirsson
Anna Ásgeirsdóttir
Ingibjörg Edda Ásgeirsdóttir
Ásgeir Ásgeirsson
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.

Erla Þorlákssdóttir

Hallgrímur Jónasson
Unnur Steinsson



Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir, sambýlismaður og afi,

Jóhann Þórður Guðmundsson

húsasmiðameistari,
Brekkgötu 1, 210 Garðabæ,

lést sunnudaginn 5. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Vegna aðstæðna verður jarðarförin auglýst síðar. Sérstakar þakkir færur við starfsfólki líknardeildarinnar fyrir hlýju og góða umönnun.

Sigurður Jóhannsson
Guðmundur Jóhannsson
Ólöf Dómhildur Jóhannsdóttir
Þórunn Ólafsdóttir

Hildur Sigurjónsdóttir
Unnur Ósk Björgvinsdóttir

og barnabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Elin Sæmundsdóttir

Löngulínu 12, Garðabæ,

lést á heimili sínu 3. apríl. Útför fer fram í kyrrþey, en minningarathöfn verður auglýst síðar.

Sædis Pálsdóttir
Gerður Pálsdóttir
Agla Ástbjörnsdóttir
Marta Maria Ástbjörnsdóttir

Ástbjörn Egilsson

Arnar F. Sigurþórsson
Hafþór Júlíusson
Haraldur Örn Jónsson
Þórður Þórarinnsson

barnabörn og barnabarnabörn.



Kær móðir okkar og sambýliskona,

Jóna Kjartansdóttir

Akureyri,

lést laugardaginn 28. mars. Kistulagning og bálför hafa farið fram. Útför fer fram síðar þegar aðstæður í þjóðfélaginu leyfa.

Pétur Stefánsson
Emil Helgi Pétursson
Sigurrós Pétursdóttir
Sigurður Örn Bergsson
Hólmfríður Jóhanna Steinþórsdóttir
Lilja Steinþórsdóttir
Steinþór Steinþórsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Arndís Lilja Nielsdóttir

Boðahlein 10, Garðabæ,

lést á líknardeild LSH í Kópavogi aðfaranótt 3. apríl sl.

Útför fer fram 21. apríl kl. 13.00.

Vegna aðstæðna í samfélaginu verður streymt frá athöfninni og hægt er að hafa samband við aðstandendur og fá aðgang að henni. Stefnt er að minningarstund síðar þegar aðstæður leyfa.

Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir
Guðrún Ásgeirsdóttir
Lilja Petra Ásgeirsdóttir
Guðlaug Ásgeirsdóttir
Niels Árni Ásgeirsson

Guðni Gíslason
Guðmundur Tómasson
Erlendur M. Magnússon
Eiríkur Arnarson
Denice Baker

barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Eli Bæring Einarsson

fyrirverandi sjómaður og hringerningamaður,

lést á Hrafnistu þann

23. mars síðastliðinn.

Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu fór útförin fram í kyrrþey.

Guðbjörn Lárus Elíson

Amanda Ingibjörg

Páll Rúnar Elíson
Elín Elísdóttir
Sólrun Elísdóttir
Guðrún Erna Ingimundardóttir
Svanur Elíson
Einar Bæring Elíson

Einarsdóttir
Yvonne Elíson
Axel Ólafsson
Einar Guðlaugsson
Gunnar Erik Guðsrud
Agnes Gunnarsdóttir
Sæunn Sævarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

HEIMILI

MIDVIKUDAGUR 8. APRÍL 2020

Heimili



Payal Kaushal og Bjarni Felix hafa komið sér vel fyrir á Seljaveginum þar sem sambúð þeirra hófst fyrir níu mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eru hormónarnir
að stríða þér ?



Fæst í apótekum, heilsubúðum
og heilsuhillum verslana.

Veggteppi, lestalíkön og góðir straumar

Payal Kaushal og Bjarni Felix Bjarnason una sér vel í huggulegri íbúð við Seljaveg. Þau féllu samstundis fyrir íbúðinni og lýsa andrúmslofti heimilisins sem björtu og skemmtilegu. Þá er undurfallett útsýnið ekki af verri endanum. ➔2



Payal hefur undanfarið prófað sig áfram í kerta- og ilmgerð ásamt því að kynna sér búddisma.



Heimili Payal og Bjarna er einstaklega litríkt og notalegt.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsiðu ➔

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserne@frettabladid.is



Payal, sem kemur frá Manchester, er mikið náttúrubarn. „Ég elska að fara í langa göngutúra og verja tíma í náttúrunni. Ég er búin að vera að búa til kerti og ilm í kjallaranum okkar ásamt vini. Við gerðum einn úr grenitré í garðinum. Ég hef líka prófað mig áfram í að búa til kerti, varasalva og líkamsskrúbb úr kaffikorginum frá kaffihúsinu Bismút. Ég legg stund á búddisma um þessar mundir.“

Bjarni er á heimaslóðum en hann er fæddur og uppalinn í Vesturbæ. „Ég er kvikmyndatökumaður, elska að verja tíma í eldhúsinu og leika mér með lestalíkön.“

Birta og mótvindur

Íbúðin markaði upphaf sambúðar þeirra Payal og Bjarna. „Við fluttum hingað fyrir níu mánuðum síðan. Eftir að við tókum ákvörðun um að búa saman förum við að líta í kringum okkur og heyrðum að þessi íbúð væri að losna. Við drifum okkur í að skoða hana og féllum strax fyrir henni.“

Gatan hafði löngum heillað. „Við höfum bæði verið hrifin af Seljavegi í þó nokkurn tíma og höfðum góða tilfinningu fyrir



Bjarni er mikill áhugamaður um lestalíkön. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Heimilið iðar af bæði list og lífi.



Birtan flæðir inn um gluggana.



Stofan skartar meðal annars bókum, plöntum og listaverkum.



Andrúmsloft heimilisins er hlýlegt.

því að bjóða fram vinnu í skiptum fyrir listaverk og hef þannig sankað að mér verkum frá listamönnum sem ég kann að meta.“ segir Bjarni. „Ég er fylgjandi því að styðja við listamenn þegar þeir þarfnast þess helst – á meðan þeir eru á lífi. Ég ákvað fyrir nokkrum árum að láta verk fylgja orði í stað þess að hrósa þeim bara.“ segir Payal.

Hver er þeirra uppáhaldsstaður á heimilinu?

„Sófinn undir glugganum er mitt yfirráðasvæði.“ svarar Bjarni. „Ég elska að sitja við borðið og horfa út í garð.“ segir Payal.

Veggteppi og lestalíkön

Payal segir þau ekki geta valið einhvern einn uppáhaldshlut en nefnir þó einn sem á sérstakan stað í hjarta þeirra. „Þeir eru of margir til þess að velja einhvern einn en við elskum veggteppið fyrir ofan rúmið okkar. Ég keypti það í Wisconsin í Taliesin, vinnustofu Frank Lloyd Wright. Það er úr verki hans Saguro Forms and Cactus Flowers frá árinu 1926. Bjarni smíðaði festinguna fyrir veggteppið úr tveimur bútum af ligmun-víði en það er einn sterkasti víður veraldar.“

Safnið þið einhverju?

„Ég safna lestalíkönum, myndavélum og linsum.“ svarar Bjarni.

„Og ég dóti sem ég finn í fjörunni. Við hrifumst bæði af furðuhlutum sem við finnum á flóamörkuðum hérna heima og á ferðalögum. Ein af uppáhaldsbúðunum okkar er Hertext.“ svarar Payal.

Hvað veitir ykkur innblástur?

„Falleg birta, sögur, sannar og skáldaðar, rammur mynda og lita.“

íbúðinni. Öðrum megin er garður með fallegu tré og sjó og hinum megin er Snæfellsjökull. Stórir gluggar með mikilli birtu og frábær mótvindur.“

Húsið sem þau búa í er nærri aldargamalt. „Það var byggt árið 1929, og raunar öll gatan, höldum við. Flestar íbúðirnar hérna eru keimlíkar.“

Payal og Bjarni hafa ekki staðið í miklum framkvæmdum en hafa aðeins breytt og bætt við í eldhúsinu. „Við erum bæði mjög hrifin af því að elda og prófa okkur áfram í eldhúsinu svo að ég smíðaði auka-geymslu fyrir öll kryddin okkar – við gætum opnað verslun – og aukaeldhúsbekk sem hægt er að sitja við og njóta notalegrar mál-tíðar.“ segir Bjarni.

„Það eina sem er á dagskrá er að setja upp skjávarpa og

rafdrifið skjávarpatjald innfellt í loftið á dyragættinni á milli svefnherbergisins og stofunnar. Það yrði nægilega stórt svo hægt væri að horfa á kvikmyndir úr báðum herbergjum. Við elskum bæði að horfa á kvikmyndir og heimildamyndir.“ svara þau spurð að því hvað sé efst á óskalistanum.

Notalegt og glaðlegt

Hvernig mynduð þið lýsa andrúmsloftinu á heimilinu?

„Huggulegt, bjart, skemmtilegt og góðir straumar. Við tókum okkur ekki of hátiðlega á meðan við skreyttum og fannst ekki að þetta þyrfti endilega að endurspegla allar hlíðar persónuleika okkar. Við vildum bara að það væri notalegt og glaðlegt.“

Listin sem þrýðir heimilið kemur úr ýmsum áttum. „Ég er hrifin af



NÝJAR VÖRUR Í HVERRI VIKU

LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verslunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Hjördís Erna Þorgeirsdóttir | hjordiserne@frettabladid.is, s. 550 5767 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 57686 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 8. apríl 2020

14. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

**MICHELSEN
1909**

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

LSR keypti meira en aðrir til samans

Fjárfesti í skráðum félögum fyrir 5,8 milljarða króna í mars á meðan aðrir sjóðir keyptu fyrir samanlagt 4,7 milljarða.

2

Þrýsta á fasteignarisa að slá af leigu Stærstu fataverslunarfyrtæki landsins segja að fasteignafélögin þurfi að gefa afslátt af leigu. Greiðslufrestur dugi skammt.

4

Breytt viðhorf í ríkisrekstrinum Unnið er að því að stórefla fjármálastjórn Hafrannsóknastofnunar. Nýr fjármálastjóri segir viðhorfsbreytingu eiga sér stað.

6

Sveigjanleiki skiptir sköpum „Aðild að ESB er ekki forsenda fyrir góðum rekstri, sjálfbærni í fyrirtækjarekstri og vexti,“ segir Guðlaug Kristinsdóttir, frambjóðandi til formanns SI.

12

Barist við vindmyllur „Frysting verðtryggðra lána hljómar eins og einföld aðgerð en hún er mun flóknari í raunveruleikanum,“ segir Ásdís Kristjánsdóttir, hagfræðingur SA.

14



Þrátt fyrir lokanir á landamærum mega trukkar og lestir ferðast með vörur á milli landa.

Leyfa flutninga milli landa

Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri Eimskips, segir að það sé rik áhersla allra landa, þar sem komið hefur verið á samkomu- eða útgöngubanni vegna kórónaveirunnar, að halda flutningakerfinu gangandi. Hann segir að útflutningur frá Íslandi muni taka fyrir við sér en innflutningur. »8-9



FRÉTTABLAÐID/ERNIR

FRÍ HEIMSENDING

Pantið linsur á heimasíðu
Opticalstudio.is
eða í síma 511 5800

Optical Studio

Acuvue Moist, 3 pk.	kr. 8.000
Acuvue Oasys, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies Total, 3 pk.	kr. 10.250
Dailies AquaComfort Plus, 3 pk.	kr. 7.250
Acuvue Vita, mánaðar, 2 pk.	kr. 6.150
Acuvue Oasys, 2. vikna, 2 pk.	kr. 4.950
Acuvue, sem dökkna í sól, 1 pk.	kr. 5.900

Keypti meira en aðrir sjóðir til samans

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir nærri 5,8 milljarða króna í mars á meðan aðrir lífeyrissjóðir fjárfestu fyrir samanlagt 4,7 milljarða króna. LSR keypti í þrettán félögum í mánuðinum. Gildi fjárfesti aðeins í einu félagi.

Kaup Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, stærsta lífeyrissjóðs landsins, á hlutabréfum í skráðum innlendum félögum námu hærri fjárhæð en samanlögð innlend hlutabréfakaup annarra lífeyrissjóða landsins í síðasta mánuði. Þetta leiðir athugun Markaðarins í ljós.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fjárfesti þannig í hlutabréfum skráðra félaga hér á landi fyrir nærri 5,8 milljarða króna í mars en til samanburðar nam fjárfesting tíu annarra lífeyrissjóða á sama tíma samanlagt líðlega 4,7 milljörðum króna.

Þar af keypti Lífeyrissjóður verslunarmanna, næststærsti lífeyrissjóður landsins, innlend hlutabréf fyrir um 2,3 milljarða króna í mánuðinum, samkvæmt athugun Markaðarins sem byggist á flöggunartilkynningum og listum yfir tuttugu stærstu hluthafa í skráðum félögum.

Tekið skal fram að athugunin nær ekki til eignarhalds lífeyrissjóðanna í Marel, stærsta skráða félagi landsins, en almennt hafa sjóðirnir verið að minnka við sig í félaginu á undanförunum mánuðum.

Úrvalsvísitala Kauphallarinnar lækkaði um 9,6 prósent í marsmánuði en hún hefur ekki lækkað eins mikið á einum mánuði í ellefu ár eða frá því í mars árið 2009.

Haft var eftir Hörpu Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, í Markaðinum í lok síðasta mánaðar að sjóðurinn gripi „þau tækifæri sem gefast með langtímahagsmunum að leiðarljósi“.

„Við höfum verið að taka til okkar það sem við höfum metið sem góðar fjárfestingar og höfum trú á að dýfan verði ekki það langvarandi,“ sagði hún.

Lífeyrissjóðurinn hefur verið virkasti fjárfestirinn á hlutabréfamarkaðinum frá því að markaðurinn tók dýfu í seinni hluta febrúar vegna útbreiðslu kórónaveirunnar



Harpa Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, sem hefur verið virkasti fjárfestirinn á hlutabréfamarkaði síðustu vikur. Sjóðurinn bætti við hlut sinn í þrettán félögum í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

/// Hlutabréfakaup lífeyrissjóða í mars í milljörðum króna

LSR	5,8	Birta	0,4	Lífsværk	0,1
LIVE	2,3	Stapi	0,4	Brú	0
Gildi	0,9	Almennir	0,1	SL	0
Fjálsí	0,6	Festa	0,1		

og hefur síðan þá bætt við sig í nær öllum félögum sem hann fer með hlut í.

Stærstu kaup sjóðsins í mánuðinum voru í Regin þar sem sjóðurinn bætti við sig um 5,2 prósent hlut fyrir meira en 1,6 milljarða króna, sé miðað við meðalgengi hlutabréfa í fasteignafélaginu í mánuðinum. Jafnframt bætti lífeyrissjóðurinn verulega við hlut sinn, fyrir um fimm hundruð til eitt þúsund milljónir króna, í Arion banka, Festi, Kviku og Sjóvá.

Lífeyrissjóður verslunarmanna hefur verið næst umsvifamesti líf-

eyrissjóðurinn á innlendum hlutabréfamarkaði undanfarnar vikur, eins og áður sagði, en stærstu kaup sjóðsins í mars voru í Arion banka og Sjóvá þar sem fjárfest var fyrir meira en 500 milljónir króna.

Alls bætti lífeyrissjóðurinn við sig í níu skráðum félögum í mánuðinum á meðan Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins fjárfesti í þrettán félögum.

Gildi lífeyrissjóður fjárfesti í einu skráðu félagi í mars, VÍS, en sjóðurinn keypti fimm prósent hlut í tryggingafélaginu fyrir um 850 milljónir króna þegar Miton

Group seldi níu prósent hlut sinn í félaginu um miðjan mánuðinn.

Frjálsí lífeyrissjóðurinn var, auk fleiri lífeyrissjóða, á meðal kaupenda að hlut bresku eignastýringarinnar en sjóðurinn keypti um 2,6 prósent hlut í VÍS og varð þannig næststærsti einstaki hluthafi tryggingafélagsins á eftir Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins.

Alls fjárfesti Frjálsí lífeyrissjóðurinn í innlendum hlutabréfum fyrir meira en sex hundruð milljónir króna í mars, samkvæmt athugun Markaðarins, og munar þar mestu um ádurnefnda fjárfestingu í VÍS.

Lífeyrissjóðirnir Birta og Stapi bættu lítillega við sig í nokkrum félögum í mánuðinum en þannig fjárfesti fyrrnefndi sjóðurinn í um tíu félögum og sá síðarnefndi í fimm félögum. Námu fjárfestingar hvors sjóðs um sig nærri fjögur hundruð milljónir króna.

11

milljarðar króna voru samanlögð kaup lífeyrissjóða á hlutabréfum héraðs félaga í mars.

Aðrir lífeyrissjóðir, til að mynda Almenni, Festa og Lífsverk, létu minna til sín taka í mánuðinum og þá bættu SL lífeyrissjóður og Brú, lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga, ekki við hlut sinn í neinum félögum, ef marka má lista yfir tuttugu stærstu hluthafa skráðra félaga.

Nokkurs þirringur hefur gætt á meðal sumra viðmælenda Markaðarins á fjármálaarkaði sem vildu að lífeyrissjóðirnir létu meira til sín taka í þeirri lækunarhrinu sem stóð yfir í febrúar og mars. Margir þeirra hefðu lítið gert til þess að viðhalda veltu á daufum markaðinum.

Aðrir viðmælendur benda þó á að eðlilegt sé að sjóðirnir vilji bíða og sjá ef þeir hafi væntingar um að botninum sé ekki enn náð.

„Ég vil ekki að lífeyrissjóðirnir verði björgunarsveitir fyrir einka-fjárfesta sem tóku of mikla áhættu og fóru illa út úr framvirkum samningum,“ sagði einn.

Væntingar eru um að innlendar fjárfestingar lífeyrissjóðanna, þar á meðal í skráðum félögum, muni aukast á næstu mánuðum í ljósi minni fjárfestinga sjóðanna á erlendri grundu.

Þannig hafa Landssamtök lífeyrissjóða hvatt lífeyrissjóði til að halda að sér höndum í gjaldeyriskaupum á næstu mánuðum til að bregðast við samdrætti í útflutningstekjum landsins. Brýnt sé að sjóðirnir „leggja sitt af mörkum við að styðja við íslenskt samfélag og stuðla þannig að stöðugleika þegar gefur á bátinn“, eins og samtökinn sögðu. kristinningi@frettabladid.is

Clearstream byrjar að varsla íslensk skuldabréf á nýjan leik

Aljóðlega uppgjörsfyrirtækið Clearstream tilkynnti í byrjun vikunnar að íslensk skuldabréf verði á ný hæf til uppgjör og vörslu hjá viðskiptavinum Clearstream vegna undanþágu frá skattskyldu vaxtatekna hjá aðilum með takmarkaða skattskyldu.

„Clearstream er að opna á vörslu skuldabréfa í eigu erlendra aðila sem eru með takmarkaða skattskyldu á Íslandi. Skilyrði er að vextir af skuldabréfinu séu undanþegnir frá skattskyldu,“ segir Þóra Björk Smith, sérfræðingur hjá Nasdaq verðbréfamíðstöð.

Á Íslandi er fyrirkomulagið þannig að fjármálafyrirtæki eru staðgreiðslu- og skilaskyld, þ.e.a.s. þau eru með kerfi til þess að reikna út, draga af og skila fjármagnstekjuskatti af vaxtatekjum til ríkissjóðs.

„Útreikningur skatta á vexti sem myndast við söluhagnað skuldabréfa hafa reynst Clearstream sérlega erfiðir viðfangs, þar sem upplýsingar um kaupverð eru ekki tiltækar í þeirra kerfum. Tekjur

ríkissjóðs af slíkri skattheimtu eru nánast engar því aðilarnir sem um ræðir eru með takmarkaða skattskyldu og eru því undanþegnir,“ segir Þóra. Hvergi hafi verið slíkar kröfur á milliliði eins og á Íslandi.

„Þegar Seðlabankinn afnemur innflæðishöftin á síðasta ári var ekki svo mikil aukning í innflæði inn á verðbréfamarkaðinn. Við teljum að þetta sé ein af ástæðunum og höfum verið að vinna með Clearstream í að finna lausn. Erlendur fjárfestir sem hefur áhuga á að kaupa íslensk verðbréf vill geta varslað verðbréfin í gegnum erlendan viðskiptabanka sinn, sem notar vörsluáðila á borð við Clearstream, í stað þess að stofna vörslureikning hjá íslenskum banka,“ segir Þóra.

Þóra segir að undanþágan og ákvörðun Clearstream séu skref í því að auðvelda erlendum fjárfestum að koma inn á verðbréfamarkaðinn, en að auki vinnur Nasdaq að innleiðingu á nýju uppgjörskerfi sem byggir á alþjóðlegum stöðum sem fækkar hindrunum frekar. – þrh

Fjármálaeftirlitinu var tilkynnt um ellefu skortstöður í síðasta mánuði

Fjárfestar tóku ellefu skortstöður í skráðum félögum í síðasta mánuði sem tilkynna þurfti til fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Engin þeirra fór þó yfir 0,5 prósent af hlutfé félags þannig að upplýsa þurfti um þær opinberlega.

Þetta kemur fram í svari fjármálaeftirlits bankans við fyrirspurn Markaðarins.

Til samanburðar bærust eftirlitinu níu skortstöðutilkynningar í janúar og þrjár í febrúar. Alls tók eftirlitið á móti 116 slíkum tilkynningum í fimmtán félögum á öllu síðasta ári og á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

Tekið skal fram að fleiri en ein tilkynning getur tilheyrt sömu stöðunni þar sem tilkynna þarf um allar breytingar á stöðu sem nema meira en 0,1 prósent af hlutfé skortselds félags.

Samkvæmt Evrópureglugerð sem tók gildi hér á landi sumarið 2017 þarf að tilkynna fjármálaeftirlitinu um skortstöðu í hlutabréfum þegar hún fer yfir eða fellur undir viðmiðunarmörk sem nema 0,2 prósentum af útgefnu hlutfé félags. Því til viðbótar þarf að láta eftirlitið vita í hvert sinni sem skortstaðan eykst um 0,1 prósentustig umfram fyrrgreind 0,2 prósent mörk.

Fari skortstaðan hins vegar yfir



Engin skortstaða hefur farið yfir 0,5 prósent af hlutfé félags í þrjú ár.

116

skortstöðutilkynningar bærust fjármálaeftirliti Seðlabankans í fyrra og á fyrstu þremur mánuðum þessa árs.

0,5 prósent af hlutfé félags verður að upplýsa um það opinberlega. Ekki hefur verið upplýst um neina slíka skortstöðu frá sumrinu 2017.

Skortstöðutilkynningar voru hvað flestar í mars í fyrra, 21 talsins, en miklar sveiflur einkenndu þá hlutabréfamarkaðinn vegna fregna af björgunartilraunum WOW air sem fór í gjaldþrot undir lok mánaðarins.

Þá var talsvert um slíkar tilkynningar síðasta haust en fjármálaeftirlitinu bærust alls fjórtán skortstöðutilkynningar í september og fjórtán í október. – kj

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Egiðsson hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

LG OLED TV

100%
of 40 testing
members
recommend
Abuzzador LG 55" OLED C9



1 ★★★★★
World's Best Selling
OLED Brand

MARGVERÐLAUNUÐ SJÓNVÖRP

 **Heimilistæki**

REYKJAVÍK · AKUREYRI · REYKJANESBÆR · SELFOSS · EGILSSTAÐIR · AKRANES

Greiðslufrestur á leigu dugar skammt

Stærstu fataverslunarfyrirtæki landsins segja að fasteignafélögin þurfi að gefa afslátt af leigu. Greiðslufrestur dugi skammt á miklu samdráttarskeiði. Allt að 90 prósentu samdráttur í tekjum fataverslana og mikil skerðing á opnunartímum. Gæti knésett fyrirtæki.

Þrjú af stærstu fataverslunarfyrirtækjum landsins, sem saman veltu nær sjö milljörðum króna árið 2018, telja að fasteignafélögin Reitir og Reginn, sem reka Kringluna og Smáralind, þurfi að slá af leigugreiðslum. Greiðslufrestur séu einn og sér ekki nóg. Háar leigugreiðslur seinna á árinu vegna frestunar muni leggja þungt á verslanir þegar einkaneysla tekur aftur við sér.

„Það varð algjört hrun eftir samgöngubannið og samdrátturinn var 90 prósent þegar verst var. Það koma dagar með einhverri veltu en hún er ekkert miðað við það sem áður var,“ segir Hermann Helgason, framkvæmdastjóri S4S, sem rekur fjölda skóverslana á borð við AIR og Steinar Waage í Kringlunni og Smáralind. S4S þurfti að loka verslunum í Kringlunni og takmarka opnunartíma í Smáralind til að bregðast við samdrættinum.

Markaðurinn hefur greint frá því að Reitir, sem reka Kringluna, og Reginn sem rekur Smáralind, séu tilbúin að veita leigutökum sínum sveigjanleika vegna samdráttar í tekjum. Verslunarmiðstöðvarnar telja um 15 prósent af veltu beggja félaga.

Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, sagði að sveigjanleikinn snerist um greiðslufresti en ekki lægri leigugreiðslur. Reginn gæti ekki tekið á sig slíkt högg. Guðjón Auðunsson, forstjóri Reita, sagði að félagið hefði ekki átt í viðræðum um að veita afslætti af leigu. Rykið ætti eftir að setjast.

„Það dugur ekki að rukka leigu fyrir eitthvað sem er ekki til staðar vegna þess að tekjuleysið er algjör forsendubrestur. Að fresta greiðslum gerir ekki neitt fyrir neinn. Þegar allt fer aftur af stað er mjög slæmt að vera með tvo eða þrjú uppsafnaða mánuði af leigugreiðslum á herðunum,“ segir Hermann.

Aðspurður segir Hermann að S4S hafi átt í samskiptum við leigusala sína um að gengið verði lengra til að koma til móts við fyrirtækið.

„Við höfum þrýst á að menn vinni saman og sýni því skilning að fyrir-



Samkomubann hefur sett mark sitt á ásýnd Kringlunnar og afkomu verslana þar að undanfögnu. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Reginn býst við að tapa leigutekjum

Reginn birti í gær greinargerð um rekstrarleg áhrif COVID-19 en þar var meðal annars farið yfir aðgerðir gagnvart leigutökum. Í greinargerðinni kemur fram að veittur hafi verið greiðslufrestur á leigu aprílmánaðar til hluta leigutaka þar til síðar á árinu. Reiknað er með að frestun muni einnig ná til leigu í maí og í

ákveðnum flokkum til júní.

„Þó aðgerðirnar sem ráðist hefur verið í miði við frestun leigugreiðslna er það óumflýjanlegt að það mun ekki duga öllum leigutökum. Því má reikna með að hluti leigutekna tapist, ekki er ljóst hvert umfang þess verður,“ segir í greinargerð fasteignafélagsins.

tæki eru tekjulaus. Það er forsenda fyrir því að halda lífi í þessu verslunarhúsnæði,“ segir Hermann.

Gæti knésett fyrirtæki

Svava Johansen, einn af eigendum NTC, sem rekur Gallerí Sautján og GS Skó ásamt fleiri verslunum, segir að samdráttur innan keðjunnar sé á bilinu 60-80 prósent. Aukin netverslun hafi aðeins vegið upp á móti en nú sé markmiðið

aðallega að geta staðið í skilum á launum og opinberum gjöldum.

„Það þurfa allir að sýna hver öðrum skilning í þessu ástandi. Ef birgjarnir vilja að við verslum við þá áfram eða leigusalararnir að við leigjum hjá þeim áfram þarf að sýna skilning og mér finnst þeir hafa gert það,“ segir Svava sem telur þó að skammur greiðslufrestur dugi skammt.

„Það er búið að velta leigu-

greiðslum áfram en ég veit ekki hvort þeir ætli að slá eitthvað af þessu eða rukka tvöfalda leigu í ágúst eða september. Það gengur engan veginn upp og gæti knésett fyrirtæki,“ segir Svava.

„Þetta þarf að dreifast yfir marga mánuði og auðvitað væri sanngjarnt að fá niðurfellingu að hluta til þegar opnunartimar verslana eru skertir um allt að 45 prósent. Það er eitthvað sem þarf að skoða í haust en ég veit að leigusalararnir eru skynsamir og munu koma með lausnir um lengri dreifingu,“ segir Svava.

Allir í keðjunni vinni saman

Grímur Garðarsson, framkvæmdastjóri Bestseller, sem rekur Vero Moda og Selected ásamt fleiri verslunum í Kringlunni og Smáralind, segir að sárafair séu á ferli í verslunarmiðstöðvunum.

„Salan er því brot af því sem hún er undir venjulegum kringumstæðum. Ætli við séum

Við höfum þrýst á að menn vinni saman og sýni því skilning að fyrirtæki eru tekjulaus. Það er forsenda fyrir því að halda lífi í þessu verslunarhúsnæði.

Hermann Helgason, framkvæmdastjóri S4S

ekki á milli 20-30 prósent miðað við venjulega daga,“ segir Grímur en bætir þó við að netverslun hafi aukist á móti og salan hjá Nespresso sé mörgum tugum prósentu umfram sölu í mars á síðasta ári.

Spurður hvort Bestseller hafi þrýst á að leigusalar veiti afslætti af leigugreiðslum svarar Grímur að hann vilji frekar vinna með fasteignafélögunum að því að finna lausn í stað þess að setja afarkosti.

„En ég get ekki ímyndað mér annað en að þetta endi í einhvers konar afslætti. Það gengur best ef smásalan, leigusalararnir, birgjarnir og bankarnir vinna saman að því að halda hjólunum gangandi,“ segir Grímur.

„Ég hef fundið fyrir því, alveg sama hvert er farið, að menn skilja að ef þú ert að selja 20-30 prósent af því sem þú varst að selja áður þá er ekkert hægt að ætlast til þess að maður borgi allt upp í topp. Ég hrósa leigusölum, bönkum og birgjum og öðrum fyrir að standa saman í þessu af því að menn vita að þetta er tímabundið ástand,“ bætir Grímur við.

Þá telur hann ljóst að leiguverð í helstu verslunarhúsum landsins þurfi að lækka.

„Mollin eru í erfiðari stöðu. Það eru margar verslanir sem hafa ekki getað borgað reikningana síðustu mánuði og því er ljóst að verðin á þessum helstu verslunarmarkaðum þurfa að komast í eðlilegra og samkeppnishæfara form. Þegar fyrirtæki geta ekki staðið undir leigunni fækka þau verslunum og leita annað,“ segir Grímur. thorsteinn@frettabladid.is

Þetta flytur sig ekki sjálf!

(Atvinnubílar á langtímaleigu koma hreyfingu á hlutina)

SIXT
langtímaleiga



Verð frá:
63.900 kr. á mán. án vsk.
Verð með vsk. frá: 79.236 kr. á mánuði.
Pantaðu bílinn á sixtlangtímaleiga.is.

Innifalið í langtímaleigu:

- Tryggingar og gjöld
- Dekk og dekkjaskipti
- Þjónustuskoðanir
- Hefðbundið viðhald

Sixt langtímaleiga einfaldar reksturinn
Kynntu þér kosti langtímaleigu á sixtlangtímaleiga.is eða hafðu samband við viðskiptastjóra Sixt í síma 540 2222 eða á vidskiptastjori@sixt.is.



TOYO TIRES

MAXXIS

Laufenn
Journey in Style

INTERSTATE
TIRES

NORDEX
-great tires

NANKANG
FREE YOUR WAY

FYRIR VINNANDI FÓLK!

Fáðu góð ráð um réttu dekkin á vinnutækið þitt hjá fagmönnum okkar



ÚRVAL DEKKJA FYRIR STÓRA OG SMÁA ATVINNUBÍLA!

Nano Energy

Carrier

Nankang

VAN GT

Observe VAN



TOYO TIRES

PIRELLI

NANKANG
FREE YOUR WAY

INTERSTATE
TIRES

TOYO TIRES

STÆRÐIN
SKIPTIR EKKI MÁLI



Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200



Andri Már Ingólfsson, fjárfestir og fyrirverandi eigandi Primera Air.

Andri sýknaður af 54 milljóna kröfu Eikar

Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði nýverið Andra Má Ingólfsson, fjárfesti og fyrirverandi aðaleiganda Primera Air, af 54 milljóna króna skaðabótakröfu Eikar fasteignafélags vegna kaupa félagsins á Hótel 1919 af fjárfestinum árið 2016.

Forsvarsmenn Eikar töldu að hlutaféð í Hótel 1919 hefði ekki haft áskilda kosti í samræmi við ábyrgðaryfirlýsingar Andra Má Ingólfssonar um kaupum og gógn frá fjárfestinum hefðu verið röng og misvisandi.

3,6

milljarðar króna var kaupverð Eikar á Heimshótelum.

Eik byggði einkum á því að við endurskoðun ársreiknings hótelsins fyrir árið 2016 hefði komið í ljós röng færsla á viðhaldssjóði sem skammtímaskuldbindingu í efna-hagsreikningi félagsins fyrir kaupin. Þannig hefðu gjaldfærslur vegna framlags í viðhaldssjóðinn verið gjaldfærðar skattalega í andstöðu við lög á árunum 2005 til 2015.

Eik hefði því þurft að láta fara fram leiðréttingu upp á 53 milljónir króna til lækunar á tekjuskattin-neign félagsins og ógreiddum sköttum sem hefði rýrt verðmæti hins seldu um samsvarandi fjárhæð.

Dómurinn taldi Eik ekki hafa fært sönnur á að Andri Már hefði leynt gögnum um meðferð viðhaldssjóðsins. Var meðal annars bent á að félagið hefði látið gera ítarlega áreiðanleikakönnun fyrir kaupin sem ekki hefði leitt ádurnefnda annmarka í ljós. Ekki hefði verið upplýst um annmarkana fyrir en við endurskoðun Deloitte síðar.

Til viðbótar sagði dómurinn Eik ekki hafa getað bent á það hvaða gögn það voru sem leiddu til þess að umræddur annmarki var fyrst greindur við endurskoðun Deloitte og hvers vegna hann hafi farið fram hjá bæði Andra Má og fasteignafélaginu fram til þess.

Eik var með öðrum orðum ekki talið hafa leitt í ljós að það hefði ekki haft aðgengileg sömu gögn – um fyrirnefndan viðhaldssjóð – og Andri Már hefði haft yfir að ráða við söluna. – *kj*

Breytt viðhorf í ríkisrekstri

Unnið er að því að stórefla fjármálastjórn Hafrannsóknastofnunar. Nýr fjármálastjóri segir að viðhorfsbreyting sé að eiga sér stað. Ný skýrsla ráðuneytisins varpaði ljósi á 140 milljóna króna mistök.

Þegar þú veist hvað hlutirnir kosta geturðu tekið upplýstari og betri ákvarðanir," segir Sigvaldi Egill Lárusson, fjármálastjóri Hafrannsóknastofnunar, í samtali við Markaðinn en hann hefur unnið að því að taka fjármálastjórn stofnunarinnar föstum tókum. Stórbættir verkferlar og upplýsingagjöf hafa skilað árangri á skömmum tíma.

Sigvaldi tók við sem fjármálastjóri Hafrannsóknastofnunar vorið 2019 en í byrjun árs hafði stofnunin verið í kastljósi fjölmiðla vegna hallareksturs. Í kjölfarið ákvað atvinnuvegaráðuneytið að gera úttekt á fjármálum og fjármálastjórn Hafrannsóknastofnunar sem Sigvaldi tók þátt í að vinna.

Ein af niðurstöðunum var sú að ekki væru margir skráðir verkferlar sem sneru beint að fjármálastjórn og rekstri, svo sem við kostnaðarmat rannsóknarverkefna, gerð rekstraráætlunar og eftirlit með kostnaði.

„Stærsta breytingin er viðhorfsbreyting þar sem markmiðið er að nota þær tækninýjungar sem eru í boði til að lágmarka sóun úr verkferlunum okkar og gera opinberan rekstur skilvirkari. Við komum auga á verkferil sem hægt væri að einfalda eða rafvæða með litlum tilkostnaði en skilar miklum árangri. Verkferillinn er svo skráður í nýtt gæðakerfi sem verið er að taka í notkun," segir Sigvaldi.

Innleiddar voru ýmsar umbætur í fjármálastjórn Hafrannsóknastofnunar. Til var góður grunnur en stofnunin er með verkþókhald sem heldur utan um flest verkefni stofnunarinnar. Verkþókhald stofnunarinnar verður þróað áfram þannig að það endurspegli allan kostnað sem fellur til við viðkomandi verkefni.

„Hvað kostar að veita ríkinu ráðgjöf um stofnmat á þorski? Verkþókhaldið er ómetanlegt verkferi til þess að geta sagt hvað verkefnið okkar eru að kosta, hvort sem það eru rannsóknarverkefni, útseld vinna eða ráðgjöf til stjórnvalda um stofnmat á þorski. Við það eýkst kostnaðarvitund bæði stjórnenda og starfsmanna," segir Sigvaldi.

Hafrannsóknastofnun fjárfesti auk þess í áætlunarkerfi fyrir verkþókhaldið og er í því hægt að áætla allan kostnað sem fellur til við verkefni stofnunarinnar. Áður var áætlað fyrir flest verkefni en ekki var kannað með rauntölum hvort áætlunirnar væru að standast.

„Þarna erum við komin hvað lengst. Aðrar ríkisstofnanir sem einnig nota verkþókhald hafa horft til áætlunarkerfis okkar og það stendur til að þær nýti sér okkar vinnu til að innleiða kerfið einnig hjá sér," segir Sigvaldi.

„Ég á í mjög góðum samskiptum við aðra fjármálastjóra hjá þeim



Sigvaldi Egill Lárusson tók við sem fjármálastjóri Hafrannsóknastofnunar vorið 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

140 milljóna króna mistök

Hafrannsóknastofnun var rekin með 239 milljóna halla á árinu 2018 en fram að því hafði afkoma stofnunarinnar sveiflast nokkuð undanfarin ár. Tvær ástæður voru fyrir þessum hallarekstri. Annars vegar minnkaði framlag úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins um 100 milljónir og hins vegar voru gerð mistök í meðferð fjárfestingaheimildar sem urðu

til þess að stofnunin eyddi 140 milljónum umfram heimild.

„Framlagi ríkissjóðs er skipt upp eftir því hvað fer til rekstrar og hvað fer til fjárfestinga. Mistökkin voru þannig að 140 milljónum var ráðstafað tvisvar, það er að segja bæði í rekstur og fjárfestingar. Heildarfjárveitingin var sett í rekstur og svo 140 milljónir aukalega í fjárfestingar," útskýrir Sigvaldi.

ríkisstofnunum sem við berum okkur saman við og ég held að það sé mikil vakning hjá ríkisstofnunum í þessum efnunum."

Kvikari viðbrögð

Verklagi við samþykkt reikninga var einnig breytt en nú hafa sviðsstjórar verið gerðir ábyrgir fyrir rekstri sinna eininga og því að samþykkja rafrænt allan kostnað sem þeirra svið stofnar til. Fyrirkomulagið var þannig að fjármálastjóri samþykkti einn alla reikninga sem komu til stofnunarinnar. Á árinu 2018 voru reikningarnir 5.831 talsins.

„Við breyttum þessu þannig að sviðsstjórar þyrftu að reka svið sin innan heimilda og gáfum þeim tækin til þess. Þessi breyting, ásamt því að fara mánaðarlega yfir rekstrar-skýrslur og helstu frávik í rekstri

Það er viss mótstaða við allar breytingar en öllum sem þekktu til stöðu Hafrannsóknastofnunar á þessum tíma var ljóst að ekki væri komist hjá því að fara í uppsagnir.

með sviðsstjórunum og forstjóra, gerir okkur kleift að bregðast fyrir við ef verkefni eru að fara fram úr áætlunum. Allir eru upplýstir um stöðuna," segir Sigvaldi.

Þá hefur Hafrannsóknastofnun tekið í gagn við nýjar rekstrar-skýrslur fyrir stjórnendur og verkefnisstjóra rannsókna. Skýrslurnar eru

í Power Bi og beintengdar við vöruhús gagna hjá Fjársýslu ríkisins þannig að þær uppfærast á hverri nóttu. Skýrslurnar eru aðgengilegar öllum starfsmönnum á innrætti stofnunarinnar. Sigvaldi segir að áður hafi verið erfitt að nálgast nothæfar rekstrarupplýsingar um einstaka svið eða verkefni.

Treystu of mikið á óreglulegar tekjur

Hafrannsóknastofnun þurfti að lækka fastan kostnað og létu fimmtán manns af störfum hjá stofnuninni í nóvember í tengslum við hagræðingaradrögdir.

„Það er viss mótstaða við allar breytingar en öllum sem þekktu til stöðu Hafrannsóknastofnunar á þessum tíma var ljóst að ekki væri komist hjá því að fara í uppsagnir. Hafró treysti of mikið á óreglulegar tekjur og þess vegna þurfti að taka á fasta kostnaðinum sem var of há, einnig þurfti að mæta tveggja prósentu hagræðingarkröfu," segir Sigvaldi og bendir á að stofnunin hafi til að mynda treyst mikið á tekjur vegna útleigu rannsóknarskipa til Noregs.

„Svo kom á daginn fyrir ekki svo löngu að ekkert verður af þessari leigu því norska hafrannsóknastofnunin er líka í hagræðingum. Við vorum aftur á móti búin að ráðast í aðgerðir til að geta tekist á við svona tekjutap. Staðan var ekki þannig í fyrria," segir Sigvaldi.

thorsteinn@frettabladid.is

Hagnaður Almenna leigufélagsins minnkaði um 95 prósent

Almenna leigufélagið, eitt stærsta leigufélag landsins, hagnaðist um 22 milljónir króna á síðasta ári, samkvæmt nýlegum ársreikningi félagsins. Til samanburðar nam hagnaður ársins 2018 tæplega 400 milljónum króna og dróst hann því saman um 95 prósent milli ára.

EBITDA leigufélagsins – afkoma fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta – var jákvæð um tæpa 1,7 milljarða króna í fyrria borið saman við 1,5 milljarða króna árið 2018 og hækkaði þannig um ríflega tólf prósent á milli ára. Matsbreyting fjárfestingareigna var um 94 milljónir króna í fyrria en til samanburðar var



Maria Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri leigufélagsins.

hún 1.050 milljónir króna árið áður. Fjármagnsgjöld Almenna leigufélagsins voru alls 1,8 milljarðar króna í fyrria og lækkuðu um tæpar 200 milljónir króna frá árinu 2018.

Rekstrartekjur leigufélagsins, sem átti í lok síðasta árs alls 1.230 íbúðir, voru líðlega 3,0 milljarðar króna í fyrria samanborið við tæplega 2,8 milljarða króna árið 2018. Þá nam rekstrarkostnaður þess nærri 1,4 milljörðum króna á síðasta ári og jókst um hátt í fimm prósent á milli ára.

Í skýrslu stjórnar Almenna leigufélagsins er tekið fram að áhrifa kórónaveirunnar gæti fyrst og fremst í skammtímaleigustarfsemi

46

milljarðar króna var bókfært virði fjárfestingareigna Almenna leigufélagsins í lok síðasta árs.

félagsins vegna mikils samdráttar í eftirspurn. Í lok síðasta árs voru 98 íbúðir í skammtímaleigu en félagið vinnur nú að því færa íbúðir úr slíkrri leigu í langtímaleigu samhliða því sem ráðist hefur verið í hagræð-

ingaraðgerðir í rekstri skammtímaleigunnar.

Til þess að fyrirbyggja aukin vanskil í langtímaleigurekstrinum hefur leigufélagið búið þeim viðskiptavinum sem lenda í tímabundnum tekjumissi, að lækka greiðslubyrði tímabundið og dreifa greiðslum yfir lengra tímabil.

Er það jafnframt mat stjórnar og stjórnenda félagsins að ekki séu forsendur á þessari stundu til þess að gera aðlaganir á gangvörðismati fjárfestingareigna þess, eins og það er orðað í ársreikningnum, en umræddar eignir leigufélagsins voru metnar á ríflega 46 milljarða króna í lok síðasta árs. – *kj*

Háir nýsköpunarstyrkir eru í boði

Fyrirtæki og stofnanir nýti kreppuna til að afla alþjóðlegra styrkja til vöruþróunar. Allt að 3,5 milljónir evra í boði frá Evrópu-sambandinu. Evris aðstoðaði við að afla styrkja fyrir 1,5 milljarða króna í fyrria. Auka þurfi sóknarstyrki til fyrirtækja.

Helgi Vífill
Júliússon
helgivifill@frettabladid.is



Mikilvægt er að islensk fyrirtæki sækja alþjóðlega styrki til vöruþróunar þegar heimshagkerfið er í frosti. Þeir geta verið býsna háir. Þetta segir Anna Margrét Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Evris. Kreppur leiði oft til þess að nýsköpun fari á flug.

„Með skipulögðum aðgerðum geta islensk fyrirtæki sem eru með góða vöru og öflugt teymi hent út neti á þrjá feikilega stóra alþjóðlega nýsköpunarsjóði. Þeir eru á vegum Evrópusambandsins, og stjórnvalda í Bretlandi og Bandaríkjunum. Í stað þess að fyrirtæki sem leggja stund á vöruþróun skeri niður á þessum erfiðu tímum og segi upp starfsfólki er rétt að snúa vörn í sókn og nýta alþjóðlega styrki til þess að efla nýsköpun hér á landi í kreppunni,“ segir hún og bætir við að sumt af því sem fyrirtæki séu að þróa eigi betur heima í evrópska styrkjakerfinu á meðan annað eigi heima í því breska eða bandaríska. Stofnanir í samstarfi við nýsköpunarfyrirtæki geta einnig sótt um erlenda styrki til vöruþróunar.

Evris aðstoðar fyrirtæki og stofnanir við að afla



Anna segir að nýsköpun fari oft á flug í kreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Björgunarpakkinn fari líka í sóknarstyrki

„Það er almennt viðurkennt að það krefst mikillar sérfræðivinnu að sækja um erlenda nýsköpunarstyrki,“ segir Anna Margrét. „Rannís hefur í nokkur ár boðið svokallaða sóknarstyrki. Það eru styrkir til að fjármagna vinnuna við að sækja um stærri styrki til Evrópusambandsins. Þeir eru frekar lágir og þeim er einungis útdelt einu sinni á ári. Á hinum Norðurlöndunum eru sóknarstyrkir mun hærri og þeim er útdelt þrisvar til fjórum sinnum á ári. Það væri æskilegt ef islensk stjórnvöld myndu horfa til hinna Norðurlandanna hvað þetta varðar. Það væri til dæmis skynsamlegt að verja hluta af björgunarpakka ríkisstjórnarinnar til þess að auka sóknarstyrki til fyrirtækja sem vilja sækja um erlenda styrki og styðja þannig vegferð islenskrar nýsköpunar á alþjóðlega markaði. Það stendur eðlilega oft í sprotafyrirtækjum sem hafa lítið fé á milli handanna að kaupa þjónustu eins og okkar.“

styrkja til vöruþróunar frá Evrópusambandinu, Bandaríkjunum og Bretlandi. Evris er umboðsaðili alþjóðlegra ráðgjafafyrirtækisins Inspiralia Group á Norðurlöndum sem vinnur umsóknirnar. „Við höfum aðstoðað við að afla stærsta hluta alþjóðlegra nýsköpunarstyrkja sem hingað hafa borist á undanförunum árum,“ segir Anna Margrét. Í fyrria aðstoðaði Evris við að afla styrkja fyrir 1,5 milljarða króna sem er svipuð fjárhæð og árin á undan.

Anna Margrét segir að nýsköpunarfyrirtæki geti sótt um styrki, allt að 3,5 milljónum evra, til ESB. Kerecis hafi til að mynda á síðasta ári fengið þriggja milljóna evra styrk eða jafnvirði 470 milljóna króna, OZ 2,5 milljónir evra í styrk og Saga Natura 1,5 milljónir evra.

Bretar bæta í

Við útgöngu Bretlands úr ESB lagði breska ríkisstjórnin mikið fé í tækniþróunarsjóð í því skyni að auka nýsköpun í landinu. Öll fyrirtæki sem reka útibú í Bretlandi geta sótt um styrk. „Býsna mörg islensk fyrirtæki reka útibú þar í landi. Eins eru mörg fyrirtæki áhugasöm um að stofna útibú í Bretlandi til að afla styrkjanna,“ segir hún.

Til að sækja um nýsköpunarstyrki í Bandaríkjunum verða fyrirtækin að vera staðsett þar í landi og í meirihlutaeigu Bandaríkjamanna eða einstaklinga með græna kortið.

„Við erum dæmis að vinna með Eyri Ventures að því að opna dyr fyrir sprota í þeirra eignasafni í bandaríska samkeppnissjóði, samþæflega þeim sem sóttir hafa verið til Evrópu með góðum árangri. Mörg fyrirtæki í eignasafninu þeirra eiga fullt erindi í að sækja í þessa sjóði og þar sem einn stjórnarmanna í Eyri Ventures er búsettur þar vestra og með græna kortið er þetta tiltölulega greið leið og mjög skynsöm.“

Fyrirtækin sem Evris vinnur yfirleitt með eru komin með frumgerð í hendur. „Á skalanum núll til níu; núll væri hugmynd í háskóla og níu fyrirtæki sem væri reiðubúið að hefja sókn á alþjóðlega markaði, þá vinnum við yfirleitt með þeim sem eru fimm á þessum skala. Þau eru enn að þróa vöruna, þurfa að skala upp, sækja um einkaleyfi, undirbúa alþjóðlega markaðssetningu og fleira. Það getur verið afar kostnaðarsamt. Mörg fyrirtæki ná ekki lengra upp á þennan mælikvarða en í fimm eða sex því brekkan er svo mikil. Þess vegna hafa stjórnvöld víða um heim lagt mikið fé í að aðstoða fyrirtækin við að ná árangri.“

Spurð hvaða líkur séu á að fá styrk segir hún um fjórðung fyrirtækja sem Evris hafi unnið með hafi hlotið styrk. „Góður árangur skýrist meðal annars af því að við veljum vandlega með hvaða fyrirtækjum við vinnum með tilliti til þess hve líklegt er að þau hljóti styrk,“ segir Anna Margrét.

VIÐ VINNUM FYRIR ÞIG.

Traust | Þekking | Árangur

MAGNA

L Ö G M E N N

LOGMENN@MAGNA.IS | 571 5400 | MAGNA.IS





„Sjávarútvegsfyrirtæki geta brugðist við breyttum aðstæðum með því að selja frystan fisk í meiri mæli í stað þess að flytja hann út ferskan,“ segir Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri Eimskips. FRÉTTABLAÐID/VEG

Helgi Vífill
Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is



Seldi fljótlega fimm skip frá Eimskip

Við munum forðast að taka ákvarðanir á tímum kórónaveirunnar sem eru hjálplegar til skemmri tíma en koma Eimskip illa þegar er horft fram á veginn. Ákvarðanir sem teknar eru á þessum tímum eiga að vera til þess fallnar að Eimskip komi sterkara úr öldurótinu. Þetta segir Vilhelm Þorsteinsson, forstjóri fyrirtækisins.

Hann segir að það sé rík áhersla allra landa þar sem komið hefur verið á samkomu- eða útgöngubanni að halda flutningskerfinu gangandi. „Þrátt fyrir lokanir á landamærum mega trukkar og lestir ferðast með vörur á milli landa. Það á við um Evrópu, Bandaríkin, Kanada og fleiri. Það skiptir máli því flutningskerfið okkar er oft hluti af stærri heild. Starfsemi fyrirtækisins getur því haldið áfram.“

Vilhelm segir að útflutningur frá Íslandi muni taka fyrir við sér en innflutningur. „Óvissa í útflutningi á sjávarafurðum mun vara skemur. Sjávarútvegsfyrirtæki geta brugðist við breyttum aðstæðum með því

Vilhem Þorsteinsson tók við sem forstjóri fyrir um einu ári. Segir að það hafi verið of mikill skrifstofukúltúr í fyrirtækinu og vinnur að því að bæta úr því. Útflutningur taki fyrir við sér en innflutningur. Hagræddi mikið á síðasta ári. Uppgjörið var varnarsigur í ljósi þess að magn í flutningi minnkaði.

að selja frystan fisk í meiri mæli í stað þess að flytja hann út ferskan. Þótt magn á fiski sem flutt er út dragist saman er það tímabundið því fiskurinn verður veiddur, hvort sem það á að afhenda hann ferskan eða frosinn. Afhending á fiski mun því eingöngu frestast og við höfum ekki áhyggjur af því.“

Týnd í þoku
Hvernig horfir kórónaveiran við þér í efnahagslegu tilliti?

„Ástandið minnir um margt á fólk sem týnist á fjöllum í þoku. Það sér ekki handa sinna skil og kemur því ekki auga á kunnuglega staðhætti í landslaginu. Það er mikil óvissa. Það hefur enginn glímt við

aðstæður sem þessar áður.

Ísland er fjárhagslega vel í sveit sett til að takast á við vandann; skuldir hins opinbera, atvinnulífs og heimila eru hóflegar. Atvinnuleysi hefur verið lítið þótt það hafi farið vaxandi að undanfögnu. Hagkerfið bregst hratt við breyttum aðstæðum. Þegar samkomubanninu lýkur ætti innlend starfsemi að taka við sér, þótt það geti tekið lengri tíma en margir vona.

Það verður líka að horfa til þess að það mun taka ýmis önnur lönd lengri tíma að komast út úr vandanum. Ef ástandið verður erfitt alþjóðlega í einhverja mánuði munu ferðamenn ekki sækja Ísland heim í miklum mæli í sumar. Það verður ekki fram hjá því lítið að það hve hratt Ísland mun vinna sig úr vandanum snýr ekki eingöngu að aðstæðum heima fyrir heldur líka því hvernig löndum sem við fáum ferðamenn frá og eigum í viðskiptum við muni reida af.

Eins og ég nefndi áðan er flutningaleiðum haldið opnum þrátt fyrir hömlur á ferðum fólks. Það á svo eftir að koma í ljós að hve miklu leyti kórónaveiran mun hafa áhrif á það magn sem við flytjum. Eftir því sem samkomu- og útgöngubann

Þótt magn á fiski sem flutt er út dragist saman er það tímabundið því fiskurinn verður veiddur, hvort sem það á að afhenda hann ferskan eða frosinn.

varir lengur hefur það meiri áhrif á neyslu.

Það eru ákveðnir flokkar sem verða áfram sterkir, eins og flutningur á matvöru hingað til lands, en svo munu flutningar sem rekja má til dæmis til ferðaþjónustu og byggingariðnaðar dragast saman. Hið opinbera hefur gefið út að flýta eigi mörgum framkvæmdum sem hluta af viðspyrnunni. Það kann að hafa í för með sér aukna flutninga.

Innflutningur er ekki enn farinn að bera þess merki að það er kórónaveirufaraldur. Það var til dæmis mikið flutt inn í mars. Það var óvenju mikið flutt inn af matvöru sem ratar í matvörubúðir. Það er flutt mikið inn af ferskri matvöru eins og grænmeti og ávöxtum í hverri einustu viku frá Danmörku

Vorhreingerning

MIDVIKUDAGUR 8. APRÍL 2020

Kynningar: Ræstitækni, Hreint, Sólar.



Þórir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ræstitækni ehf., hóf rekstur sinn árið 2002. Fyrirtækið hefur eflst og vaxið frá þeim tíma og hefur fengið nýtt nafn með nýjum áherslum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ræstitækni – nýtt vörumerki byggt á gömlum grunni

Ræstitækni ehf. er nýtt nafn á Húsfélagþjónustunni ehf. sem starfað hefur við ræstingar frá árinu 2002. Fyrirtækið sinnir alhliða ræstingþjónustu fyrir fyrirtæki, stofnanir, húsfélög og heimili. Boðið er upp á gluggaþvott fyrir háhýsi og lægri hús. Þá er auk þess mottuleiga og -hreinsun.

Þórir Gunnarsson, framkvæmdastjóri Ræstitækni ehf., segir að vegna fjölbreyttari þjónustu hafi nafninu verið breytt. Nýja nafnið hentar betur rekstrinum eins og hann er í dag. „Áður sérhæfðum við okkur í þjónustu við húsfélög og höldum við því áfram ásamt því að vinna fyrir fyrirtæki og stofnanir í auknum mæli. Við gerum langtímasamninga sé þess óskað og bjóðum reglubundna ræstingu.“ Þórir segir að eftirspurnin eftir

þjónustunni hafi aukist með hverju ári frá stofnun fyrirtækisins. „Við þjónustum fjölda fyrirtækja og stofnana á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Selfossi. Einnig erum við með starfsstöð á Akranesi, en þar starfa ellefu starfsmenn. Þar ræstum við bæjarskrifstofur, framhaldsskóla, leikskóla auk sameigna húsfélaga af öllum stærðum og gerðum. „Marga af okkar viðskiptavinum höfum við þjónustað árum saman en við leggjum mikla áherslu á

persónulega og góða þjónustu. Við sinnum fjölbreyttri flöru fyrirtækja, húsfélaga, stofnana og einstaklinga svo fátt eitt sé upp talið.“ Eingöngu eru notuð vönduð vistvæn efni til þrifa sem fyrirtækið flytur inn sjálft að hluta til. „Við notum sömuleiðis eingöngu öflug og góð áhöld og tæki. Einnig erum við ávallt að þróa aðferðirnar sem við notum og þjálfum starfsfólkið okkar reglulega. Við tileinkum okkur allar nýjungar sem bjóðast hverju sinni.

„Áður sérhæfðum við okkur í þjónustu við húsfélög og höldum við því áfram ásamt því að vinna fyrir fyrirtæki og stofnanir í auknum mæli.“

Þar fyrir utan rekum við mottuleigu og þvottahús undir nafninu motta.is. Þjónusta okkar er sniðin að þörfum hvers viðskiptavinar,“ segir Þórir. Fyrirtækið fjárfesti í eigin húsnæði að Nýbýlavegi 32 árið 2016.



Nánari upplýsingar er hægt að nálgast í síma 419-1000 rtk.@rtk.is eða í gegnum heimasíðuna ræstitækni.is.



Starfsfólk RæstiTækni ehf. fæst við ýmiss konar þrifnað í stórum sem smáum fyrirtækjum.



Gluggahreinsun hjá RæstiTækni ehf. er unnin með frábærum tækjum sem létta vinnuna.



Nú er rétti tíminn til að þvo gluggana þegar sólin hækkar enn á lofti.

Gluggahreinsun og þrif á utanhússklæðninum

Nú er rétti tíminn fyrir vorhreingerningu á gluggum og utanhússklæðningu. RæstiTækni ehf hefur sérhæft sig í gluggaþvotti á öllum stærðum húsa frá árinu 2002. Starfsmenn RæstiTækni ehf eru með áralanga reynslu. Hvort sem um er að ræða stærstu hús á höfuðborgarsvæðinu eða einbýlishús. Fyrirtækið er vel útbúið tækjum með eigin kórú-bíla og háþrýsttækni. Gluggahreinsun hjá RæstiTækni

er fyrir Húsfélag, fyrirtæki eða heimili. Gerð eru föst verðtilboð í stærri verk og sömuleiðis eru langtíma-samningar í boði sé þess óskað.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni rtk.is eða rtk@rtk.is



Leigja út vandaðar mottur í anddyri

Motta.is er vörumerki í eigu RæstiTækni ehf. Fyrirtækið þjónustar fyrirtæki, húsfélög og stofnanir með hágæða mottur sem skipt er um mánaðarlega eða oftar, allt eftir þörfum viðskiptavinarins.

Þórir Gunnarsson framkvæmdastjóri segir að fyrirtækið bjóði hágæða mottur til leigu. „Það eru bæði fyrirtæki, stofnanir og húsfélög sem leigja mottur hjá okkur. Við skiptum um mottur mánaðarlega eða oftar eftir þörfum. Hægt er að fá sérmerktar mottur, hvort sem fólk vill hafa einhverja vísun í þjónustu eða nafn fyrirtækisins. Vinsælt núna er að merkja þær með slagorðinu „Munið að þvo hendur“. Við framleiðum og sérsníðum mottur eftir óskum viðskiptavinarins Þessar mottur eru sérhannaðar fyrir mikla umgengni en eru engu að síður til mikillar húsþrýði.

Við erum einnig með þrif á mottum fyrir heimili. Hægt er að



Hjá motta.is er sérstök þjónusta í að sækja og senda mottur.

þrifa allar heimilismottur enda erum við með öflugar þvottavélar og tæki. Það er gaman að geta þess að sjálfur fór ég á námskeið til Wales fyrir nokkrum árum og lærði handbragðið. Það var Armeni búsettur í Bandaríkjunum sem kenndi á námskeiðinu en hún er af þriðju kynslóð í fjölskyldufyrirtæki sem sérhæfir sig í mottuhreinsun. Í framhaldinu höfum við sérhæft okkur í þessari starfsemi,” segir Þórir sem er líklega eini Íslendingurinn sem hefur farið á slíkt námskeið.

„Fyrirtækið er sömuleiðis með mottur til sölu og við höfum hug á að auka þá þjónustu umtalsvert með haustinu. Við erum í tengslum við mjög öflugt fyrirtæki sem

er eitt það fremsta á þessu sviði og er með sérlega flott úrval af vönduðum mottum. Það verður gaman að geta boðið þær í versluninni hér hjá okkur í haust.“

Nánar um þjónustuna á motta.is eða í síma 538-4000 eða motta@motta.is

MOTTA.IS

MOTTA
LEIGA / ÞRIF / SALA



Skúli Örn Sigurðsson, sölustjóri hjá Hreint, segir mikilvægt að passa upp á ræstinguna á öllum vígstöðvum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ræstingar draga úr smithættu

Hreint ehf. býður nú upp á tvær nýjar þjónustuleiðir vegna COVID-19: sótthreinsandi afþurrkun og dauðhreinsun. Með þjónustunni vill fyrirtækið leggja sitt af mörkum til að draga úr smithættu.

Breytt landslag í samfélaginu kallar á nýjar áherslur í ræstingum og hefur Hreint aðlagð þjónustu sína fljótt og vel að þeim. „Við höfum lagt meiri áherslu á reglulegar ræstingar á sameiginlegum svæðum á vinnustöðum sem líklegri eru til að dreifa smiti. En auðvitað þarf að passa upp á ræstinguna á öllum vígstöðvum,“ segir Skúli Örn Sigurðsson sölustjóri.

„Við settum á fót tvær nýjar þjónustuleiðir til að mæta COVID-19 ástandinu og hafa viðtökur verið vonum framár. Þjónustuleiðirnar eru sótthreinsandi afþurrkun og dauðhreinsun.“

Sótthreinsandi afþurrkun og dauðhreinsun

Sótthreinsandi afþurrkun er sótthreinsun sameiginlegra snertiflata. Í baráttunni við vírusinn er lykilatriði að þvo og sótthreinsa sameiginlega snertifleti en það dregur úr smithættu milli starfsfólks. Sérfræðingar Hreint hafa þróað, skipulagt og kennt völdu starfsfólki sótthreinsandi verklag til að ráðast á smitleiðir kórónaveirunnar. „Þetta er fljótlegt og auðveld leið fyrir viðskiptavinum sem vilja auka öryggi vinnusvæða án mikils undirbúnings eða kostnaðar,“ segir Skúli.

„Dauðhreinsunin gefur enn nákvæmari og áhrifaríkari árangur og hentar kröfuhörðum vinnustöðum þar sem þörf er á mjög mikilli hreinsun. Aðferðin kemur frá kanadíska framleiðandanum



Sótthreinsandi afþurrkun er sótthreinsun sameiginlegra snertiflata. Dauðhreinsun gefur enn áhrifaríkari árangur.

Nocospray og fjarlægir bakteríur og veirur á hörðum flötum svæða í 99,9999% tilvika. Aðferðin er mjög einföld í framkvæmd þar sem sótthreinsandi mistur smýgur um svæðið og dauðhreinsar alla fleti sem það kemst í snertingu við,“ segir hann.

Þessar nýju þjónustuleiðir eru í boði fyrir bæði núverandi og nýja viðskiptavinum og eru að sögn Skúla mjög áhrifaríkar og á hagstæðu verði.

Fagið er lýðheilsุมál

„Við leggjum mikið upp úr fagmennsku og sýnum metnað og frumkvæði í þjónustu okkar enda viljum við halda uppi virðingu fyrir faginu. Það er að koma bersýnilega í ljós á tímum sem þessum að ræstingar eru sannarlega lýðheilsุมál og löngu orðið tímabært að vekja athygli á því,“ segir Skúli.

„Ræstingastarfsfólk er sannarlega að leggja sitt á

vogarskálarnar við að halda vinnustöðum og stofnunum í landinu hreinum frá degi til dags og á hrós skilið fyrir framlag sitt á þessum erfiðu tímum.“

Hreint leggur mikla áherslu á að tryggja viðskiptavinum sínum öruggan vinnustað.

„Þegar barist er við COVID-19 er lykilatriði að þvo og sótthreinsa sameiginlega snertifleti reglulega til að draga úr smithættu milli starfsfólks og viðskiptavina. Vel

„Það hjálpar okkur mikið að við höfum mikla reynslu, 36 ár í faginu. Við erum því vel í stakk búin að takast á við krefjandi tíma eins og þessa.“

skipulögð og árangursrík þríf á helstu smitleiðum vinnustaða skila ekki bara góðum árangri í baráttunni við veiruna heldur skapa þau líka hugarró hjá þeim sem þar starfa.“

Krefjandi tímar

„Það hjálpar okkur mikið að við höfum mikla reynslu, 36 ár í faginu. Við erum því vel í stakk búin að takast á við krefjandi tíma eins og þessa,“ segir Skúli.

„En auðvitað tekur þessi tími á okkur öll og reynir á. Til happs má nefna að við erum með góðan hóp viðskiptavina sem margir hafa notað þjónustu okkar yfir áratuga skeið og vinna vel með okkur við að takast á við breytt landslag. Auk þess erum við líka mjög heppin með starfsfólk sem stendur vaktina fyrir okkur af mikilli þrautseigju. Þetta er aðáunarverður hópur fólks sem við erum stolt að vera hluti af.“

Gæði og velliðan starfsfólks

Sólar hafa um árabil veitt vandaða ræstingaþjónustu og eru með umtalsverða reynslu af sótt-hreinsiprifum. Þá er lögð mikil áhersla á velliðan starfsfólks, sem margt er af erlendu bergi brotið.

Ræstingafyrirtækið Sólar hefur verið starfrækt í tæp 20 ár. „Við, eins og aðrir, leggjum áherslu á gæði í okkar þjónustu,“ segir Ingunn Margrét Ágústsdóttir, deildarstjóri þjónustudeildar, en meðal þeirra verkefna sem hafa verið áberandi í þeirra starfsemi eru sjúkrahúsþrif.

„Við erum framarlega í þrifum á sjúkrahúsum og erum þar í fremstu váglinu eins og sakir standa. Við erum búin að vera að þjónusta spítala síðan 2002 og þessi þekking kemur sér mjög vel á þessum tímum núna,“ skýrir Ingunn Margrét frá.

Ástandið undanfarnar vikur hefur sett svip sinn á starfsemi fyrirtækisins. „Það eru mörg fyrirtæki að biðja um sótt-hreinsiprif, annað hvort hefur verið einstaklingur smitaður af COVID-19 á vinnustað eða einfaldlega fyrirbyggjandi, við höfum verið að sinna því í miklum mæli undanfarið.“

Traust starfsfólks brýnt

Ingunn Margrét segir fyrirtækið leggja mikla áherslu á velliðan og traust starfsfólks. „Við leggjum mikla áherslu á að starfsfólkinu okkar líði vel í vinnu og að það treysti fyrirtækinu. Við gerum það með ákveðnum leiðum, kannski



Sólar hafa sinnt spítalaþrifum frá árinu 2002.

„Við erum með millistjórnendur sem eru pólskir og tala móðurmál starfsfólksins okkar og geta átt í góðum samskiptum við starfsfólkið okkar.“

fyrst og fremst með því að tryggja að það geti treyst fyrirtækinu á þann hátt að við greiðum samkvæmt lögum og reglum kjarasamninga.“

Margt af starfsfólkinu er af erlendu bergi brotið og hefur fyrirtækið meðal annars gripið til þess ráðs að gera starfsfólki kleift að eiga í vinnutengdum samskiptum á sínu móðurmáli. „Við erum með millistjórnendur sem eru pólskir og tala móðurmál starfs-



Ingunn Margrét Ágústsdóttir segir mikilvægt að standa vörð um réttindi starfsfólks.

fólksins okkar og geta átt í góðum samskiptum við starfsfólkið okkar. Þetta er í raun grunnurinn að því að við getum búið upp á góða þjónustu.“

Áhrifanna af því hvernig komið er til móts við starfsfólk gætir við, og bendir Ingunn þannig einnig á mikilvægi þess að starfsfólk fái hreinlega nægan tíma til þess að sinna verkefnum sem skili sér svo í vandaðri þrifum og þjónustu. „Til þess að tryggja gæði leggjum við líka mikla áherslu á að tryggja að

starfsfólk hafi nægan tíma til að sinna þeim verkum sem það á að sinna.“

Áhersla frá upphafi

Ingunn Margrét segir að áhersla fyrirtækisins á starfsánægju hafi alla tíð verið í forgrunni. „Í raun og veru var Sólar stofnað á þeim grunni árið 2002, að halda ræstingafólki ánægðu í vinnu, enda væri það mikil áskorun í ræstingafyrirtæki. Það voru þau gildi sem fyrirtækið hafði – og hefur.“

Farnar hafa verið ýmsar leiðir til þess að tryggja góð samskipti og er markmiðið með þessari nálgun skýrt. „Við teljum að með því að gera ákveðna hluti þannig að starfsfólk geti treyst vinnuveitandanum sínum – að það viti að það er verið að gera allt rétt, þau eru að fá rétt borgað, það er ekki verið að fara á svig við kjarasamninga eins og oft er gert – að þetta sé grundvöllurinn fyrir því að fólk geti talist ánægt í starfi.“

Ingunn Margrét ráðleggur þeim sem nýta sér þjónustu ræstingafyrirtækja að skoða hvernig fyrirtækið standi að þessum málum. „Við hvetjum þau sem nýta sér ræstingaþjónustu að kanna hvort þeirra þjónustuaðilar virði lög og reglur kjarasamninga.“

Við þrifum þú slakar á

- Traust þjónusta í yfir 7 ár
- Reglubundin þrif frá 14.391 kr. á mánuði
- Vegna Covid-19 eru helstu snertifletir sprithreinsaðir í öllum okkar þrifum

Heimilisþrif

Sími: 557 8882
heimilisthrif@heimilisthrif.is



Allir vilja hreina dýnu. MYND/GETTY

Að ná blettum úr dýnu

Flest viljum við hreina dýnu. En þar sem ekki er hægt að skella henni í þvottavél getur verið erfitt að þrifa hana.

Áður en hafist er handa við að þrifa dýnuna er best að tryggja að öll efni og verkfæri til verksins séu til staðar á heimilinu.

Það sem gott er að eiga er: úða-brúsi, mælikanna, hrein tuska, ilmkjarnaolíu, borðedik, þvottaefni, uppþvottalögur, vetnisperoxíð (fæst í apótekum), matarsóði og ryksuga.

Þvaggblettir

Til að ná þvaggblettum úr dýnu er gott að blanda saman til helminga vatni og ediki. Því næst skal væta tusku upp úr blöndunni og þrýsta blautri tuskunni létt ofan á blettinn. Eftir það er matarsóða stráð yfir blettinn. Látið standa í

að minnsta kosti átta tíma. Ryksugið svo matarsóðann upp og bletturinn ætti að vera að mestu horfinn.

Svitablettir

Til að losna við svitabletti skal blanda saman jöfnu hlutfalli af vetnisperoxíði, uppþvottalegi og vatni í spreibrúsann. Einnig er gott að bæta við smá ilmkjarnaolíu til að ná burt lykt. Hristið blönduna vel, úðið yfir blettinn og látið standa í 20 mínútur. Því næst skal nudda völkvanum ofan í blettinn með þurri tusku. Stráið svo matarsóða yfir blettinn og látið standa yfir nótt. Að lokum skal ryksuga upp matarsóðann og dýnan ætti að vera hrein.

Blóðblettir

Erfiðustu blettirnir til að ná úr dýnum eru blóðblettir. Best er að blanda saman til helminga köldu vatni og borðedik. Úðið blöndunni á blettinn og látið þorna. Það gæti þurft að endurtaka þetta nokkrum sinnum til að ná blettinum alveg. Ef þessi aðferð dugur ekki má prófa að búa til þykkjan graut úr matarsóða og vatni og bera á blettinn. Þegar bletturinn er orðinn þurr má ryksuga upp matarsóðann. Þriðja lausnin er að bera í blettinn blöndu af kartöflumjöli og vatni. Ef það er mögulegt er best að láta blettinn þorna við hita eins og til dæmis sól og ryksuga að lokum upp kartöflumjölið.

Ég vil að starfsmenn geti nálgast mig og ég hef verið skýr á því að við verðum að stytta boðleiðir.

sömu þjónustu fyrir útflutning og áður, þótt við drögum úr hraðþjónustu á milli Reykjavíkur og Rotterdam. Í ljósi þess að við teljum að fiskur verði fluttur út frosinn í meiri mæli á næstunni teljum við það skynsamlega breytingu. Við munum áfram bjóða upp á hraðflutning á ferskum fiski til Bretlands og Danmerkur. Flytja má ferskan fisk þaðan til Frakklands með trukkum. Við verjum hraðþjónustu í innflutningi á ferskvöru með því að fá skip frá Árósum og Rotterdam í byrjun viku sem hentar vel heildsölum og verslunum.

Að sama skapi minnkuðum við afkastagetuna í kerfinu og skiludum um tveimur gömlum flaggskipum, Godafossi og Laxfossi, tveimur mánuðum fyrr en áætlað var. Það er gott að hafa þennan sveigjanleika. Með þessari breytingu erum við að hagræða talsvert í flutningakerfinu. Skipin voru seld í desember en við leigðum þau aftur á meðan beðið var eftir nýjum skipum úr smíði. Við fáum fyrra skipið afhent vonandi núna í lok annars ársfjórðungs.“

Hvað eruð þið með mörg skip í rekstri?

„Við vorum með tíu gámaskip í siglingum en þeim hefur verið fækkað í átta. Það sigldu áður sjö skip frá Íslandi til Evrópu en nú sigla fimm skip þá leið. Jafnframt sigla þrjú skip frá Íslandi til Kanada og Bandaríkjanna. Eftir breytinguna verðum við með nógu mikla afkastagetu til að sinna viðskiptavinum. En það verður líka að viðurkennast að undanfarna mánuði hefur nýting skipanna ekki verið nógu góð.“

Eimskip rekur líka fjögur frystiskip sem sigla frá Noregi til Hollands og Bretlands og til baka. Af þeim eigum við þrjú og leigjum eitt. Við seldum þrjú frystiskip við lok síðasta árs og fækkuðum skipum í rekstri um tvö því við leigðum eitt þeirra í tvö ár. Að lokum eigum við svo ferjurnar Baldur og Særúna á Breiðafirði.“

Fimm skip seld

Hverju hefurðu breytt hjá Eimskip frá því þú tókst við keflinu í janúar á síðasta ári?

„Við höfum ráðist í ýmis verkefni, til dæmis höfum við samþætt hluta af stodeiningum í öflugar miðlægar einingar, víða hætt að nota skrifstofur og einkabílastæði sem eru svona kúlturmál og tekið ákvörðun um að sameina höfuðstöðvar í Vöruhótelinu og þannig fækka skrifstofufermetrum umtalsvert.“

Eitt af stóru verkefnum var að breyta skipaflota félagsins og við seldum fimm skip úr flota Eimskips. Við vorum sátt við sölnu á sínum tíma en í ljósi stöðunnar getum við verið enn ánægðari með að hafa drifið í henni. Það hefði verið mun erfiðara að selja skipin núna.“

Af hverju var ákveðið að selja skipin?

„Í Noregi var hugmyndin að aðlaga afkastagetu okkar betur að starfseminni og því magni sem flutt var. Við vorum með of mikla afkastagetu og kerfið var of dýrt. Það hefur sýnt sig að hægt og sigandi hefur sá rekstur batnað.“

Á Íslandi seldum við tvö elstu gámaskipin og fáum tvö ný í staðinn. Það er hluti af endurnýjun flotans. Hin ástæðan var að við verðum að auka arðsemi af rekstri félagsins og til þess þarf að velja við hverjum steini, þar á meðal að grandskóða siglingakerfið og stilla það þannig af að afkoman verði viðunandi. Afkoman af siglingakerfinu hefur ekki verið viðunandi á síðustu árum.“

Var of dýrt og teygt

Var siglingakerfið orðið of viðfeðmt?

Blóðpeningur að borga sektir

Fjármálaeftirlitið (FME) sektaði Eimskip um 50 milljónir króna árið 2017 fyrir að hafa ekki birt innherjaupplýsingar eins fljótt og auðið var. „Það er blóðpeningur í mínum huga að borga sektir. Ég hef því talað um það skýrt innanhúss að það komi ekki til greina að fá fleiri sektir. Við eigum frekar að birta einni fréttatilkynningu of mikið í stað þess að spara við okkur í þeim efnum. Samstarfsfólk mitt er sammála mér hvað það varðar. Þetta er með ólíkindum há sekt,“ segir Vilhelm.

„Já, það var orðið of dýrt og of teygt. Því fylgir mikill sveigjanleiki að vera ekki einvörðungu með eigin skip í rekstri. Eins og ég hef nefnt, þá stóð okkur til boða að skila tveimur skipum og í ljósi stöðunnar sem kórónaveiran skapar var bruggið á það ráð að gera það við fyrsta tækifæri. Sá sveigjanleiki væri ekki fyrir hendi ef við ættum öll skipin. Þess vegna er skynsamlegt að vera með blöndu af eigin skipum – sem bjóða upp á ákveðið öryggi í rekstri – og leiguskipum. Leiguskip bjóða jafnframt upp á sveigjanleika, til dæmis ef það þarf annað skip sem er með krana eða eitthvað því um líkt.“

Heldurðu að tekjur Eimskips muni dragast mikið saman vegna kórónaveirunnar?

„Við vinnum með nokkrar sviðsmyndir hvað það varðar og þær miðast ekki eingöngu að þróuninni á Íslandi. Blessunarlega er Eimskip með marga tekjustrauma. Það má skilgreina tekjustraumana meðal annars á þennan máta: Innflutningur til Íslands, útflutningur frá landinu, innflutningur til Færeyja, útflutningur frá Færeyjum og alþjóðleg flutningsmiðlun.“

Eimskip er mikilvægt innviðafyrirtæki í Færeyjum og umfangið er svipað á Íslandi. Þar erum við með siglingar, vöruhús, dreifum innanlands, rekur höfn og svo framvegis. Líklega verður samdrátturinn á flutningi í Færeyjum minni en á Íslandi. Útflutningur þaðan er meiri en innflutningur. Því er öflugt farið á Íslandi. Væntanlega mun innflutningur dragast minna saman í Færeyjum en hér á landi.“

Flutningsmiðlunin er ekki háð íslenska hagkerfinu. Það verður væntanlega einhver samdráttur en það sem er áhugavert í því samhengi er að þar störfum við á syllu sem snýr að hitastýrðum flutningum eins og á frosinni eða kældri matvöru. Það verður eflaust minni samdráttur á því sviði en í öðrum flutningum í heiminum.“

Flutningur yfir Atlantshafið hefur einnig vaxið með tveggja stafa tölu að undanförunu. Sú starfsemi er ótengd Íslandi nema hvað íslenskt skipafélag annast flutninginn. Viðskiptavinir okkar þar flytja fjölbreyttar vörur, allt frá mat til idnaðarvara.“

Ég get ómögulega séð fyrir hvort samdrátturinn verði fimm prósent eða tuttugu prósent. Það á eftir að koma í ljós.“

Mikil áhrif á starfsemina

Hvernig er efnahagur Eimskips í stakk búinn til að mæta samdrætti í tekjum?

„Kórónaveiran hefur haft mikil áhrif á starfsemi félagsins. Á örfáum vikum hafa um 80 prósent af þeim 800 starfsmönnum sem vinna á skrifstofu unnið að öllu eða einhverju leyti heima hjá sér. Það var krefjandi verkefni og leyst vel af hendi. Við bjuggum að þeirri reynslu að starfsfólk okkar í Kína vann heima hjá sér frá janúar þar til í þar síðustu viku þegar flestir sneru aftur á starfsstöðina.“

Við þær aðstæður þarf að tryggja að tæknin ráði við verkefnið, halda uppi góðum liðsanda, hvetja fólk áfram, og halda starfsfólki og viðskiptavinum vel upplýstum um stöðu mála. Sömuleiðis hefur þurft

Að mati FME birti skipafélagið ekki tafarlaust að rekstrarafkoma á fyrsta ársfjórðungi 2016 yrði mun betri en árið á undan.

„Málið tengist ákvörðunum sem teknar voru áður en ég hóf störf hjá Eimskip. Málið var rekið fyrir öllum dómstigum og tapaðist fyrir Hæstarétti í fyrri. Það byggðist á ólíkum skilningi um hvenær eigi að birta afkomuviðvörðun, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, þegar fyrir liggur áætlan um EBITDA. Það hafði ekki reynt á þetta áður á Íslandi,“ segir hann.

Eimskip er mikilvægt innviðafyrirtæki í Færeyjum og umfangið er svipað á Íslandi.

að aðskilja deildir og tryggja að það sé ekki samgangur milli fólks við vaktaskipti, sem dæmi má nefna hjá þeim sem starfa á krönum, sem er afar mikilvægt starf í okkar rekstri.“

Horft til fjárhagslegu áhrifanna þá eiga þau eftir að koma í ljós. Eimskip býr að miklu eigin fé og riflegu lausafé,“ segir hann. Eigið fé nam 230,9 milljónum evra við lok síðasta árs eða um 36 milljörðum króna og eiginfjárhlutfallið var 44 prósent.

Mikill fastur kostnaður

„Eimskip flytur mikið magn af til dæmis áli, kísilmálmi og matvöru. En það er mikill fastur kostnaður í rekstrinum og því skiptir máli hvort samdrátturinn verður óverulegur eða mikill.“

Við höfum dregið upp nokkrar sviðsmyndir til að meta hvernig rétt sé að bregðast við ef tiltekna aðstæður koma upp í rekstrinum. Til er sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að einhverjum starfsmönnum erlendis verði sagt upp en ekki á Íslandi. Önnur gerir ráð fyrir að einhverjar starfsmenn á Íslandi fari hlutastarfaleiðina, eins og ríkið býður upp á, og í annarri er gert ráð fyrir uppsögnum starfsmanna á Íslandi.“

Fyrir skemmstu sögðum við upp um 30 starfsmönnum erlendis. Það má segja að kórónaveiran hafi ýtt við okkur að grípa til uppsagnanna, en um var að ræða hagræðingu sem stefnt hafði verið að í einhverja mánuði.“

Vilhelm bendir á að starfsmönnum Eimskips hafi fækkað um 90 það sem af er ári, flestir þeirra hafi starfað erlendis. Tæplega helmingur starfsmanna sé erlendis en starfsmenn fyrirtækisins séu um 1.700.“

Skrifstofukúltúr

Hvað kom þér mest á óvart þegar þú tókst við stjórnarstafnum? Ég bið þig að nefna ekki hvað starfsfólkið stendur sig vel, eins og stjórnendur vilja oft draga fram, heldur kafa dýpra.

„Svo það sé sagt, þá kom mér það ekki á óvart hvað það er mikið af góðu fólki hjá Eimskip. Aftur á móti kom það þægilega á óvart hvað glettilega margir eru með langan starfsaldur, fjölmargir hafa starfað hér í 40 til 50 ár. Það er oft þannig að pabbinn eða afinn er sjómaður hjá okkur, mamman starfar á skrifstofunni og sonurinn á hafnarsvæðinu.“

En hvað kom mér á óvart? Til dæmis hvað skipuritið skiptir miklu í augum starfsmanna, það ríkir ákveðið stigveldi (e. hierarchy) og það er meiri skrifstofukúltúr en ég reiknaði með. Fyrirtækið er ekki eins snarpt í snúningum og ég myndi vilja sjá. Að sama skapi er heilmikið tækifæri fylgið í því að vinna með starfsfólkinu að því að breyta þessum hugsunarhætti. Ég hófst handa við það fljótlega eftir að ég byrjaði.“

Hvernig tekst þú á við það verkefni

Samkeppniseftirlitið hefur til rannsóknar hvort Eimskip og Samskip hafi stundað ólöglegt verðsamráð. „Það er sorglegt mál sem hefur staðið í allt of langan tíma,“ segir Vilhelm og leggur áherslu á orð sín. „Rannsóknin hefur staðið í tíu ár og hefur haft mikil áhrif á rekstur félagsins. Ég finn að margir starfsmenn eru ósáttir við framkomu Samkeppniseftirlitsins. Þetta er í ferli og vonandi sér fyrir endann á því sem fyrst. Við það geta Eimskip og Samkeppniseftirlitið beint kröftum sínum í önnur verkefni,“ segir Vilhelm.“

að breyta fyrirtækjameningunni?

„Að vera einn af fólkinu. Við erum að flytja höfuðstöðvarnar og þar verð ég ekki með skrifstofu. Ég vil að starfsmenn geti nálgast mig og ég hef verið skýr á því að við verðum að stytta boðleiðir. Stjórnendur verða að sama skapi að hafa sjálfstraust og hugrekki til að treysta sérfræðingum fyrirtækisins til að taka boltann og leysa málin. Fólki er treystandi. Því meira af upplýsingum sem þau hefur, því viljugra er það til að leysa málin upp á eigin spýtur og stendur sig betur í vinnunni.“

Varnarsigur í fyrria

Hvernig horfir rekstur Eimskips við þér?

„Ég hef stýrt fyrirtækinu í rúmt ár og þetta hefur verið skemmtilegur tími. Hef komið að mörgum áhugaverðum verkefnum, sum þeirra voru í vinnslu þegar ég kom og önnur hafði ég frumkvæði að. Jafnvel þótt afkoman lítið til EBITDA – það er hagnaðar fyrir skatta, afskriftir og fjármagnsliði – sem hlutfall af tekjum hafi ekki verið betri en raun ber vitni á síðasta ári, var um að ræða ákveðinn varnarsigur vegna þess að magn í flutningi minnkaði töluvert. Sá árangur náðist vegna þess að við tókum til í rekstrinum; starfsfólki var fækkað, tækni nýtt í ríkari mæli, nokkrum skrifstofum erlendis var lokað og starfsemi var hætt í tveimur löndum. Samanlagt var hagrætt um margar milljónir evra. Ég er feikilega stoltur af þeirri vinnu. Afkoman hefði ekki verið svipuð í fyrria og árið áður hefði ekki verið ráðist í þessar aðgerðir.“

Varstu með mótaða sýn á hvernig þú vilðir breyta fyrirtækinu þegar þú tókst við sem forstjóri?

„Nei, ég hafði ekki unnið fyrir flutningafyrirtæki áður og hafði ekki mótaða sýn. Fyrstu mánuðina fór ég víða um fyrirtækið, bæði hérlandis og erlendis, og spurði margra spurninga. Við það fóru hugmyndir að fæðast samhliða góðum samtölum við samstarfsfólk. Sumt þótti manni strax liggja í augum uppi á meðan aðrar hugmyndir tóku lengri tíma að fæðast.“

Var Samherji með skýra sýn á rekstur Eimskips þegar hann keypti kjölfestuhlut í fyrirtækinu?

„Já. Þeir horfðu til þess að það yrði að hagræða í rekstri og samþætta erlendu starfsemina sem hafði vaxið hratt á árunum 2014 til 2018 með yfirtökum. Það lá skýrt fyrir að það þyrfti að ná betur utan um fyrirtækið og styrkja innviði.“

Vonastu til að einhverjar af þeim tekjustöðum sem þú nefndir fyrr í viðtalinu muni vaxa meira en aðrar á næstu tíu árum?

„Verkefnið um þessar mundir er að hagræða og samþætta reksturinn og það á hug minn allan eins og sakir standa. Það verður þó ekki þannig til langframa. Það mun koma að þeim tímavæðingum að stjórn sést niður með framkvæmdastjórn og hugað verður að vaxtartækifærum. Það eru til dæmis tækifæri til að vaxa með viðskiptavinum okkar á Íslandi, laxeldi er áhugaverður vaxtarbroddur. Mögulega mun bætt kælitækni gera það að verkum að hægt verði að sigla lengri leiðir með ferskvöru án þess að frysta hana.“

Ómögulegt að halda uppteknum hætti

Svipmynd

Rakel Garðarsdóttir

Rakel Garðarsdóttir er einn af stofnendum Verandi sem er rúmlega tveggja ára gamalt fyrirtæki sem framleiðir húð- og hárvörur þar sem meginuppistaðan er hráefni sem falla til við aðra framleiðslu, aðallega matvælaframleiðslu, eða er alla jafna hent. Þannig er spornað gegn offramleiðslu og sóun.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Sem betur fer breytast áhugamálin mín oft – ég er frekar hvatvís og forvitin og því alltaf að stúdera eitthvað nýtt. Ég hef mikinn áhuga á umhverfismálum og fylgist vel með þar, sérstaklega því sem tengist nýsköpun og matvælaíðnaði. Svo hef ég ótrúlega gaman af því að vera með vinkonum mínum og spjalla við þær. Ég hef líka alltaf haft mikinn áhuga á trúarhópum, því meiri öfgar, því áhugasamari verð ég. Núna hef ég verið að lesa mér mikið til um orþódox gyðinga og búddatrú. En ætli Noregur sé ekki mitt stærsta áhugamál.

Hver er hugmyndin á bak við Verandi?

Verandi byggir á hugmyndafræði um hringrásarhagkerfi, minni sóun og bættu umhverfisvitund. Hráefnin eru algjörlega skaðlaus umhverfinu og líkama okkar og því vinnum við með náttúrunni, ekki á móti henni.

Matarsóun og umhverfisvitund hefur verið mikið í umræðunni síðastliðin misseri og hávær umræða um að það sé nauðsynlegt að taka á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir svo komandi kynslóðir geti átt hér blómlegt líf. Snyrtivöruiðnaðurinn hefur verið mikið inni í þeirri umræðu vegna skaðsemi margra efna sem notuð eru í vörurnar sem og slæmar framleiðsluáferðir. Við lifum á þannig tímum að það er skylda okkar að sporna við þeim vandamálum sem komandi kynslóðir standa frammi fyrir og er hugsjón Verandi sprottin út frá því.

Við höfum séð þetta mikið í sjávarútvegnum en mun minna í landbúnaði. Við erum afar stoltar af því að geta þróað hágæðavörur á þennan sjálfbæra máta sem stenst fullkomlega alla samkeppni án þess að draga nokkuð úr metnaði í framleiðslunni. Mikil verðmætisköpun felst í því að komast ofar í virðiskeðjuna með því að koma með vörur á markað með flóknari efnasamböndum.



Rakel Garðarsdóttir, ein af stofnendum Verandi, segir að fjármögnun sé helsta áskorunin í uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækis. FRÉTTAHLAÐID/ANTON BRINK

Með því að nota hliðarafurðir sem skapast í matvælaíðnaðinum í vörurnar okkar þurfum við ekki að láta framleiða fyrir okkur sérstaklega nema hluta innihaldsefna. Þetta leiðir til þess að við göngum ekki að óþörfu á auðlindir jarðar, sem eru langt frá því að vera ótakmarkaðar. Offramleiðsla á stóran þátt í hlýnun jarðar og teljum við að í framtíðinni verði meiri áhersla lögð á að endurvinna hráefni og nýta hliðarafurðir, í stað þess að vera sífellt að framleiða meira og meira. Það er í raun ómögulegt fyrir okkur að halda áfram að framleiða á þann hátt sem tíðkast hefur hingað til.

Hver hefur verið helsta áskorunin í uppbyggingu fyrirtækisins?

Ætli fjármögnunin sé ekki helsta

●● Það stoppaði bara allt. Öll plön. Við vorum í viðræðum við fjárfesta og erlend dreifingarfyrirtæki og allt í einu er bara allt sett á pásu.

áskorunin og það að halda áfram þó oft blási ansi hart á móti okkur sem erum með sprotafyrirtæki á Íslandi. Það er erfitt, flókið og dýrt að vera lítill og nýr á markaðnum þar sem samkeppni er mikil. Við erum þó einstaklega heppnar að hafa hlotið styrki frá meðal annars Tækniþróunarsjóði, Hönnunarmiðstöð, Átaki til atvinnusköpunar og Íslandsbanka sem hefur gert okkur

kleift að þróa vörurnar okkur í samvinnu við Matis og Pharmarctica.

Hefur COVID-19 haft áhrif á reksturinn eða áætlanir Verandi?

Alveg klárlega. Það stoppaði bara allt. Öll plön. Við vorum í viðræðum við fjárfesta og erlenda dreifingaraðila og fleira og allt í einu er bara allt sett á pásu. Nú bíðum við til dæmis eftir að pósturinn opni aftur fyrir flutning til Suður-Kóreu, en það var haft samband við okkur frá fríhöfninni í Seúl vegna áhuga á að selja vörurnar okkar þar. Þannig að um leið og allt opnast aftur, getum við haldið áfram að tengjast hinum stóra heimi.

En við erum mjög jákvæðar fyrir framtíðinni og ég er einstaklega forvitin um hvernig allt verður og þá helst hvort og hvað við lærum

af þessu öllu til lengdar – ætli það verði ekki mitt næsta áhugamál!

Hvað er það sem knýr þig áfram?

Fyrir mitt leyti þá hef ég ástríðu fyrir að taka þátt í að gera framtíðina og heiminn betri – og það gefur mér aukinn kraft í að halda áfram. Ég á börn og ég hef miklar áhyggjur af því hvernig græðgi og neysla er að fara með heiminn og þeirra framtíð. Reyndar hefur verið slökkt á heiminum í þessum töluðu orðum og í raun vitum við ekki hvenær hann fer aftur í gang og hvernig allt verður þá. Manneskjan er fljót að gleyma en ég vona svo innilega að við förum ekki alveg í 5. gir þá.

Það eru engir aðrir en ég og þú sem geta breytt heiminum til hins betra – af hverju ekki að reyna?

A4+

Komdu þér vel fyrir
heima eða á
skrifstofunni

ALLT FYRIR VINNUAÐSTÖÐUNA

á skrifstofunni & heima við

Verslaðu á einfaldan hátt á A4.is og fáðu aðstoð söluráðgjafa okkar. Hjá fyrirtækjaþjónustu A4 starfa reynslumiklir söluráðgjafar sem veita faglega og persónulega ráðgjöf er varðar innkaup á rekstar- og skrifstofuvörum.

Þú getur pantað á A4.is eða haft samband við söluráðgjafa í síma 580 0000 / panta@a4.is.

Við sjáum um að afgreiða og koma með vörurnar til þín, þú sparar bæði tíma og fyrirhöfn.

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000 Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 550 5000 eða sendu póst á orn@frettabladid.is.

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.



*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019.
Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

Sveigjanleiki skiptir sköpum



Guðlaug Kristinsdóttir, stjórnarformaður Limtré Virnets, Securitas og framþjóðandi til formanns Samtaka iðnaðarins.

Hagkerfi heimsins eru nær öll á hnjúnum. Ísland er þar engin undantekning og fram undan er mikið verk til að tryggja upprisu lands og þjóðar. Íslenskt hugvit og handverk mun ráða miklu um árangurinn, en ekki síður stefnan sem við tökum í þessum skritnu aðstæðum.

Á undanförunum vikum hefur komið í ljós að þjóðir heims hugsa fyrst um sjálfar sig þegar hætta steðjar að. Virðisdeðja alþjóðaviðskipta er rofin, vöru- og fólkflutningar eru afar takmarkaðir og alþjóðasamningar eru í hættu. Aðstæðurnar kalla víða á breytt viðhorf, ekki síst hvað varðar sjálfbærni hagkerfa. Skyndilega sjá allir mikilvægi þess að þjóðir geti framleitt mat fyrir sjálfar sig og forgangsröðun fjármuna í þágu heilbrigðiskerfa. Allir virðast sammála um að ríki gripi til umfangsmikilla efnahagsaðgerða, svo hjól samfélagsins snúist þrátt fyrir vírusa og innilokanir.

Á sama hátt er ómetanlegt fyrir þjóðir að ráða sjálfar sínum efnahagsmálum, reka sína eigin peningastefnu og eiga sinn eigin gjaldmiðil. Kostir þess hafa sýnt sig í fyrri kreppum og þeir munu gera það núna.

Íslenskur iðnaður þekkir þetta vel. Líkt og aðrar þjóðir hafa Íslendingar tekist á við miklar efnahagsveiflur, en með sjálfstæði og sveigjanleika í farteskinu hefur okkur tekist að vinna vel úr áföllum. Nái ég kosningu sem formaður Samtaka iðnaðarins mun ég beita mér fyrir auknu alþjóðasamstarfi iðnaðarins. Ég vil að iðnaðurinn efni til meira samstarfs út fyrir Norðurlöndin og Evrópu, við systursamtök í öðrum heimsálfum og löndum sem hafa náð langt. Tækifærin eru víða og einskorðast sannarlega ekki við innri markað Evrópusambandsins.

Sum af stærstu fyrirtækjum Samtaka iðnaðarins hafa talað fyrir og jafnvel beitt sér markvisst fyrir



innngöngu Íslands í ESB og upptöku evru, þvert á vilja hins almenna félagsmanns. Það er skiljanlegt að einstök fyrirtæki berjist fyrir málum sem koma þeim sjálfum vel, en heildarhagsmunir þjóða og hagkerfa veiga þyngra. Við eigum að rækta okkar eigin garð, bæta aðstæður og rekstrarskilyrði fyrirtækja án þess að gefa frá okkur friðindin sem felast í sjálfstæðinu. Ýmsar lagfæringar á rekstrarumhverfinu hafa verið gerðar og við eigum að mæta framtíðinni með metnað til að gera betur. Hér hafa stórfyrirtæki orðið til og blómstrað á alþjóðlegum samkeppnismörkuðum, en líka notið góðs af íslenskri umgjörð

Sum af stærstu fyrirtækjum Samtaka iðnaðarins hafa talað fyrir og jafnvel beitt sér markvisst fyrir innngöngu Íslands í ESB og upptöku evru, þvert á vilja hins almenna félagsmanns.

og opinberum stuðningi. Aðild að Evrópusambandinu er því ekki forsenda fyrir góðum rekstri, sjálfbærni í fyrirtækjarekstri og vexti. Við berum ábyrgð á okkur sjálf og engin þjóð tekur okkar hagsmuni fram yfir sína. Við getum lært af frábærum árangri þeirra glæsilegu íslensku fyrirtækja sem náð hafa lengst og vinna í samstarfi atvinnulífs og stjórnvalda að framgangi og vexti íslensks iðnaðar. Þar eiga þjóðabandalög eða stjórnvöld í öðrum löndum ekki að ráða för.

Að loknum heimsfaraldri mun alþjóðasamstarf og samvinna heimsálfa á milli aftur taka við sér,

en það er ljóst að heimurinn verður ekki samur. Í breyttum heimi þarf skýra stefnu, markvissan stuðning við sókn á nýja markaði og virka þátttöku í samtali um framtíð alþjóðaviðskipta. Í slíku samstarfi höfum við ýmislegt fram að færa, því hér hafa áföll og lausnir oft verið aðrar en önnur hagkerfi þekkja. Við eigum að miðla af okkar reynslu, en taka þátt í samstarfi með opnum huga og leita að tækifærum til að bæta okkar samfélag. Í samstarfi gefum við þó engan afslátt af hagsmunum lands og þjóðar, við leggjum áherslu á sjálfbærni, umhverfismál og eignarhald og forræði yfir eigin landi.

Hefur COVID-19 áhrif á mat á samrunum?



Halldór Brynjar Halldórsson lögmaður hjá LOGOS.



Vilhjálmur Herrera Þórisson lögmaður hjá LOGOS.

COVID-19 hefur þegar haft veruleg efnahagsleg áhrif á fyrirtæki jafnt hér á landi sem erlendis. Þarf ekki að fjölyrða um það að framtíð margra fyrirtækja hangir á bláþræði um þessar mundir. Við slíkar aðstæður er ekki óeðlilegt að fyrirtæki skoði mögulegan ávinning af sameiningu starfsemi eða kaupum á eignum, til dæmis í þeim tilgangi að ná fram samlegðar-áhrifum og tryggja að eignir hverfi

ekki af markaði. Í slíkum tilfellum þarf að gefa samrunareglum samkeppnislaga nr. 44/2005 sérstakan gaum.

Þegar fyrirtæki eru á barmi gjaldþrots getur Samkeppniseftirlitið í undantekningartilvikum og að vissum skilyrðum uppfylltum fallist á að heimila samruna fyrirtækja þrátt fyrir að sýnt sé að hann leiði til rökunar á samkeppni, ef slík niðurstaða er óhjákvæmileg vegna markaðsaðstæðna og stöðu hins yfirtekna félags. Er þessi regla nefnd reglan um fyrirtæki á fallanda fæti (e. failing firm defence). Er rökinn með reglunni meðal annars þau að það sé í þágu langtímahagsmuna neytenda að framleiðslutæki haldist í rekstri þrátt fyrir að keppendum á markaði fækki við samruna.

Skilyrði þess að heimila beri samruna á grundvelli reglunnar um fyrirtæki á fallanda fæti eru þrjú. Hefur verið litið svo á í dómaframkvæmd að skilyrðin þurfi að meginstefnu til öll að vera uppfyllt fallist sé á beitingu reglunnar þótt hafa verið hliðsjón af sérkennum hvers markaðar fyrir sig við beitingu hennar.

Í fyrsta lagi þarf að sýna fram á að hið yfirtekna félag muni hverfa af markaði í náninni framtíð hvort sem er. Alla jafna nægir að sýna fram á

Má af því ráða að Samkeppniseftirlitið hafi skilning á þeim aðstæðum sem uppi eru og viðurkenni að það muni eftir föngum láta reyna á málalátunnað samrunaaðila sem byggir á því að hið yfirtekna sé á fallandi fæti.

að fyrirtækið stefni í þrot að öllu óbreyttu til þess að uppfylla þetta skilyrði og af þeim sökum muni það hverfa af markaði.

Í öðru lagi þarf að sýna fram á að ekki sé fyrir hendi kostur sem kæmi til með að raska samkeppni með vægari hætti en samruninn, s.s. með samruna við annað fyrirtæki. Erfitt getur verið að sýna fram á með öyggjandi hætti að þetta skilyrði sé uppfyllt, enda oft skammur tími sem aðilar hafa til að taka yfir fyrirtæki á fallanda fæti og getur sönnunarstaðan verið erfið. Að meginstefnu til dugar að sýna fram á að engir aðrir hugsanlegir kaupendur séu til staðar eða annar kostur myndi ekki leiða til vægari rökunar á samkeppni. Alla jafna myndi

hjalpa ef unnt er að sýna fram á raunverulega tilraun til að leita að öðrum kostum, meðal annars ef fyrirtæki hefur verið í söluferli í einhvern tíma og hefur notið aðstoðar sérfræðinga við leit að mögulegum kaupendum án árangurs.

Í þriðja lagi þarf að sýna fram á að eignir fyrirtækisins myndu hverfa af markaði ef ekki kæmi til samrunans. Í framkvæmd hefur þetta skilyrði verið talið uppfyllt þegar sýnt er fram á að markaðshlutdeild muni, hvort sem af samrunanum verður eða ekki, fara að minnsta kosti að stærstum hluta til yfirtökufélagsins. Hefur þetta skilyrði einnig verið talið uppfyllt þegar hinn kosturinn er að selja eignir fyrirtækisins úr landi.

Um undantekningarreglu er að ræða og er hún af þeim sökum túlkun þröngt af Samkeppniseftirlitinu. Liggur fyrir að erfitt getur verið að færa sönnur á að öll skilyrðin séu uppfyllt, þá ekki síst annað skilyrðið, enda liggur fyrir að yfirtaka á félagi sem er á barmi gjaldþrots, eða kaup á eignum þess, þarf að ganga hratt og snurdulaust fyrir sig og gefst oft ekki tími til að kanna til þrautar hvort aðrir hugsanlegir kaupendur séu til staðar.

Samkeppniseftirlitið hefur birt

sérstaka upplýsingasíðu sem til-einkuð er beitingu samkeppnisreglna og samkeppniseftirlits vegna efnahagsáhrifa COVID-19. Þar má finna vísbendingar um hvar áherslur eftirlitsins muni liggja á komandi misserum. Má af því ráða að Samkeppniseftirlitið hafi skilning á þeim aðstæðum sem uppi eru og viðurkenni að það muni eftir föngum láta reyna á málalátunnað samrunaaðila sem byggir á því að hið yfirtekna fyrirtæki sé á fallanda fæti.

Í slíkum tilvikum þurfa samrunaaðilar að treysta á skjóta og sveigjanlega afgreiðslu Samkeppniseftirlitsins þar sem samrunaaðilar í slíkri aðstöðu geta hreinlega ekki beðið í lengri tíma eftir því að fá úr því skorið hvort fyrirtæki muni í sjáanlegri framtíð hrökklast af markaði vegna efnahagsörðugleika ná samruninn ekki fram að ganga. Þetta kallar þó á það að fyrirtæki þurfa að vera í stakk búin að sýna fram á með gögnum að samruni muni ekki hafa skaðleg samkeppnisleg áhrif í för með sér eða að þröng skilyrði varnarinnar um fyrirtæki á fallanda fæti séu fyrir hendi. Skiptir því verulegu máli hvernig viðskiptin eru bæði undirbúin og framkvæmd.

BRÁÐUM KEMUR BETRI TÍÐ

**SJÁUM UM VIÐHALD FASTEIGNA
FYRIR HÚSFÉLÖG, EINSTAKLINGA
OG STOFNANIR**

HÁPRÝSTIPVOTTUR

MÚRVIÐGERÐIR

FLÍSALÖGN

MÁLUN

HELLULAGNIR



HJÓL
ATVINNULÍFSINS

Hjól atvinnulífsins ehf. – Alhliða verktaka
Borgartúni 3
105 Reykjavík
Símar: 8446829 / 6624514
Netfang: hjolatvinnulifsins@gmail.com

kjörvari STEINVARI

Skotsilfur



Móðir allra kreppa

Íslenska hagkerfið er að fara að sigla inn í dýpri kreppu en við höfum lengi séð. Haft var eftir



Bjarna Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, í kvöldfréttum RÚV á þriðjudag að efnahagskreppan vegna kórónaveirunnar stefndi í að verða ein sú dýpsta hér á landi í hundrað ár. Til þess að sú verði raunin þarf samdráttur landsframleiðslu að verða meiri en árið 2009 þegar hann var 6,5 prósent. Ef samdrátturinn nær 14 prósentum, eins og árið 1920, verður hann sá mesti frá að minnsta kosti 1870.

Dómínóáhrif

Fasteignarísarnir eru í þröngri stöðu. Verslanir þrýsta á lækkun leigu og benda á að greiðslu- frestur dugi skammt þegar við



blasir tekjuhrun. Fasteignafélögin þora hins vegar ekki að ræða við tiltekna verslanir um afslætti, vitandi að slíkar tilslakanir geti gefið fordæmi sem aðrar verslanir geta bent á. **Helgi S. Gunnarsson**, forstjóri Regins, hefur sagt félagið ekki geta tekið á sig það högg sem fælist í lækkun leigu. Í ofanálag hjálpa aðgerðir stjórnvalda félögum lítið við að koma til móts við leigutaka enda er launakostnaður þeirra lágur í stóra samhenginu. Veruleg lækkun fasteignagjalda væri mun áhrifaríkari aðgerð.

Vel gert

Það kom mörgum á óvart þegar Icelandair Group greindi frá því fyrir helgi að það hefði, í miðjum heimsfaraldri, lokið sölu



á 75 prósentu hlut í hótélkeðju sinni til malasísku fyrirtækjasamsteypunnar Berjaya. Vissulega var kaupverðið lækkað á lokametrinum, í ljósi aðstæðna, en það hlýtur að teljast aukaatriði í stóra samhenginu. Félagið var komið í þrönga stöðu í viðræðunum og því var það vel af sér vikið hjá **Bogi Nils Bogasyni** forstjóra og félögum að ná að leiða málið til lykta.

Ítalía siglir inn í djúpa kreppu



Sóttþreinsandi efnum dreift á dómkirkjutorgi Milanóborgar. Atvinnuleysi á Ítalíu hefur ekki aukist jafn hratt frá því í fjármálakreppunni árið 2009 en greinendur vara við því að kreppan sem hagkerfi landsins siglir nú inn í verði umtalsvert dýpri en fyrri kreppur. Vísitala innkaupastjóra bendir til þess að umsvif í þjónustugeiranum á evrusvæðinu hafi hvergi minnkað eins mikið og hratt á síðustu vikum og á Ítalíu. MYND/AFP

Barist við vindmyllur



Ásdís Kristjánsdóttir forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins

Um ræðu um verðbólgu og verðtryggingu lána rifjast upp skáldsagan um Don Kíkóta sem gerði sér far um að berjast við ímyndaða eða alla jafnan hættulausa óvini. Á meðan veitingastaðir standa auðir, hótél eru tóm, margar verslanir hafa lokað dyrum sínum og við blasir einn mesti samdráttur lýðveldissögunnar skýtur upp kollinum sú krafa að verðtryggð lán heimila skuli fryst vegna ótta um komandi verðbólguþak.

Neysla heimila einkorðast í dag fyrst og fremst við nauðsynjavörur, þótt raftæki og líkamsræktarvörur séu helst undantekning frá því. Varnaraðgerðir stjórnvalda gegn COVID-19 sjúkdómnum hafa líkt og við var að búast bein áhrif á aðgengi og kaup heimila á neysluvörum og þjónustu. Á fyrstu viku samkomubannsins mældist meðal annars 44% samdráttur í innlendri kortaveltu miðað við sömu viku fyrir ári samkvæmt nýbirtum tölum Hag-

stofu Íslands. Föt, skór, húsbúnaður, veitingastaðir, hótélgisting, flugfargjöld, klipping og snyrting eru dæmi um neysluvörur sem varla mælast til neyslu þessa dagana. Við bætist frosinn fasteignamarkaður og verðlækkun á hrávörum og olíu, en heimsmarkaðsverð á olíu hefur lækkað um 55% frá áramótum sem dæmi.

Kraftar fallandi eftirspurnar, mikils framleiðslulaka og verðhjöðunar vegna lækkunar hrávöruverðs og alþjóðlegrar verðbólguhorfa vega einfaldlega þyngra um þessar mundir en verðhækkun innfluttra neysluvara vegna 15% veikingar krónunnar frá áramótum. Seðlabankinn og greiningaraðilar spá hóflegri verðbólgu fram undan og fjárfestar vænta þess að verðbólga til skamms og meðalangs tíma verði í kringum verðbólgu markmið Seðlabankans. Þá eru væntingar um frekari vaxtalækkunir Seðlabankans. Skaðinn af því að kippa verðtryggingunni úr sambandi getur haft varanleg áhrif á fjármálamarkaði og leitt til mun hærri vaxtakostnaðar heimila og fyrirtækja en ella. Frysting verðtryggðra lána hljómar eins og einföld aðgerð en hún er mun flóknari í raunveruleikanum og kostnaðurinn er langtum meiri en sá vandi sem talið er að slík aðgerð leysi.

Skaðinn af því að kippa verðtryggingunni úr sambandi getur haft varanleg áhrif á fjármálamarkaði og leitt til mun hærri vaxtakostnaðar heimila og fyrirtækja en ella.

Óvinurinn er þarna úti

Hinn raunverulegi óvinur er hins vegar ákaflega sýnilegur, efnahagslegur kostnaður vegna COVID-19 mun hlaupa á mörg hundruð milljörðum króna. Kostnaðurinn er mældur í formi minnkandi verðmætasköpunar, fækkunar starfa, vaxandi atvinnuleysis og algers hruns í tekjum fyrirtækja. Efnahagslegt áfall sem dreifist á alla, fyrirtæki og heimili. Ólíkt fyrri samdráttarskeiðum sem vanalega haldast í hendur við gengisfall og verðbólguþak, koma áhrifin nú fram af fullum þunga í raunhagkerfinu. Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi í apríl nái sögulegum hæðum og verði 14% á sama tíma, miðað við að 20 þúsund fari á hlutabætur, og forsendur eru til að ætla að landsframleiðslan dragist umtalsvert meira saman en í fjármálakreppunni fyrir rúmum 10 árum.

Aðgerðir stjórnvalda beinast að því að lágmarka efnahagslegt tjón

vegna faraldursins. Fyrsti aðgerðapakinn leit dagsins ljós í síðasta mánuði. Þá hefur Seðlabankinn lækkað stýrivexti um eitt prósentustig, aukið útlánagetu bankakerfisins um 400 milljarða króna og lofað 150 milljarða króna magnbundinni íhlutun með fyrirhuguðum kaupum ríkisskuldabréfa á markaði til að miðla stýrivaxtalækkunum bankans betur til lántakenda. Allar aðgerðir sem kynntar hafa verið lofa góðu en meira þarf að koma til. Efnahagshorfur hafa snarversnað frá því aðgerðirnar voru kynntar. Um þessar mundir standa stýrivextir Seðlabankans í 1,75% sem eru sögulega lágir nafnvextir en háir raunstýrivextir þegar lítið er til yfirvofandi framleiðslulaka. Þá eru raunvextir hærri hér en víða annars staðar.

Stjórnvöld boða útfærslu á næsta aðgerðapakka strax eftir páska og miðað við efnahags- og verðbólguhorfur er ekki spurning hvort, heldur hversu mikið Seðlabankinn lækkar stýrivexti á næstunni. Enn er beðið eftir því að Seðlabankinn hefji fyrirhuguð kaup ríkisskuldabréfa, það gerist vonandi fljótlega. Nú ríkir krisuástand. Þá skiptir öllu máli að viðbrögð stjórnvalda og Seðlabankans séu skjót og skilaboðin skýr. Beðið er eftir aðgerðum. Óvinurinn er þarna úti og hann er ekki ímyndaður.

Áhrif Covid á fjármál heimilanna



Sigríður Laufey Jónsdóttir forstöðumaður þjónustu- og lögfræðisviðs Creditinfo.

Kórónafaraldurinn mun koma til með að hafa veruleg áhrif á fjárhag fjölmargra heimila á næstu vikum og mánuðum. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því hvernig best er að mæta þeim

áskorunum sem fram undan eru til að lágmarka áhrifin á fjárhag heimilisins. Einna mikilvægast er að leita allra leiða til að forðast vanskil en þau geta haft töluverð áhrif á niðurstöðu lánsþæfismats og þannig á lánamöguleika í náinni framtíð.

Ef greiðsluvandi er til staðar er ráðlegt að kanna hvaða lausnir eru í boði hjá viðkomandi lánveitanda. Flestir bjóða nú þegar upp á frystingar á afborgunum lána fyrir þá sem sjá fram á að geta ekki staðið í skilum vegna aðstæðna tengdum faraldrinum. Þessar frystingar lána hafa ekki áhrif á lánsþæfismat.

Jafnvel þó greiðsluvandinn tengist ekki beint þeim aðstæðum sem nú eru uppi er full ástæða til að leita til lánveitenda og kanna hvort einhver úrræði séu í boði. Jafnframt má leita til Umboðsmanns skuldara sem veitir einstaklingum aðstoð við að ná yfirsýn yfir fjármál sín og leita leiða til lausna á fjárhagsvanda.

Vextir á lánnum eru nú í sögulegu lágmarki og því góður tími til að skoða hvort endurfjármögnun borgi sig. Í mörgum tilfellum má spara töluverðan vaxtakostnað yfir lánstíma fasteignalána. Með hraðri þróun á sjálfvirkum lausnum hefur

ferlið aldrei verið auðveldara. Þá er endurfjármögnun töluvert ódýrari en áður þar sem lántökugjöld voru lækkuð og sett þak á uppgreiðslugjöld lána með breytingum á lögum um fasteignalán.

Auk þeirra úrræða sem eru í boði hjá bönkum og fjármálafyrirtækjum kynnti Ríkisstjórn Íslands nýlega ýmis úrræði sem ætlað er að styðja við heimilin í kjölfar Kórónufaraldursins. Þar má nefna aukinn rétt til útgreiðslu atvinnuleysisbóta, sérstakan barnabótaauka og heimild til úttekta séreignarsparnaðar. Við mat á því hvort nýta eigi

þá heimild þarf að horfa til þess að séreign mun reynast mörgum einstaklingum afar dýrmæt þegar þeir komast á eftirlaunaaldurinn og það getur því verið stór ákvörðun að ganga á þann sjóð í dag. Aftur á móti getur það verið nauðsynlegt og skynsamlegt að nýta þessa heimild til að brúa bil í einhvern tíma.

Það eru ýmsar leiðir til að takast á við þær áskoranir sem fram undan eru svo langtímaáhrif á fjárhag heimilisins verði sem minnst. Mestu skiptir að bregðast við og kanna hvað er í boði og velja það sem best hentar hverjum og einum.

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195



kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði

Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði



AMSTERDAM
dream - create

van Gogh
The Quality Brand

REMBRANDT
The Professional Choice



Listverslun.is



Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

SKOÐUN

Kristinn
Ingi Jónsson



Betur má ef duga skal

Þær efnahagsaðgerðir sem stjórnvöld og Seðlabankinn hafa gripið til á síðustu vikum í því skyni að milda það þunga högg sem hagkerfið verður fyrir vegna heimsfaraldurs kórónaveirunnar eiga sér enga hliðstæðu í íslenski hagsögu.

Á meðan aðgerðir stjórnvalda miða að því að skjóta tímabundnu skjóli yfir heimili og fyrirtæki, svo sem með því að fresta gjöldum, ábyrgjast helming brúarlána og taka á sig launakostnað þeirra sem lækka í starfshlutfalli, hefur Seðlabankinn gert það sem í hans valdi stendur til þess að blása lífi í lamað hagkerfið. Stýrivextir hafa aldrei verið lægri, útlánageta viðskiptabankanna hefur verið stóraukin og bankinn hefur boðað sín fyrstu kaup á ríkisskuldabréfum.

Þannig hafa peningamál og ríkisfjármál unnið saman í því augnamiði að bregðast við þeim bráðavanda sem við blasir í efnahagsmálum landsins. Það hefur skipt sköpum í varnarbaráttunni.

En betur má ef duga skal.

Aðstæður í heimsbúskapnum hafa breyst hratt til verri vegar á allra síðustu vikum. Við siglum nú í gegnum efnahagskreppu sem er ólík öllum öðrum kreppum. Heilu samfélögin hafa lamast, stór hluti atvinnulífs um allan heim hefur stöðvast, tekjugrundvöllur fjölmargra fyrirtækja er brostinn og atvinnuleysi er að rjúka hratt upp.

Við þessari stöðu þarf að bregðast sem allra fyrst. Á meðan mögulegt er að vinda ofan af kröftugum og snörum aðgerðum þegar aðstæður batna geta of væg og síðbúin viðbrögð reynst okkur afar kostnaðarsöm til framtíðar.

Til dæmis er ekki víst að það tímabundna skjól sem stjórnvöld hafa veitt atvinnulífinu dugi lengur til. Skjólið hjálpar vafalaust mörgum fyrirtækjum að forðast gjaldþrot, í það minnsta á meðan faraldurinn gengur yfir, en það frestar aðeins vandanum um tíma. Skuldadagar munu renna upp fyrr en síðar.

Hætt er við því að skuldum vafin fyrirtæki muni hvorki hafa bolmagn né getu til þess að nýta þau tækifæri sem bjóðast þegar það rofar til með þeim afleiðingum að hagkerfið mun ekki ná þeirri viðspyrnu sem það þarf á að halda.

Aðrar aðgerðir – sem fælu í sér minni skuldsetningu fyrir fyrirtæki – gætu til að mynda falist í eftirgjöf gjalda, umtalsverðri lækkingu skatta og hagræðingu í rekstri hins opinbera á móti, afnámi tryggingagjalds og niðurfellingu skattskulda.

Auk þess að hjálpa fyrirtækjum að takast á við þann bráðavanda sem þau standa frammi fyrir væru slíkar aðgerðir til þess fallnar að lyfta þeim hratt upp úr öldudalnum þegar faraldurinn hefur loks gengið yfir.

Haukur í stjórn Íslenskra fjárfesta

Haukur Hafsteinsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR), hefur tekið sæti í stjórn Íslenskra fjárfesta. Kemur hann nýr í stjórn verðbréfafyrirtækisins í stað Ingunnar A. Kro, fyrrverandi framkvæmdastjóra skrifstofu- og samskiptasviðs Skeljungu, en hún var kjörin í stjórn tryggingafélagsins Sjóvár nú í mars.



Haukur Hafsteinsson.

Haukur lét af störfum sem framkvæmdastjóri LSR, stærsta lífeyrissjóðs landsins, síðastliðið sumar eftir að hafa stýrt sjóðnum í 34 ár samfleytt. Auk

Hauks eru þau Dagný Hrönn Pétursdóttir, sem er jafnframt stjórnarformaður, og Jóhannes Árnason í stjórn verðbréfafyrirtækisins.

Íslenskir fjárfestar fengu starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki árið 2016 og eru í eigu sex starfsmanna félagsins. Hlutdeild Íslenskra fjárfesta í hlutabréfaviðskiptum á Aðalmarkaði Kauphallarinnar í fyrra nam um átta prósentum en í skuldabréfaviðskiptum var hlutdeildin um 12 prósent. Hagnaður félagsins á árinu 2018 nam tæplega 53 milljónum. – hae

06.04.2020

Með þessu vildum við tryggja kaupmátt, verja heimilin og mögulega bjarga nokkur hundruð störfum í leiðinni.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR



Hjálparlína PwC

– Aðstoð við fyrirtæki og smærri rekstraraðila


Í ljósi áhrifa útbreiðslu COVID-19, sem skapar áður óþekktu stöðu í íslensku samfélagi og efnahagslífi, höfum við hjá PwC sett saman teymi sérfræðinga sem hefur kynnt sér ítarlega aðgerðir ríkisstjórnarinnar, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila.

Við erum boðin og búin að svara spurningum ykkar um þessar aðgerðir stjórnvalda, aðrar mögulegar lausnir eða önnur rekstrartengd mál sem brenna á ykkur á þessum óvissutímum.

Sameinumst um að bjarga verðmætum og veita sem besta viðspyrnu fyrir íslenskt efnahagslíf og samfélag.

Hjálparlína PwC er aðgengileg á www.pwc.is

Þú velur um að senda inn skriflega fyrirspurn eða fá símtal frá sérfræðingi okkar.



KÆRU FORELDRAR

Við þessar óvenjulegu aðstæður í samfélaginu stöndum við saman um að hafa að leiðarljósi það sem börnum er fyrir bestu.

Við vitum að þið eruð margir hverjir í mikilli óvissu, undir miklu álagi og hafið þurft að breyta aðstæðum ykkar til að aðlagast tímabundið nýjum veruleika.

Saman skulum við halda áfram að vernda öll börn og hafa í huga að:

Börn þurfa á stöðugleika og stuðningi að halda

Ákvörðun fagaðila um að hafa leik- og grunnskóla opna er liður í því. Börn þurfa jafnframt á nærveru ykkar að halda. Við þessar aðstæður gefast ný tækifæri til samveru og leikja.

Veitum börnum upplýsingar um COVID-19

Börnum líður betur þegar þau eru upplýst um stöðuna í samfélaginu, á uppbyggilegan og jákvæðan hátt eftir aldri þeirra og þroska.

Tilkynnum í númerið 112 ef grunur vaknar um brot gegn börnum

Umhverfi barna getur versnað við þessar aðstæður. Ef okkur grunar að börn búi við slæm skilyrði, ofbeldi eða vanrækslu er mikilvægt að tilkynna það. Hlustum á hvað börn eru að segja og hrósum þeim fyrir að leita til okkar.

Sýnum þakklæti og ábyrgð

Allir í framvarðarsveitinni, þar með talið heilbrigðisstarfsfólk, kennarar og annað starfsfólk skóla og frístundaheimila, afgreiðslufólk, Almannavarnir og fleiri eru að leggja sig fram við að styðja okkur á þessum erfiðu tímum. Sýnum þeim þakklæti og kennum börnunum að gera það líka.

**Verum fyrirmyndir barna
í orði og verki**



Barnaheill

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Síðast billinn á þessu frábæra verði!!! Nýr Suzuki Vitara GLX 1,4 Eco Boost. Sjálfskiptur 4x4. Leður / Alcantara. Listaverð: 5.490 þús Okkar verð: 4.490 þús.

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA

Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald



Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjóðum hagstætt verð í töfluskripti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Húsnæði

Húsnæði í boði

HERBERGI TIL LEIGU

Herbergi til leigu í Kópavogi, með séring, baðherb og þvottah, laust nú þegar. Verð. 80.000. Uppl. sími: 8687283.

Atvinnuhúsnæði

FRÍSTUNDABIL.

TIL LEIGU EÐA SÖLU 50 m2 bil.

Lofthæð 4 m. Hurð 3,7 m.

Lager eða geymsla.

Leiga: 99 þús. Sími: 661-6800

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Parftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Keypt & Selt

Til sölu



Kassagítarar í úrvali Gítarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Ábendingahappinn má finna á www.barnaheill.is



Umhverfismat fyrir landfyllingu í Nýja Skerjafirði

Reykjavíkurborg áformar að gera 4,3 ha landfyllingu í Skerjafirði. Framkvæmdin er ekki sjálfkrafa matsskyld en byggt á 10. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur framkvæmdaraðili óskað eftir því við Skipulagsstofnun að framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Verkfræðistofunni EFLU hefur verið falið að vinna umhverfismatið.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimasíðu verkfræðistofunnar EFLU; www.efla.is, og Reykjavíkurborgar; www.reykjavik.is. Allir geta kynnt sér drögin og lagt fram athugasemdir.

Athugasemdafrestur er frá 8. til 29. apríl 2020.

Athugasemdir skal merkja „Landfylling í Skerjafirði“ og senda með tölvupósti á netfangið anna.rut.arnardottir@efla.is eða með bréfpósti á:

EFLA Verkfræðistofa
B.t. Önnu Rutar Arnardóttur
Lyngháls 4, 110 Reykjavík

GRUNNSKÓLI GRINDAVÍKUR

VIRÐING - VELLÍÐAN - VIRKNI

Lausar stöður við Grunnskóla Grindavíkur

Umsjónarkennarar á öllum stigum 80 - 100%
Námsráðgjafi 100%, textílkennari 100% og kennari í smíði- og hönnun 100%.

Umsóknarfrestur er til 22. apríl en ráðið er í stöðurnar frá 1. ágúst 2020.

Allur aðbúnaður og umhverfi skólans er til fyrirmyndar. Sjá nánar á heimasíðu skólans <http://www.grindavik.is/grunnskolin>.

Við leitum að einstaklingum með réttindi til kennslu í grunnskóla sem eru metnaðarfullir, góðir í mannlegum samskiptum, með skipulagshæfileika, eru sveigjanlegir og tilbúnir að leita nýrra leiða í skólastarfi. Skólinn vinnur í anda Uppeldi til ábyrgðar.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands.

Umsóknir skulu berast Grunnskóla Grindavíkur Ásabraut 2, 240 Grindavík eða sendist á netfangið gudbjorgms@grindavik.is


Nánari upplýsingar veitir Guðbjörg M. Sveinsdóttir skólalastjóri í síma 420-1200.

EIGNAMIDLUN

SALA FASTEIGNA SÍÐAN 1957 GRENSÁSVEGUR 11 SÍMI 588 9090 WWW.EIGNAMIDLUN.IS

VESTURBERG 131, 215,5 m²
111 Reykjavík, 76.900.000 kr

Daði Hafþórsson
Löggiltur fasteignasali
Sími 824 9096
dadi@eignamidlun.is



BÓKID SKOÐUN

Vesturberg 131, 215,5 fm 6 herbergja einbýlishús með bílskúr. Húsið er mjög vel við haldið og með góðan yfirbyggðan sólskála. Húsið er á þremur þöllum þó að aðalhæðin sé ríkjandi. Stór bílskúr með heitu og köldu vatni. Einn eigandi frá upphafi.



Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi

Eldisstöðin Íspór ehf. hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8. apríl—25. maí á eftirtöldum stöðum: Á bæjarskrifstofunni í Ölfusi, Þjóðarþóklóðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. maí 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.



Mat á umhverfisáhrifum Athugun Skipulagsstofnunar

8.000 tonna laxeldi og/eða silungselði í Ísafjarðardjúpi

Arctic Sea Farm hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um 8.000 tonn laxeldi og/eða silungselði í Ísafjarðardjúpi.

Kynning á frummatsskýrslu: Tillaga að ofangreindri framkvæmd og skýrsla um mat á umhverfisáhrifum hennar liggur frammi til kynningar frá 8. apríl—25. maí á eftirtöldum stöðum: Á Safnahúsinu á Ísafirði, Þjóðarþóklóðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan er aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar www.skipulag.is.

Athugasemdafrestur: Allir geta kynnt sér frummatsskýrsluna og lagt fram athugasemdir. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast eigi síðar en 25. maí 2020 til Skipulagsstofnunar, Borgartúni 7b, 105 Reykjavík eða með tölvupósti á skipulag@skipulag.is.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Kringlan Skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. apríl 2020 og borgarráðs 2. apríl 2020 var lögð fram skipulagslýsing, Kanon arkitekta og VSÓ ráðgjafar dags 18. mars 2020, vegna skipulagsgerðar og umhverfismats "Kringlusvæðisins".

Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 20. maí 2020.

Lýsingin er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, reykjavik.is undir skipulag í kynningu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

Dagskráin á Hringbraut

Íslenskt sjónvarpsefni í 5 ár



21

Frétta- og umræðuþáttur með áherslu á pólitík, þjóðmál, menningu og lífsreynslu



Tilveran

Samtal um manneskjuna og trúna á tímum mótlætis í samfélaginu



Bílalíf

Fjörlegur og fjölbreyttur þáttur um bílana okkar í leik og starfi



Eldhugar

Færir viðmælendur út á jaðar hreysti, hreyfingar og áskoranana lífsins



Fasteignir og heimili

Upplýsandi og fróðlegur þáttur um fasteignir, heimili og húsráð af öllu tagi



Heilsugæslan

Fræðsluþáttur um heilsu og lífsstíl, unninn með fagfólki og sérfræðingum



Lífið er lag

Tekur á málefnum fólks á besta aldri sem lifir áskoranir efri áraanna



Mannamál

Einn sígildasti viðtalsþátturinn í íslensku sjónvarpi, opinskár og hispurslaus



Suðurnesjamagasín

Skoðar mannlífið, atvinnulífið og íþróttirnar suður með sjó



Saga og samfélag

Fer með áhorfendur fram og aftur tímann í íslenskum fræðum og menningu



Undir yfirborðið

Varpar ljósi á allt það sérstæða í lífinu sem stundum er falið og fordæmt



Viðskipti með Jóni G

Fréttatengdur þáttur sem tekur púlsinn á íslensku viðskiptalífi

FRÉTTAUMRÆÐA, MENNING, HEILSA,
LÍFSREYNSLA OG NÁTTÚRA



HRINGBRAUT

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
2 3 °C ←	-5 3 °C ↑	-2 5 °C ↙
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
1 6 °C ↘	1 4 °C ↓	-7 4 °C ↓

Hæg breytileg átt og víða léttskýjað í dag, en norðvestan 8-13 m/s og dálítil el norðaustanlands framan af degi. Frost 0 til 6 stig, en hiti 0 til 7 stig syðst.

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 4 °C ←	-3 2 °C ↗	4 2 °C ←
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
4 5 °C ↑	2 6 °C ↘	-2 6 °C ↗

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
4 3 °C ↘	-4 2 °C ↗	-6 1 °C ↑
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
-1 1 °C ←	3 4 °C ←	-1 4 °C ↑

LÉTT

			3	6				9
	5		4		9	3		7
			5				6	
6	8				3			5
3				4		9		
9	7	1	6			4		
						1		4
			9		7		2	3
7		2						

MIDLUNGS

2	9		1		6			
1	8		3					6
			4		2		9	
		6		2				
5				1		7		4
			6					2
8			7				1	
			9	5				
	7	3		4		8		

PUNG

	4				6			2
	1			4		3		7
		7			3			6
			1					
7	9	5			1		6	
8		3		6	4			
6					9			5
			8			1		
	7				5			3

Krossgáta

LÁRÉTT

- skemmu
- náinn
- aðgæta
- skrambans
- skóli
- hjóðar
- arða
- bókaflokkur
- týna

LÓDRÉTT

- atyrðir
- smábátur
- tímabils
- hængur
- blóðhiti
- spergill
- skyldi
- stig
- þyrping

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. skemmu, 2. náinn, 3. aðgæta, 4. skrambans, 5. skóli, 6. hjóðar, 7. arða, 8. bókaflokkur, 9. týna. LÓDRÉTT: 1. atyrðir, 2. smábátur, 3. tímabils, 4. hængur, 5. blóðhiti, 6. spergill, 7. skyldi, 8. stig, 9. þyrping.

Skák Gunnar Björnsson

Stulik átti leik gegn Kuzma árið 1957.

1. e5! dxe5 2. Hh8+! Dxb8 3. Hxb8+ Kxb8 4. d6! 1-0.

Áskell Örn Kárason vann sigur á Páskamóti Vinaskákléagsins sem fram fór í fyrradag á netinu. Á morgun hefst Norðurlandamót skákléagsins á netinu. Flest sterkustu íslensku félögin taka þátt.

www.skak.is: Sóknin á netinu.



Hvítur á leik

7	8	5	2	4	6	3	1	9
2	9	3	1	7	8	5	6	4
6	4	1	5	9	3	7	2	8
3	5	7	8	1	9	6	4	2
4	1	9	3	6	2	8	7	5
8	6	2	7	5	4	9	3	1
5	7	6	4	8	1	2	9	3
9	2	4	6	3	5	1	8	7
1	3	8	9	2	7	4	5	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

weber Heitustu grillin!

Genesis® II EP-335 GBS

Verð: 184.950 kr.

weber.is

DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

Jafnaðu þig hjá Orkunni



Kolefnisjafnaðu aksturinn strax með Orkulyklinum!



Lykil- og korthafar skrá
sig í kolefnisjöfnun
á orkan.is



7 króna afsláttur
af hverjum lítra fer
í kolefnisjöfnun



Votlendissjóðurinn
kolefnisjafnar þitt
framlag




Allar nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á orkan.is

Eigðu góðar stundir
heima með okkur um

Páskana

Laugardagur



Páskadagur



Föstudagurinn langi



Laugardagur



Páskadagur



Föstudagurinn langi



Annar í Páskum



Annar í Páskum



Skírdagur



Páskadagur





MARAFON

Hví ekki að taka **sófann** og **gommugláp**?
Hátt í 900 kvikmyndir og 400 þáttaraðir



Tryggðu þér áskrift
stod2.is | 1817

Hvernig
frísending hjá
DORMA virkar á dorma.is

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Heima er best
verslaðu á dorma.is og
við sendum þér það fritt

LICATA
sófar og stólar

Ný og glæsileg lína í DORMA.
Sófar, stólar og skemmel úr
fallegu og slitsterku áklæði.

HEIMA ER BEST
TILBOÐ
25%
AFSLÁTTUR



LICATA
hornsófi

Hornsófi í Kentucky koniak áklæði. Hægri eða vinstri
tungu. Svartir nettir járnfætur. Stærð: 262 x 226 x 82 cm

Fullt verð: 249.990 kr.

Aðeins 187.493 kr.

Hvernig
frísending hjá
DORMA virkar

DORMA
Láttu drauminn ræstast

Heima er best
verslaðu á dorma.is og
við sendum þér það fritt

www.dorma.is
VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

HEIMA ER BEST
tilboðin

KLÍKKADU Á VÖRU
OG ÞU FERÐ BEINT
INN Í VEFVERSLUN
DORMA.IS

STYTTU ÞÉR LEIÐ GEGNUM BÆKLINGINN OKKAR

BOM - 11 | Miðkværa og djúnn 16-17 | Stólar 18-19 | Sófar 20-29 | Húsur, bœd og slóttar 30-33 | Afreið og smíðara 34-42

Breyttur afgreiðslutími Rvk
Mánudaga til föstudaga kl. 12-18
Laugardaga kl. 12-18
www.dorma.is

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn ræstast



„Listahátíð, sem á 50 ára afmæli í ár, opnaði á sínum tíma umheiminn fyrir Íslandi og öfugt“. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Listahátíð tekst á við óvissuna og horfir út á við

Ekki er komin dagsetning á Listahátíð í Reykjavík en viðburðir verða haldnir þegar öruggt þykir. Meginviðburðir eru hátt í fjörtíu. Sigurverk Feneyjatvíæringsins er meðal hápunkta.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Listahátíð í Reykjavík fagnar 50 ára afmæli í ár. Til stóð að hún færi fram 6. til 21. júní en vegna aðstæðna í heiminum, sem ekki þarf að útskýra frekar, gildir sú dagsetning ekki lengur. Listahátíð verður samt haldin. Sætt verður færís og hver viðburður haldinn þegar öruggt þykir og hægt verður að koma honum við. Meginviðburðir hátíðarinnar eru hátt í fjörtíu og annar eins fjöldi er af smærri viðburðum.

Stigið út í óvissuna

„Við höfum tilkynnt heildardag-skrá hátíðarinnar alfarið án dagsetninga. Í stað þess að aflýsa hátíðinni líkt og vel flestar sam-bærilegar hátíðir í Evrópu eru að gera, höfum við ákveðið að stiga út í óvissuna með listafólkinu okkar og samstarfsaðilum,“ segir Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnandi Listahátíðar. „Listafólk um heim allan er að taka á sig mikinn skell vegna aflýstra viðburða og mér finnst mikilvægt að Listahátíð geri allt sem í hennar valdi stendur til þess að standa við sitt gagnvart því listafólki sem við höfum gert sam-komulag við.“

Yfirskrift hátíðarinnar í ár er Heimar. „Heimar er systurþema síðustu hátíðar sem var Heima. Heima snerist meðal annars um sjálfsmyndina, hver við erum og réttinn til þess að eiga einhvers staðar heima,“ segir Vigdís. „Þessi þemu Heima og Heimar voru allt frá upphafi hugsuð sem par. Í ár horfum við út á við, upp í himin-geiminn og niður í heima hins allra smæsta líka, við skoðum heima sem mætast og stígum inn í aðra heima.

Listahátíð, sem á 50 ára afmæli í ár, opnaði á sínum tíma umheiminn fyrir Íslandi og öfugt, þannig að þetta þema á mjög vel við á afmæli-sárinu.“

Umtalað listaverk

Spurð um hápunkta á hátíðinni segir Vigdís: „Sigurverk Feneyjatvíæringsins Sun & Sea (Marina), sem er óhætt að segja að var umtalaðasta listaverk heims í fyrra, verður sett upp í porti Listasafns Reykjavíkur. Portinu verður breytt í manngerða baðströnd þar sem tugir manna verða í sólbaði allan daginn. Fólk liggur á ströndinni, skoðar simann sinn, leysir kross-gátur, börn leika sér með bolta og hundur hleypur eftir priki.

Þetta er litháískt verkefni, sam-tímaópera með tólf söngvurum. Söngurinn er lágstemmdur og þar er fjallað um hversdagslega hluti en smátt og smátt skynjar maður undirtóninn, undirliggjandi vá sem er umhverfsváin, en við erum bara að söla okkur og fljótum sofandi að feigðarósi. Verkið verður flutt sleitulaust í tvo daga, sex tíma í senn.“

Stórsýning í Listasafni Íslands

Risastór viðbótarveruleikasýning, franskt-íslenskt verkefni, verður sett upp í Listasafni Íslands. „Áhorf-endar stíga inn í heim verksins í litlum hópum með sérstakan búnað á höfðinu sem gerir þeim kleift að sjá og heyra meira en mætir berum augum. Verkið er í raun dystópía – möguleg framtíð jarðarinnar – sem við upplifum sem utanaðkomandi gestir,“ segir Vigdís.

„Meðal annarra stórra viðburða er stórsýning Gilberts og Georgs í Listasafni Reykjavíkur og sirkus akróbata-sýning frá Ástralíu. Svo erum við með magnaða dans-sýningu frá Austurríki þar sem

Í STAD ÞESS AÐ AFLÝSA HÁTÍÐINI
LÍKT OG VEL FLESTAR SAM-BÆRILEGAR HÁTÍÐIR Í EVRÓPU ERU AÐ GERA, HÖFUM VIÐ ÁKVEÐIÐ AÐ STIGA ÚT Í ÓVISSUNA.

allir dansararnir eru líkamlega fatlaðir en verkið fjallar í raun um óendanlega möguleika líkamans til hreyfingar og tjáningar. Svo verður að nefna tónleika Víkings Heiðars Ólafssonar í Hörpu þar sem hann spilar verk eftir Debussy og Rameau. Það er mikil spennna fyrir þeim tónleikum og gaman að geta þess að Víkingur kom í fyrsta sinn fram á Listahátíð fyrir réttum 20 árum, þá aðeins sextán ára gamall,“ segir Vigdís. Dagsetning er komin á þá tónleika, en fyrir-hugað er að halda þá 6. og 7. sept-ember. „Á hátíðinni verður einnig flutt nýtt verk eftir Önnu Þorvalds-dóttur í Stjórnuveri Perlunnar. „Á 50 ára afmæli Listahátíðar er ekk-ert minna en stórkostlegt að mörg af stærstu nöfnum hátíðarinnar á heimsmælikvarða eru íslensk.“

Og Vigdís heldur áfram: „Listahátíð þorir líka út á jadarinn og staðsetur það smæsta og tilrauna-kenndasta í miðjuna líka. Það er af nægum slíkum viðburðum að taka í ár. Margir af þeim viðburðum fara fram í Iðnó, þar sem Klúbbur Listahátíðar mun spretta fram með reglulegu millibili. Yfirtökur jadar-listahópa, liggjandi tónleikar og 12 tíma partý þar sem reykvískar fjöl-skyldur; margar hverjar af pólskum uppruna, taka á móti gestum, er meðal þess sem þar verður boðið upp á. Allt á réttum tíma.“

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Það er margt sem gerist í bókinni þótt hún sé stutt, segir Stefán Máni um skáldsögu sína, en þar er hann á nýjum slóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Lágstemmd og furðuleg ástarsaga

Stefán Máni sendir frá sér nýja bók sem er ástarsaga ungs rithöfundar. Mörgæs með brostið hjarta kemur þar við sögu.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Mörgæs með brostið hjarta – ástarsaga er ný skáldsaga eftir Stefán Mána.

Um efni bókarinnar segir höfundurinn: „Aðalpersónan er ungur rithöfundur sem býr einn í risibúð í miðbænum. Hann glímir við áfallastreituröskun og er að baksa við að skrifa sína fyrstu skáldsögu sem fjallar um mörgæs með brostið hjarta. Hann er skotinn í stelpu sem vinnur á kaffihúsinu sem hann sækir daglega, en er lítill í sér og feiminn. Þetta er lágstemmd og án efa stórfurðuleg ástarsaga.“

Stefán Máni er þekktastur fyrir harðsoðnar glæpasögur en af hverju vildi hann skrifa ástarsögu? „Ég fékk hugmynd sem þróaðist yfir í einhvers konar ástarsögu,“ segir hann. Það er margt sem gerist í bókinni þótt hún sé stutt. Meðal annars skapast í henni ástand sem kallast nokkuð á við ástandið sem við lifum við núna, heimskreppa og einangrun. Bókin er reyndar undir töluverðum áhrifum frá þeirri klassísku og góðu bók Palli var einn í heiminum.“

Formföst og stílhrein

Bókin er stutt, 128 blaðsíður. Stefán Máni er spurður hvort hún sé stysta bók sem hann hafi skrifað. „Þessi og Myrkravél sem kom út árið 1999 eru svipaðar að lengd en gjörsamlega eins og svart og hvítt. Myrkravél er mjög myrk og drungaleg en þessi er furðu krúttleg miðað við að þar er verið að fjalla um alls konar drama-tíska hluti.“

Hann segir krefjandi að skrifa

BÓKIN ER REYNDAR UNDIR TÖLUVERÐUM ÁHRIFUM FRÁ ÞEIRRI KLASSÍSKU OG GÓÐU BÓK PALLI VAR EINN Í HEIMINUM.

stutta bók með meitluðum texta. „Því styttri sem texti er því meira áberandi verður hann. Svona stutt bók verður eiginlega að vera gallalaus, formföst og stílhrein. Um leið og maður gerir einhverja gloriu verður hún svo áberandi.“

Mér finnst mjög gaman að gefa bókina út og er mjög kátur með hana. Svo á eftir að koma í ljós hvort lesendur taki henni opnum örmum. Ég er mjög meðvitaður um það að hún er mjög líklega ekki metsölu-bók. Míni lesendur eru aðallega glæpasagnafolk, en vonandi næ ég til einhverra nýrra lesenda.“

Einn dagur í einu

Spurður hvort von sé á glæpasögu um næstu jól segir hann: „Það er aldrei að vita. Maður tekur bara einn dag í einu og horfir á daglegan blaðamannafund til að vita hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Ég vona að fólk noti og njóti þessara skrýtnu tíma til að gera eitthvað uppbyggilegt eins og að lesa en gleymi sér ekki alveg yfir sjónvarpinu og símanum. Ég hef engar áhyggjur af því að fólk sé ekki að lesa í dag. Ég held að einmitt núna sé tíminn þegar fólk getur gripið bók og lesið, nokkuð sem það hefði ekki gert annars.“

Í ljósi aðstæðna skal þess getið að hægt er að fá bókina heimsenda á soguroutgafa.is og Heimkaup.

Bestu leikrit allra tíma

Time Out í New York valdi nýlega 50 bestu leikrit allra tíma. Fréttablaðið birtir lista yfir 13 efstu sætin. Ekki kemur á óvart hvaða leikrit vermir toppsætið, það var nokkuð fyrirsjáanlegt. William Shakespeare er eina leikritaskáldið sem á fleiri en eitt leikrit á listanum en þrettándakvöld lenti í 32. sæti.

- 1 Hamlet
William Shakespeare
- 2 Dagleiðin langa inn í nótt
Eugene O'Neill
- 3 Hver er hræddur við Virginíu Woolf?
Edward Albee
- 4 Sölumaður deyr



Sarah Bernhardt í hlutverki Hamlet.

- 5 Arthur Miller
Ödipus Sófokles
- 6 Englar í Ameríku
Tony Kushner
- 7 Glerdýrin
Tennessee Williams
- 8 Horfðu reiður um öxl
John Osborne
- 9 Raisin in the Sun
Lorraine Hansberry
- 10 Woyzeck
Georg Büchner
- 11 Beðið eftir Godot
Samuel Beckett
- 12 Sköllotta söngkonan
Eugene Ionesco
- 13 Hedda Gabler
Henrik Ibsen

Þórhildur leikstýrir Arnari

Ný sjónvarpsmynd, Sveinstycki, byggð á samnefndum einleik eftir Þorvald Þorsteinsson verður frumsýnd á RÚV annan í páskum. Þorvaldur skrifaði verkið árið 2003 fyrir Arnar Jónsson. Verkið var sýnt í Reykjavík og víðar frá 2003-2013 í sviðsetningu Lifandi leikhúss en er hér lagað að sjónvarpi. Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrir hér eiginmanni sínum Arnari Jónssyni. Hann fer með hlutverk Sveins Kristinssonar sem á stórafmæli. Hann fer yfir ræðu sem hann ætlar að flytja í tilefni dagsins og það rifjast ýmislegt upp fyrir honum. Sú spurning vaknar hvort líf hans sé eins og það birtist í ræðunni – eða kannski allt annað?



Arnar Jónsson fer með hlutverk Sveins í Sveinstycki. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



BLÁR APRÍL
Styrktarfélag barna með einhverfu

EINHVERFAN MÍN ER BARA HLUTI AF MÉR OG VERÐUR ÞAÐ ALLTAF

Heilsaðu upp á Maríu á blarapríl.is
Hún er einhverf og hefur frá ýmsu að segja





Þjónusta RÚV á ensku, pólsku, auðskildu máli, táknmáli og með skjátexta

News and current affairs from Iceland



New episodes every Monday

ruv.is/english

Najnowsze informacje i wiadomości dotyczące epidemii Covid-19 na stornie

ruv.is/polski

Fréttir á auðskildu máli í skýrri framsetningu sem auðveldar lestur

ruv.is/audskilid

Daglegar táknmálsfréttir á RÚV og táknmálstúlkun með kvöldfréttum sjónvarps á RÚV 2

Íslenskur texti með íslensku sjónvarpsefni og kvöldfréttum á síðu 888 í textavarp og í spilara og appi RÚV

RÚV okkar allra | for all of us | usdla wszystkich

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Undir yfirborðið Ásdís Ólsen fjallar hispurslaus um mennskuna, tilgang lífsins og leitina að hamingjunni og varpar ljósi á allt sem er falið og fordæmt.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptabættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Úrval Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum.
21.30 Saga og samfélag Saga og samfélag er þáttur þar sem mál-efni liðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

06.50 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
09.00 Heimavist - MenntaRÚV
11.00 Skólahreysti 2015
11.40 Fjörskyldan
12.15 Í kjölfar feðranna Seinni hluti
13.05 Gerska ævintýrið
13.45 Poppkorn - sagan á bak við myndbandið Sálin hans Jóns mins - Undir þinum
14.00 Blaðamannafundur vegna COVID-19
14.40 Þetta er bara Spaug... stofan
15.20 Gettu betur 1999 MK - MH
16.20 Poirot - Draumurinn
17.10 Kveikur
17.50 Tákn málsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Millý spyr
18.08 Friðþjófur forvitni
18.31 Hæ Sámur
18.38 Rán og Sævar
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Martin Clunes. Eyjar Ástralíu
20.50 Gone Farinn
21.10 Eftirlýst Wanted Ástralskir spennuþættir um tvær konur, Chelsea og Lolu, sem verða vitni að morði þar sem þær bjða eftir strætisvagni seint um kvöld. Í kjölfarið flækjast þær inn í flókið sakamál og neyðast til að leggja á flóttu þvert yfir Ástralíu. Aðalhlutverk: Rebecca Gibney, Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Undirrót haturs Why We Hate
23.05 Eye in the Sky Auga á himni
00.45 Dagskrárlök

GOLFSTÖÐIN

07.00 2014 Augusta Masters Útsending frá fyrsta keppnisdegi á bandaríska meistaramótinu í golfi. Þetta er fyrsta risamót ársins og allir bestu kylfinar heims eru mættir til leiks.
11.20 2014 Augusta Masters Útsending frá öðrum keppnisdegi á bandaríska meistaramótinu í golfi.
15.45 2014 Augusta Masters Útsending frá þriðja degi á bandaríska meistaramótinu í golfi.
19.20 2009 Players Championship Official Film
20.10 2014 Augusta Masters Útsending frá lokadeginum á bandaríska meistaramótinu í golfi.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
07.00 Ísland vaknar Útsending frá morgunþætti K100.
10.00 Dr. Phil
10.45 Everybody Loves Raymond
11.10 The King of Queens
11.30 How I Met Your Mother
11.55 Dr. Phil
12.40 Single Parents
13.05 Með Loga
14.05 Dr. Phil
14.50 Strúktúr
15.20 Lambið og miðin
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Good Place
18.40 Will and Grace
20.10 Survivor
21.00 Chicago Med
21.50 Little Fockers
23.30 Lara Croft. Tomb Raider - The Cradle of Life
01.30 We Own the Night Kvikmynd frá 2007 með Joaquin Phoenix og Mark Wahlberg í aðalhlutverkum.
03.25 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
06.55 Morgunþáttur Rásar 1 og 2
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Viðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Bítta á jaxlinn Binna mín
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan. Konan við 1000 gráður (20 af 41)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Passíusálmur (49 af 50)
22.15 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.10 Hot Shots!
12.30 The Kid Who Would Be King
14.30 Mr. Deeds
16.05 Hot Shots!
17.25 The Kid Who Would Be King
19.25 Mr. Deeds
21.00 The Hurricane Heist
22.40 Holmes and Watson
00.05 Submergence
01.55 The Hurricane Heist

STÖÐ 2

06.50 Bítta
09.00 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Jamie Cooks Italy
10.50 Mom
11.10 Brother vs. Brother
11.50 Fresh off the Boat
12.10 Bomban
12.35 Nágrannar
12.55 Hvar er best að búa ?
13.35 Grand Designs. Australia
14.25 Manifest
15.05 Atvinnumennirnir okkar
15.35 Planet Child
16.25 Hið blómlega bú
16.55 Stelpurnar
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
19.05 Vikinglottó
19.10 Matarboð með Evu
19.35 Jamie & Jimmy's Food Fight
20.30 Grey's Anatomy
21.15 The Good Doctor
22.05 High Maintenance
22.40 Sex and the City
23.50 The Blacklist
00.35 S.W.A.T
01.15 True Detective
04.15 True Detective

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
18.35 Litla Vampíran
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 The Big Bang Theory
21.05 DC's Legends of Tomorrow
22.20 The Last Ship
23.00 Gotham
23.45 The Big Bang Theory
00.05 Friends
00.30 Friends

STÖÐ 2 SPORT 2

10.00 FA Cup Classic Matches. Leicester - Chelsea 17/18
10.50 FA Cup Classic Matches. West Ham - Man. Utd. 15/16
11.45 FA Cup Classic Matches. Swansea - Man. City 18/19
12.40 FA Cup Classic Matches Wolves - Man.Utd. 18/19
13.35 FA Cup Classic Matches. Everton - Chelsea 15/16
14.30 FA Cup Classic Matches. Man. Utd. - Arsenal 14/15
15.20 FA Cup Classic Matches. Man. City - Wigan 13/14
15.45 FA Cup Classic Matches. Fulham - Man. Utd. 08/09
16.10 FA Cup Classic Matches. Man. Utd. - Portsmouth 07/08
16.35 FA Cup Classic Matches. Everton - Wigan 12/13
16.55 KR - Valur 2013
17.20 Valur - ÍA 2013
17.45 Valur - Fram 2014
18.10 Fjölnir - Fylkir 2014
18.30 KR - Stjarnan 2014
18.55 NBA - Dr. J - The Doctor
20.05 ÍR - KR. Leikur 4
21.45 KR - ÍR. Leikur 5

STÖÐ 2 SPORT 3

07.00 Snæfell - Keflavík Úrslitaein-vigi Dominos deildar kvenna.
08.15 Keflavík - Skallagrimur
09.55 Haukar - Snæfell
11.25 Snæfell - Keflavík
12.50 Keflavík - Snæfell
14.10 Snæfell - Keflavík
15.35 Keflavík - Snæfell
17.20 Haukar - Valur
18.40 Valur - Haukar
20.10 Haukar - Valur
21.30 Valur - Haukar
22.55 Haukar - Valur
00.50 Valur - Keflavík. Leikur 3

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin


Við sýnum ábyrgð og stöndum með almannavörnum

Við aðlögum afgreiðslutíma verslana hratt og í samræmi við fyrirmæli yfirvalda. Við uppfærum upplýsingar um afgreiðslutímaá byko.is og á samfélagsmiðlum.


Við höfum skipt verslunum okkar á höfuðborgarsvæðinu í nokkur afmörkuð svæði fyrir viðskiptavinum okkar. Hvert svæði hefur sérinngang og ekki er hægt að fara á milli þeirra nema í gegnum inngang hvers svæðis fyrir sig. Að tilmælum yfirvalda gætum við þess að einungis 20 einstaklingar eru inni á hverju svæði á hverjum tíma.

Við höfum stóraukið þrif í öllum verslunum okkar og hafa viðskiptavinir aðgang að handspritti víða. Allar kerrur og aðrir snertifletir eru sótthreinsaðir reglulega af starfsfólki.

Breidd



Grandi



Til hagræðingar styttir BYKO afgreiðslutímann og eru verslanir opnar, einkum fyrir fagfólk, frá kl. 08:00 – 16:00 á virkum dögum og kl. 10:00 - 14:00 á laugardögum. Á sunnudögum verður lokað þar til mesta vörn er um garð gengin.

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT ALLA DAGA HEIM

Pantaðu fyrir kl. 14:00 alla daga vikunnar og þú færð vöruna **samdægurs** á höfuðborgarsvæðinu. Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr



Það er líka enn hægt að

PANTA & SÆKJA í BYKO Breidd

Hægt er að sækja pantanir í BYKO Breidd við vörumóttöku við suðurgöfl verslunar allt fram til 18:30 alla virka daga.

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Nína Richter og maðurinn hennar Kristján Hrannar Pálsson búa saman í Vesturbænum ásamt börnum sínum Vigdísi, 5 ára, og Helga sem er þriggja ára. Nína og Kristján eru bæði í tónlist en hann er meðal annars kórstjóri Óháða kórsins. Nína hefur lengi sungið en þau hafa nú samtvinnað fjölbætta hæfni sína í tónlistinni og hafa tekið lagið saman í beinni fyrir vini og vanda-menn. Þau ákváðu að láta ekki þar við sitja eftir góð viðbrögð og standa fyrir streymi á hverjum degi í hádeginu í þessari viku þar sem þau syngja og lesa sögur með börnunum, fullkomin afþreying fyrir fjölskyldur til að stytta stundir á þessum fordæmalausu tímum.

„Við höfum haft það mjög gott miðað við aðstæður. Við erum blessunarlega bæði með frekar sveigjanlega stundaskrá þessi misserin. Kristján er organisti og kórstjóri og ég er ljósmyndanemi og tónlistarkona í hjáverkum þannig að þetta kemur sennilega minna við okkur en marga sem eru í níu til fimm prógrammi. Ég veiktist af blóðeitrun í byrjun árs og lá inni á spítala í hálfan mánuð og þurfti að setja námið á pásu,“ segir Nína, sem var enn þá að ná sér af veikindunum þegar leikskólaverkfallið skall á.

„Svo kom samkomubannið í nánast beinu framhaldi. Leikskólinn er með fjöldatakmörkun og börnin hafa því nánast ekkert verið þar og það verður þannig næstu vikurnar. Þannig að það er engin svakaleg breyting á okkar furðulega hversdegi það sem af er ári,“ bætir hún við.

Heimaleikskólinn á Holtsgötu
Hún segir fjölskylduna afskaplega heppna að búa svo nálægt sjávarsíðunni og því séu fjöruferðir vinsælar.

„Ég er búin að fara í feluleik. Ég var að lita mynd af páskaeggj og prinsessu. Ég er búin að púsla og syngja. Við leikum okkur í garðinum með stóran stiga,“ segir Vigdísi, en Helgi bróðir hennar hefur líka verið duglegur.

„Ég er búinn að lita pabba og páskaegg,“ segir hann.

„Þau eru búin að lesa yfir sig af Línu Langsokk og hafa bætt svolitíð í prakkarastrikin,“ bætir móðir þeirra við.

Nína segir þau reyna eftir fremsta megni að halda í rútinuna.

„Við köllum það heimaleikskólann. Krökkunum finnst það brjálæðislega asnalegt en þau eru svona að komast yfir það. Þannig er alltaf ákveðinn rammi á tveggja klukkustunda fresti, til dæmis söngur eða sköpun eða frjáls leikur. Við höfum líka verið að prófa okkur áfram með dót sem er ekki dót, til dæmis að leika með kaffibaunir á borðinu og búa til myndir og form úr þeim,“ segir hún.

Kristján segir að þau séu nú þegar vön útiverunni og göðum göngu-túrum, enda séu þau billaus.

„Svo er auðvitað rosa mikilvægt að við fullorðna fólkíð komumst aðeins út í sitt hvoru lagi, hvort sem það er út að ganga eða bara inn í herbergi að lesa á Kyndlinum í ró og næði. Svona til að sinna sjálfum sér líka,“ bætir hann við.

Hugmynd frá Heiðriki

Nína var byrjuð að vinna í grín-veferíu um léleg kaup á netinu þegar leikskólinn fór í fri.

„Þannig að ég saltaði það verkefni í bili. Mig langaði að vera með einhvers slags performans þrátt fyrir það, tengjast fólk í gegnum einhverja sköpun. Það er gott fyrir hausinn. Það varð úr að við Kristján ákváðum að vera með tónleika



Nína, Helgi, Vigdísi og Kristján skemmta áhorfendum með söng og sögum á virkum dögum í hádeginu. FRÉTTABLAÐID/ANTON BRINK

Tónlistin magnað móteitur við flestu sem er glatað

Nína og Kristján eiga börnin Vigdísi og Helga. Fjölskyldan stendur fyrir skemmtilegu streymi í hádeginu alla virka daga þar sem þau syngja og lesa sögur með krökkunum. Það mætti komast svo að orði að hér sé hin íslenska Von Trapp fjölskylda mætt til leiks.

ÉG HELD AÐ ALDREI ÁÐUR HAFI ÖLL HEIMSBYGGÐIN VERIÐ SAMEINUÐ Í EINU VERKEFNI, NEMA KANNSKI STJÓRNLAUSRI NEYSLU Á DRASLI. ÞEGAR VEIRUNNI ER DRULLUSAMA UM LANDAMÆRI ÞÁ ÞARF OKKUR AÐ VERA SAMA UM ÞAU LÍKA.

Nína

á Instagram, eftir að krakkarnir sofna á kvöldin, þar sem við gerum ábreiður af popplögum í misvel heppnuðum útsetningum, svona eins og helmingurinn af þjóðinni virðist vera að gera,“ segir hún og brosir.

„Við erum búin að vera að spila saman í veislum og brúðkaupum í mörg ár og eigum ansi stóran lager af svoleiðis efni. Ég fékk hugmyndina frá færeyskum kunningja mínum, Heiðriki frá Heygum, sem hefur verið með Instagram-tónleika á hverjum einasta degi í nokkrar vikur,“ segir Nína.

„Svo var leikskólinn með sam-söng í gegnum Zoom um daginn og ég fann að börnin voru edlilega spennt fyrir samveru með öðrum börnum. Í kjölfarið sáum við foreldra á Twitter kalla eftir samsöng fyrir yngstu börnin. Við erum hvort eð er að syngja og tralla með þeim herna heima nánast daglega þannig að við ákváðum að senda það bara út,“ segir Kristján.

„Samkeppnin um athygli á netinu hefur sennilega sjaldan verið meiri,“ segir Nína og hlær. „En fólk er þakklátt og ég held að flestir foreldrar séu þreyttir. Þetta er svakalegt álag fyrir marga, fólk er að vinna mikið eða jafnvel að missa vinnuna og er síðan að takast á við veikindi eða heilsukvíða fyrir eigin hönd eða annara ofan á það. Þetta er að mörgu leyti svo glatað ástand og tónlist er magnað móteitur við flestu sem er glatað.“

Sjónvarpið fór í páskafrí

Kristján hefur nýtt tímann í að hreinskrifa nótur í tónverk sem hann er að klára.

„Það eru engar kóræfingar eða messur og engin gígg en maður getur verið að æfa sig á orgelið ef maður hefur tíma.“

„Aukatíminn er aðeins takmarkaður með krakkana heima allan daginn en ég ákváð nú samt að skrá mig í pínulítið vafasamt diplómanám í ritlist í einhverjum

bandarískum vefskóla og sinna sjálfri mér þannig, auk þess að vera dugleg að fara út að taka myndir af mannláusri borg með hljóðbækur í eyrunum,“ segir Nína.

Þau segja vonast til að aðstæður á landinu muni breytast svo þeim verði fært að túra um landið í sumar með frumsamið orgelverk eftir Kristján við myndbandslistaverk eftir Nínu.

„Við erum í viðræðum við sýningarhóp sem er tengdur við Norræna safnið í Seattle og við ætlum að vera þar í haust en veiran hefur frestað öllu,“ segir Kristján.

„Kannski tekst mér að gefa út einhvers konar skáldsögu þegar þessu lýkur. Ég lofa að hún fjallar ekki um veirusmit. Þetta jólabókafloð í desember verður einhverjar náttúruhamfarir. Ég held að allir séu að skrifa bók,“ segir Nína.

Nína og Kristján fóru frumlega leið til að hindra of mikið sjónvarpsgláp á heimilinu þessa dagana.

„Við vorum búin að vera í stríði við sjónvarpið, eins og margir foreldrar, og ákváðum að senda það í geymslu upp á háloft. Við sögðum krökkunum að sjónvarpið hefði farið ásamt tölvunni í páskafrí,“ segir Nína. „Sjónvarpið fór í hesthúsið að hvíla sig,“ segir Helgi við mómmu sína.

Veirunni sama um landamæri
Tónleikarnir og streymingin hafa hing-

að til gengið afskaplega vel og þau segjast bara hafa gaman af því með öðrum þegar eitthvað fer úrskendið.

„Það er annars ótrúlega skemmtilegt að vera í svona gagnvirku sambandi við áhorfendur, til dæmis kom sjálfur Einar Ágúst úr Skítamóral á stafræna tónleika hjá okkur núna í síðustu viku og við sungum Farin fyrir hann. Það var einstaklega illa flutt en ógeðslega skemmtilegt. Ég bið hann hér með afsökunar á þessu,“ segir Nína.

Þau segjast bæði sannfærð um að þessir flóknu tímar muni hafa varanleg áhrif á hegðun mannkynsins þegar þetta er loks yfirstaðið.

„Hvað okkur sjálf varðar hefur neyslan okkar breyst. Við skipuleggjum matarinnkaupin betur og förum sjaldnar út í búð. Tíminn nýtist líka betur og við erum betur meðvitun um alla rútinu,“ segir Kristján.


„Umfram allt finnst mér andrúmsloftið hafa breyst, ekki bara hér á landi heldur á heimsvísu. Ég held að aldrei áður hafi öll heimsbyggðin verið sameinuð í einu verkefni, nema kannski stjórnláusri neyslu á drasli. Þegar veirunni er drullusama um landamæri þá þarf okkur að vera sama um þau líka,“ segir Nína.

Hægt er að fylgjast með fjölskyldunni í beinni í hádeginu í dag á Instagramminu Krakkastund. steingerdur@frettabladid.is

SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ

VERÐHRUN Á TUGUM VÖRUNÚMERA
3 VERÐ



99 kr



499 kr



999 kr



HITAÐU FROSNU PIZZUNA
OG TAKT'ANA MEÐ HEIM
ÓDÝRSTA TAKE-AWAY PIZZAN



ÓDÝRUSTU PÁSKAEGGIN – ÓDÝRUSTU PÁSKAEGGIN

GÓU PÁSKAEGG

GÓU HRAUN EGG - NR. 5 ^{450G}

1.649kr.

APPOLO FYLLT LAKKRÍS EGG - NR 5 ^{450G}

1.829kr.

NÓI PÁSKAEGG

NÓI PÁSKAEGG NR.4 ^{325G}

1.519kr.

NÓA TROMP PÁSKAEGG ^{550G}

2.385kr.

FREYJU PÁSKAEGG

FREYJU RÍSEGG MEÐ SALTKARAM. NR.9 ^{550G}

2.359kr.

FREYJU SMART DÝR UEGG NR.9 ^{550G}

2.359kr.



Bit með fyrirvara um villur. Gildir á meðan birgðir endast nema að annað sé tekið fram.



PANTAÐU Á NETINU
FÁÐU SENT EÐA ÞÚ SÆKIR
SUPER1.IS

HALLVEIGARASTÍGUR 1 | 101 REYKJAVÍK | SUPER1.IS

OPIÐ
ALLA PÁSKANA
24/7

FRÍTT KAKÓ OG KAFFI

Í EINUM GRÆNUM



Renndu við í næstu verslun okkar og gríptu með þér rjúkandi bolla af kakó eða kaffi í okkar boði.

Hlökkum til að sjá þig.

1011



Suðurnesjamenn komnir á bragðið. Valdimar Guðmundsson og Ásgeir Aðalsteinsson úr hljómsveitinni Valdimar ásamt þeim Sturlaugi Jóni Björnssyni og Halldóri Darra Guðjónssyni bruggara. MYND/ HARALDUR JÓNASSON

Undraland Valdimars

Valdimar Guðmundsson og samnefnd hljómsveit hafa í samstarfi við Borg Brugghús, gert Undraland Nr. C26 eftir samnefndri plötu sem kom út fyrir áratug. Björinn er af kveik stíl, sem fáir þekkja.

Mamma Stulla kenndi mér á básúnu, auk þess var ég meðlimur í lúðrasveitinni og léttisveitinni í tónlistarskólanum sem hún einmitt stjórnaði. Stulli spilaði á horn í lúðrasveitinni og mig minnr að hann hafi líka spilað á barítón saxófón í léttisveitinni. Þannig að við erum búnir að þekkjast lengi," segir Valdimar Guðmundsson, tónlistarmaður og bjóráhugamaður. Hann og Sturlaugur Jón Björnsson, eða Stulli, bruggmeistari Borgar, eru báðir úr Keflavík og segir Valdimar að móðir Stulla hafi verið sér sem önnur móðir á tímabili.

Valdimar er þó ekki hinn venjulegi bjóráhugamaður því hann hefur nú setið og hugsað um sinn eigin bjór – sem hann ætlaði að frumsýna á stórtónleikum hljómsveitarinnar í tilefni af áratugarafmæli hennar. Það eru jú tíu ár síðan Undraland kom út sem er ekkert minna en frábær plata. Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar og plöturnar orðnar fjórar. Eins og með flest annað hefur tónleikunum verið frestað til 12. september.

„Við vorum mjög ánægðir með

VIÐ VORUM MJÖG ÁNÆGÐIR MEÐ AÐ BORG SKYLDI VERA TIL Í AÐ FAGNA AFMÆLINU MEÐ OKKUR OG ERUM MJÖG ÁNÆGÐIR MEÐ ÚTKOMUNA, ÞVÍ ÞETTA ER FRÁBÆR BJÖR.

Valdimar Guðmundsson

að Borg skyldi vera til í að fagna afmælinu með okkur og erum mjög ánægðir með útkomuna, því þetta er frábær bjór," bætir hann við.

Undraland er flokkaður sem svokallaður Kveik IPA sem er samsuða af tveimur björstilum. IPA eða India Pale Ale er trúlega eitthvað sem flestir Íslendingar kannast orðið vel við.

Sturlaugur segir að sá stíll eigi alla jafna við um flest mikið humlað öl. Kveik er þó öllu minna þekktur björstíll hér á landi. „Við höfum þó áður sent frá okkur í hið minnsta tvo bjóra sem flokkast sem Kveik. Nafnið er tekið af ákveðnum norskum gerstofnum sem þekktir

Heimsmetið

Valdimar upplýsti á Twitter eftir Föstudagskvöld með Gumma Ben og Sóla Hólm að líklega hefði hann spilað lagið Yfirgefinn níu og hálfu sinni. Hann minnst þess ekki að hafa sungið það svo oft á einum degi áður og því hljóti mjög líklega að vera um heimsmet að ræða. Enginn efaðist um heimsmetið.

eru sem svokölluðu sveita- eða farmhouse ger.

Kveik á sér talsverða sögu í Norgei og sagan segir meðal annars að hefðin sé að bruggarar öskri á eftir gerinu á leiðinni í gerjunartankinn til að kveða í burtu illa anda. Við gerum það að sjálfsögðu svo þetta endi ekki í einhverju rugli," segir Sturlaugur.

Í Undralandi Valdimars eru básúnaðir margslungnir bragðtaktar en í björnum má finna meðal annars kókos, ananas, appelsínu og læti. Alveg bullandi Lalalalalæti, eins og sungið var svo eftirminnilega í laginu Yfirgefinn. Syngið með. benediktboas@frettabladid.is

Kaffi dagar

Allar kaffivörur
MED 10-50% AFSLÆTTI
Aðeins í nokkra daga!



**Kaffivélar, sjálfvirkar
kaffivélar, espressovélar,
kaffikvarnir, pressukönnur,
espressokönnur, kaffibox,
kaffikönnur, hitabrúsar,
flounarkönnur og
margt fleira.**



BRAUN

DeLonghi



Saeco

PHILIPS

SEVERIN



Sage

wilfa

bodum

Sjáðu allt úrvalið á
www.byggtogbuid.is

byggtogbúid

KRINGLUNNI • SÍMI 568 9400 • BYGGTOGBUID.IS



BAUHAUS®



Q2200 gasgrill

1 brennarar. Styrkur: 3,52 kW. Grillflötur: 54 x 39 cm. Grillgrind úr postulínsgerlungshúðuðu steypujárni. Lok og botn úr steypu áli. Þrýstihnappskeiðing.

Yfirbreiðsla.....4.595.-

42.995.-

~~54.995.-~~



California heitur pottur

200 x 200 x 82 cm. 6 sæti þar af 1 hægindasæti, 4 venjuleg sæti og 1 barnasæti. 23 stútar og 2 loftbólustútar. Háeinangrað gæðahráefni, slitþolið og viðhaldsfrítt ytra byrði. Með lýsingu undir vatnsborði, síuhylki/háf að ofan, öryggishitaelementi, bandarískri Balboa CPU siustýringu og einangrunarloki.

449.995.-

~~499.995.-~~

FRÖSLEV
Pallaefni, lerki
28 x 115 mm.
Verð á m.

595.-

~~645.-~~

Opnunartími um páskana:

Skírdagur..... 10-18
Föstudagurinn langi.....Lokað
Laugardagur 11. apríl.... 10-18
Páskadagur.....Lokað
Annar í páskum 10-18

PÁSKAVEISLAN ER BYRJUÐ!

Hefur þú séð nýja **BAUHAUS** blaðið?
Skoðaðu úrvalið í blaðinu og í verlsuninni!



PÁSKAGLEÐI
25%
afsláttur af
öllum
garðhúsgögnum
m.v. almennt verð



PÁSKAGLEÐI
25%
afsláttur af
málningu og viðarvörn frá
Sadolin og Pinotex
m.v. almennt verð




OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

HRINGDU OG PANTAÐU!

Síminn er 515-0800 eða sendu póst á simaver@bauhaus.is alla virka daga á milli 08.00 – 18.00 svo sækirðu til okkar eða færð sent! Einfaldara verður það ekki!



PÁSKAGLEÐI
20%
afsláttur af
öllu frá IBF
m.v. almennt verð



Gifsplata
12,5 x 1.200 x 2.700 mm. Gæðavara í 1. flokki, til klæðningar. Verð á plötu.

1.780,-

~~2.225,-~~

12,5 x 1.200 x 3.000 mm.....2.555,- 2.044,-



PÁSKAGLEÐI
20%
afsláttur af
öllu einangrunarefni frá
Steinull HF og Rockwool
m.v. almennt verð

VIÐ HJÁLPUM ÞÉR MEÐ VERKEFNIÐ ÞÍÐ!



PÁSKAGLEÐI
20%
öllum hurðum
og körmum frá
Swedoor
m.v. almennt verð



PÁSKAGLEÐI
25%
afsláttur af
öllu parketi
m.v. almennt verð



PÁSKAGLEÐI
25%
afsláttur af
öllum gluggum
m.v. almennt verð

MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!





Ertu búinn
að sjá nýja
bæklinginn?



Víkurhvarf 6 • 203 Kópavogur
Sími 557 7720 • www.vikurverk.is

BAKÞANKAR

Davíðs
Þorlákssonar



Hugmyndafræði hamfara

Það hefur örlað á þórðar-
gleði hjá sumum sem hafa
verið andsnúin frjálsu og
opnu markaðshagkerfi. Þeim
finnst fjöldauppsagnir vegna
faraldursins vera til marks um
að það gangi ekki upp. Þegar
landamærum er lokað og sam-
komu-, og jafnvel útgöngubann,
er í flestum löndum þá fer allt
samfélagið á hliðina, þar á meðal
atvinnulífið. Það er þó ekki þar
með sagt að samfélag manna,
eins og við þekkjum það, gangi
ekki upp. Bæði ríkið og atvinnu-
lífið hafa alltaf mikilvægu
hlutverki að gegna, ekki síst við
þessar aðstæður.

Efnahagsaðgerðir ríkisins
snúa fyrst og fremst að því að
verja störf. Til þess að verja störf
er nærtækast að reyna að auð-
velda fyrirtækjum að reka sig.
Aðgerðirnar snúa að miklu leyti
að því að minnka og biða með
skattheimtu. Það er nægt svig-
rúm til þess, enda er Ísland eitt af
þremur löndum heims þar sem
hið opinbera tekur mest til sín
sem hlutfall af landsframleiðslu.

Atvinnulífið mun leika lykil-
hlutverk í þeirri endurreisn sem
er fram undan. Séu því búin
viðunandi rekstrarskilyrði þá
mun það skapa fleiri störf fyrir
almenning og skatttekjur fyrir
hið opinbera. Störf og skattar
eru grundvöllur að velferð og
hagsæld allra landsmanna. Því
öflugra sem atvinnulífið er því
meiri eru lífsgæði allra.

Fréttir af andláti kapitalism-
ans eru því stórlega ýktar. Það er
líka ágætt að hafa það í huga að
ef þér finnst að hugmyndafræðin
þín gangi bara upp u.þ.b. einu
sinni á öld í heimsfaraldri, þá er
hún líklega ekki skynsamleg.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

LION BAR
WHITE
42 G

99

KR/STK
2557 KR/KG



Kvikk
ON THE GO



Lífið er dauðans alvara

Andspænis dauðanum áttar Benedikt sig á því að hann
hefur kastað lífi sínu á glæ. Til að bæta upp fyrir það
ákveður hann að skipuleggja og vera viðstaddur eigin
jarðarför. **Jarðarförin mín** er gráglettin þáttaröð þar sem
Þórhallur Sigurðsson sýnir á sér nýja hlið.

Öll þáttaröðin er komin í **Sjónvarp Símans**
Premium en fyrsti þáttur verður sýndur
í opinni dagskrá á páskadag **kl. 20.00.**



JARÐARFÖRIN MÍN

NÝ LEIKIN ÞÁTTARÖÐ

siminn.is

Dolce
Gusto